allt
HERA ÓLAFSDÓTTIR
*Þeysist um í vinnunni*
• heilsa
Í MIÐJU BLAÐSINS ▶



REGGÍSVEITIN HJÁLMAR
*Tekur upp plötu á Flúðum*
ENDA MEÐ 200 MANNA BALLI Í FÉLAGSHEIMILINU
TÓNLIST 26 ▶



EDDA HRUND HARÐARDÓTTIR
*Daðraði við Sean Connery*
SAGÐIST EKKI VERA BOND-STÚLKA
FÓLK 30 ▶



FRÉTTABLAÐIÐ
FRÍTT

9. ágúst 2005 - 212. tölublað – 5. árgangur
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI
Sími: 550 5000

## ÞRIÐJUDAGUR

### Stingur af í tilefni dagsins

Eiríkur Smith Finnbogason listmálari er áttræður í dag. Hann fagnar því að vera við góða heilsu og hafa nóg fyrir stafni. Hann er í óðaönn við að undirbúa sýningu í Hafnarborg. Þess á milli dúllar hann sér í golfi til að halda sér sprækum.



TÍMAMÓT 18

### Geimferjuáætlun í lausu lofti

Lendingu bandarísku geimferjunnar Discovery var frestað um einn dag í gær vegna veðurs. Þótt búist sé við vel heppnaðri lendingu í dag hefur NASA samt ákveðið að hætta notkun geimferjanna um óákveðinn tíma. Saga geimferjanna hefur verið þyrnum stráð og vera má að senn sé hún öll.



BAKSVIÐ 12

### Bo skellti gömlu félögunum

Framarar unnu í gær góðan 2–1 sigur á Val með tveimur mörkum Danans Bo Henriksen, sem lék með Val fyrr í sumar. Forysta FH á toppnum er fyrir vikið orðin níu stig og virðist það forskot nú óyfirstíganlegt.



ÍÞRÓTTIR 22

### VEÐRIÐ Í DAG




**SKÚRIR SUNNAN OG VESTAN** Bjart með köflum á Norðaustur og Austurlandi. Hlýtt í veðri og má búast við hita á bilinu 12-20 stig, hlýjast norðaustanlands.

VEÐUR 4




# Hafa tryggt sér þriðjung þeirra atkvæða sem þarf

**Ísland hefur loforð ríkisstjórna á fimmta tugs ríkja um stuðning við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna. Flest ríkin sem Ísland hefur stofnað til stjórnmálasambands við undanfarin misseri hafa gefið skriflegt loforð um að styðja framboð Íslands til öryggisráðsins.**

**ÖRYGGISRÁÐ** Tæplega fimmtíu ríki hafa veitt íslenskum stjórnvöldum skriflegt loforð um stuðning við framboð Íslands til öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna árið 2008, en kjörið gildir fyrir setu í ráðinu árið 2009 og 2010. Flest eru þau í hópi ríkja sem Ísland hefur stofnað stjórnmálasamband við á undanförnum misserum.

Framboð Íslands til öryggisráðs SÞ hefur yfirleitt verið kynnt um leið og stjórnmálasamband hefur verið tekið upp við viðkomandi ríki. Samkvæmt opinberum upplýsingum utanríkisráðuneytisins hefur verið tekið upp stjórnmálasamband við 54 ríki frá september 2003.

Stofnun stjórnmálasambands er engin trygging fyrir stuðningi við aðildarumsókn Íslands um sæti í öryggisráðinu og því er leitast við að afla skriflegra loforða. Til að eiga möguleika í fyrstu umferð þarf Ísland að tryggja sér atkvæði að minnsta kosti 120 af um 190 aðildarlöndum eða tveggja þriðju hluta.



**HALLDÓR** Ræðir öryggisráðið á leiðtogafundi Sameinuðu þjóðanna í næsta mánuði.



**DAVÍÐ** Líklegt að utanríkisráðherra ákveði að framboð Íslands til öryggisráðsins standi.

Davíð Oddsson utanríkisráðherra sagði á alþingi í lok apríl að ef halda ætti framboðinu til öryggisráðsins áfram mætti ekki bíða mikið lengur með að hefja kosningabaráttuna af fullum krafti við Tyrki og Austurríkismenn.

Leiðtogar aðildarþjóða Sameinuðu þjóðanna koma saman til fundar í New York dagana 14. til 16. september næstkomandi um leið og allsherjarþingið verður sett. Staðfest er að Halldór Ásgrímsson forsætisráðherra sæki fundinn og gert er ráð fyrir því að Davíð Oddsson utanríkisráðherra verði einnig viðstaddur setningu allsherjarþingsins.

Á fundi leiðtoganna er meðal annars ráðgert að ræða fjölgun þjóða í öryggisráðinu. Fyrir liggur tillaga um að Indland, Japan, Brasilía og Þýskaland öðlist þar fasta fulltrúa. Ráðgert er einnig að auka hlut Afríkuþjóða í ráðinu en þær hafa ekki náð samkomulagi um það sín á milli hvaða þjóðir eigi að sitja í ráðinu.

Eftir því sem Fréttablaðið kemst næst er ákvörðunar að vænta um framboð Íslands til öryggisráðsins á næstunni enda talið óheppilegt að mæta til leiks í New York í næsta mánuði án þess að hafa tekið ákvörðun um framboðið.

- jh

Sjá lista yfir ríki sem tekið hefur verið upp stjórnmálasamband við á síðu 2




FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM GUNNARSSON

**GENGIÐ FRAM HJÁ LOKUÐUM LAUGAVEGINUM** Framkvæmdir við Laugaveg milli Barónsstígs og Snorrabrautar hófust í gær og verður hluti Laugavegs lokaður fyrir bílaumferð fram í nóvember. Lífgað verður upp á götuna og bílastæðakjallari með 200 bílastæðum byggður.

Laugavegi lokað:

## Sátt þrátt fyrir ónæði og tafir

**FRAMKVÆMDIR** Laugavegur milli Barónsstígs og Snorrabrautar var lokaður fyrir allri bílaumferð í gær og verður ekki opnaður aftur fyrr en eftir þrjá mánuði.

„Við fögnum því að verið sé að laga og bæta þennan hluta Laugavegarins auk þess sem viðskiptavinir okkar munu njóta góðs af bílastæðakjallaranum,“ segir Sigrún Davíðsdóttir, framkvæmdastjóri hárgreiðslustofunnar Toni&Guy. „Hins vegar er ekki hægt að neita því að framkvæmdir við götuna geta valdið okkur ónæði og töfum.“

„Við lífgum upp á götuna með fallegri hellulögn og trjám, auk þess sem lagnir verða endurnýjaðar og rafmagns- og símalínur bættar,“ segir Þór Gunnarsson hjá framkvæmdasviði Reykjavíkur.

- ht

Kofi Annan vissi meira um þátt sonar síns en hann hafði látið í ljós:

## Stjórnendur fengu tugmilljóna mútur

**BANDARÍKIN** Alexander Jakovlev lýsti sig í gær sekan um samsæri, peningaþvætti og fjármálamisferli í tengslum við störf sín sem einn af yfirmönnum áætlunar Sameinuðu þjóðanna sem átti að gera Írökum kleift að selja olíu í skiptum fyrir mat og lyf meðan þeir sættu viðskiptabanni.

Rannsókn nefndar sem sett var á fót til að fara yfir ásakanir um misferli leiddi í ljós að Jakovlev hafði þegið um sjötíu milljónir króna í mútur. Kofi Annan, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, samþykkti að létta af friðhelgi sem Jakovlev naut og var hann þá handtekinn. Benon Sevan, fyrrum framkvæmdastjóri, tók við andvirði um 20 milljóna króna í mútugreiðslur og hefur verið farið fram á að hann verði einnig sviptur friðhelgi svo hægt sé að yfirheyra hann.

Rannsóknin hefur enn fremur leitt í ljós að Annan sjálfur vissi meira um komu sonar síns Kojo Annan að áætluninni en hann hefur áður látið í ljós og hafa frekari spurningar vaknað við þá uppgötvun. Paul Volcker, formaður rannsóknarnefndarinnar, segir að þeim spurningum verði svarað í næstu skýrslu nefndarinnar sem er að vænta í næsta mánuði. ■



**PAUL VOLCKER** Formaður rannsóknarnefndarinnar sagði í fyrsta sinn sýnt fram á hvers vegna Benon Sevan þáði mútur. Hann átti við fjárhagserfiðleika að stríða áður en spillingin í tengslum við olíusöluáætlunina hófst.

Tilkynning

Hyundai annar söluhæsti bíllinn

Alls hafa um 900 Hyundai bílar selst það sem af er árinu og hefur sala þeirra allt að því tvöfaldast miðað við fyrstu sjö mánuði síðasta árs. Þessi mikla söluaukning gerir að verkum að Hyundai er nú annar söluhæsti bíll markaðarins, með 7,8% markaðshlutdeild og hefur merkið þar með hækkað sig um tvö sæti á milli ára, skv. upplýsingum Bílgreinasambandsins um sölu nýrra bíla. Þá er Hyundai með langstærstu markaðshlutdeildina í flokki sportjeppa og jepplinga eða tæplega fjórðungs hlut.



B&L - Grjóthálsi 1 - 110 Reykjavík - Sími 575 1200
Opið virka 10 til 18 og laugardaga frá 12 til 16



## SPURNING DAGSINS

*Jón, er allur vindur úr ykkur?*

„Við erum aldrei sprækari en eftir súrefnisríkan dag.“

Jón Gunnarsson er framkvæmdastjóri Slysavarnafélagsins Landsbjargar, sem sinnti tugum hjálparbeiðna í ofsaveðri á sunnudag.

Viðkvæm staða í viðræðum um framtíð R-listans:

# Getur brugðið til beggja vona

**BORGARSTJÓRNARKOSNINGAR** Viðræðunefnd um R-lista kemur saman í dag en á fundi hennar kann framtíð Reykjavíkurlistans að ráðast.

Fulltrúar Framsóknarflokksins hafa lagt fram mismunandi tillögur í sumar og lýst vilja til áframhaldandi samstarfs. Fulltrúar Vinstri-grænna hafa frá upphafi lagt áherslu á jafnræði milli flokkana innan R-listans enda sé listinn sjálfstæður framboðslisti. Fulltrúar Samfylkingarinnar hafa lítið tjáð sig um viðræðurnar en bent á mikið fylgi flokksins og stærð hans.



**RÁÐHÚS REYKJAVÍKUR** Það hriktir í stoðum R-listans í innbyrðis átökum samstarfsflokkanna um skiptingu efstu átta sætanna á framboðslista.

Tillaga sem tíðust er nefnd um áframhaldandi samstarf gerir ráð fyrir því að Framsóknaflokkurinn fái tvö af efstu átta sætunum en Samfylkingin og Vinstri-grænir þrjú sæti hvor. Í krafti stærðarinnar komi borgarstjóraefnið úr röðum Samfylkingarinnar. Verði niðurstaðan á þessa leið þarf Samfylkingin að velja borgarstjóraefni úr sínum röðum.

Fylgiskannanir benda til þess að Sjálfstæðisflokkurinn í Reykjavík hafi aukið fylgi sitt að undanförnu og hafi nú ívið betri stöðu en óbreyttur R-listi. - jh

Raftækjarisinn Dixons:

# Hættur sölu filmuvéla

**BRETLAND** Sömu örlög bíða venjulegra myndavéla og venjulegra myndbandstækja en fleiri og fleiri verslunarkeðjur erlendis hafa hætt sölu á myndavélum sem nota filmur.

Stjórnendur verslanakeðjanna veðja þess í stað á áframhaldandi sigurgöngu stafrænna myndavéla en síðast í gær tilkynnti ein stærsta keðja Bretlands, Dixon's, að í framtíðinni yrðu venjulegar filmuvélar ekki seldar þar lengur. Áður hafa allnokkrar verslanir vestanhafs tekið sömu ákvörðun. Hér eftir selur Dixon's myndavélar fyrir filmur aðeins í búðum sem áhugamenn um filmumyndavélar sækja. ■



**FUGLAFLENSAN SKÆÐA** Vísindamenn hafa nú fundið áhrifaríkt bóluefni gegn flensunni.

Uppgötvun vísindamanna:

# Bóluefni gegn fuglaflensu

**BANDARÍKIN** Bandarískum vísindamönnum hefur tekist að þróa bóluefni handa fólki til að sporna gegn fuglaflensu að því er talsmenn bandaríska heilbrigðisráðuneytisins segja.

Í yfirlýsingu ráðuneytisins segir að fjöldaframleiðsla á bóluefninu hefjist að nokkrum vikum liðnum en efnið hefur reynst afar áhrifaríkt í tilraunum. Talsvert hefur verið fjallað um hættuna af því að fuglaflensa berist hratt milli manna takist henni að stökkbreyta sér. Reynist bóluefnið jafnvel og Bandaríkjamenn segja virðist sú ógn minni en áður var talið. ■

Árekstur við Reykhóla:

# Nafn piltsins sem lést

**BANASLYS** Pilturinn sem lét lífið þegar vélhjól sem hann ók lenti í árekstri við bifreið við Reykhóla á Vestfjörðum hét Máni Magnússon. Hann var sextán ára gamall. ■

# Lækkun matarskatts getur aukið skattsvik

**Samtök verslunar og þjónustu segja of mikla lækkun virðisaukaskatts geta stuðlað að skattsvikum. Pétur H. Blöndal segir að lækkun virðisaukaskatts á matvæli sé ekki til að draga úr offituvandanum hér á landi.**

**SKATTAR** „Mér finnst það mjög einkennilegt að á sama tíma og verið er að ræða um offituvandamál hér á landi, þá standi jafnvel til að lækka neðra þrep virðisaukaskatts sem einkum leggst á matvæli. Íslenskar landbúnaðarvörur eru í þessum flokki og þær eru mjög fituríkar,“ segir Pétur H. Blöndal, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, vegna þeirrar umræðu sem nú er um að mögulega standi til að lækka neðra þrep virðisaukaskatts um allt að helming.



**PÉTUR H. BLÖNDAL** Pétur telur mikilvægt að fara varlega í að lækkun matarskatts.



**SIGURÐUR JÓNSSON** Sigurður telur mjög mikilvægt að afnema vörugjöld.

„Ef neðra þrepið yrði lækkað um helming og niður í sjö prósent eins og rætt hefur verið um, eykst líka hvatningin til að svíkja undan skatti því munurinn á sjö prósentunum og svo tuttugu og fjórum og hálfu prósenti er orðinn mjög mikill. Rökin með slíku eru þau að slíkar lækkanir kæmu þeim sem lægstar hafa tekjurnar til góða vegna þess að þeir eyða meira hlutfallslega af tekjum sínum í matvæli,“ segir Pétur.



**KEYPT INN TIL HEIMILISINS** Ein hugsanleg afleiðing þess að lækka lægra þrep virðisaukaskattsins er sú að fólk neyti meira af fituríkum íslenskum landbúnaðarafurðum segir Pétur H. Blöndal. Hann segir slíka breytingu líka auka hættuna á því að fólk svíki undan skatti.

Sigurður Jónsson, framkvæmdastjóri Samtaka verslunar og þjónustu, segir að samtökin hafi lagt til að allur matur yrði færður í eitt þrep því virðisaukaskattur á matvæli væri hér á landi með því hæsta sem gerðist í Evrópu að Danmörku undanskildu.

„Við værum hins vegar ekki mjög hrifnir af því að lækka þennan skatt um helming eins og rætt hefur verið um því þá er komið allt of breitt bil á milli skattþrepa. Eðlileg lækkun væri niður í um tólf prósent og meira máli skiptir líka að vörugjöldin séu tekin af. Of mikið bil eykur hættu á undanskotum auk þess sem vörugjöldin eru skattur,“ segir Sigurður. Hann segir vörugjöldin mismikil og þau séu mjög ósanngjörn. „Það leggst til dæmis 28 krónu vörugjald á kaffi og 35 krónur á te. Vörugjöldin eru eitthvað sem mikilvægt er að skoða núna þegar þessi mál eru á dagskrá,“ segir Sigurður.

hjalmar@frettabladid.is

**54 RÍKI HAFA TEKIÐ UPP STJÓRNMÁLASAMBAND VIÐ ÍSLAND Á FÁEINUM MISSERUM**

| | |
|---|---|
| Túvalú | júlí 2005 |
| Djibútí | júlí 2005 |
| Gabon | maí 2005 |
| Gvæjana | mars 2005 |
| Benín | febrúar 2005 |
| Vestur-Kongó | desember 2004 |
| Tógó | nóvember 2004 |
| Kómoreyjar | nóvember 2004 |
| Súrínam | október 2004 |
| Samóa | október 2004 |
| Máritanía | október2004 |
| Palá | október2004 |
| Eritrea | október2004 |
| Senegal | apríl 2004 |
| Gínea Bissá | september 2004 |
| Vanúatú | september 2004 |
| Hondúras | september 2004 |
| Bólivía | sept.2004 |
| Miðbaugs Gínea | september 2004 |
| Laos | september 2004 |
| Papúa Nýja Gínea | ágúst 2004 |
| Sambía | júlí2004 |
| Malí | júlí2004 |
| Dóminíka | júní 2004 |
| Gínea | maí 2004 |
| Rúanda | maí 2004 |
| Gambía | maí 2004 |
| St.Kristofer / Nevi | maí 2004 |
| Sýrland | apríl 2004 |
| Tsjad | apríl 2004 |
| Líbía | mars 2004 |
| Máritíus | mars 2004 |
| Afganistan | mars 2004 |
| Paragvæ | mars 2004 |
| Antigva/Barbúda | mars 2004 |
| Nárú | febrúar 2004 |
| Ekvador | desember 2003 |
| Austur-Tímor | desember 2003 |
| Mósambík | nóvember 2003 |
| Bosnía Hersegóvína | nóvember 2003 |
| Kúvæt | nóvember 2003 |
| Burkína Faso | nóvember 2003 |
| Armenía | nóvember 2003 |
| Arabísku furstad. | október 2003 |
| Jamaíka | október 2003 |
| Kirgisía | október 2003 |
| Panama | október 2003 |
| Aserbaídsjan | október 2003 |
| El Salvador | október 2003 |
| Katar | október 2003 |
| Malaví | október 2003 |
| Srí Lanka | september 2003 |
| Malta | september 2003 |
| Filippseyjar | september 2003 |




Athugasemdir gerðar við störf þýskra stúlkna á kaffihúsi á Breiðdalsvík:

# Fengu greiddar 5.000 krónur á viku

**ATVINNUMÁL** Fulltrúar frá stéttarfélagi Vökuls á Hornafirði höfðu fyrir nokkru afskipti af störfum fjögurra þýskra stúlkna sem unnu á kaffihúsi á Breiðdalsvík á mun lægri töxtum en íslenskir kjarasamningar segja til um. Stúlkurnar hættu allar störfum í kjölfarið.

Að sögn Hjördísar Þóru Sigurþórsdóttur, formanns Vökuls, voru stúlkurnar hér á launum samkvæmt þýskum námssamningi sem gaf þeim rúmar fimm þúsund krónur í laun á viku. Eigandi kaffihússins, kona sem sjálf er af erlendu bergi brotin, taldi að þeir giltu hér á landi. Í ljós kom að svo var ekki og brást eigandinn skjótt við tilmælum stéttarfélagsmanna. Aðspurð sagðist hún ekki hafa þekkt íslenska kjarasamninga til hlítar. Nú starfar aðeins ein erlend stúlka hjá henni en sú er tilheyrir fjölskyldunni og fær greitt samkvæmt lögum. - aöe



**CAFE MARGRET** Þar störfuðu um hríð fjórar erlendar stúlkur á launum langt undir því sem lög segja til um. Eigandinn brást skjótt við tilmælum stéttarfélags á svæðinu.

# Gott hugarástand og getan í hámarki

Gateway

## GATEWAY M460X

Intel Pentium M 740 1.73GHz, 533MHz FSB, 2MB
1024Mb 533MHz DDR2 vinnsluminni
15,4" WXGA TFT skjár (1280x800)
128MB ATI Radeon X600 PCIx skjákort,
60GB harður diskur, kortalesari
8X DVD+/-RW Dual layer DVD skrifari
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100/1000 netkort
Microsoft Windows XP Professional
4xUSB 2.0/FireWire/snertimús, TV-Out
8 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð 36 x 26 x 3,4 sm / þyngd 2,8 kg
2 ára ábyrgð

**Verð 154.900 kr.**

Tölvukaupalán S24
Aðeins 4.950 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.




**Verð frá 94.900 kr.**

**10.000 kr. inneign fylgir hverri fartölvu**

ODDI

## GATEWAY M210S

Intel Celeron M 350 1.4GHz, 400 MHz FSB, 1 MB
512 Mb 333MHz DDR vinnsluminni
14" Widescreen TFT skjár (1280x768)
Intel Extreme 2 skjákort, TV-Out
40GB harður diskur, kortalesari
24x/8x DVD/CD-RW geisladrif
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100 netkort
Microsoft Windows XP Professional
3xUSB 2.0/FireWire/snertimús
6 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð 33 x 24 x 3,5 sm / þyngd 2,3 kg
2 ára ábyrgð

**Verð 94.900 kr.**

Tölvukaupalán S24
Aðeins 3.032 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.

## GATEWAY M360S

Intel Celeron M 360 1.4GHz, 400 MHz FSB 1MB
512 Mb 333MHz DDR vinnsluminni
15,4" WXGA TFT skjár (1280x800)
Intel Extreme 2 skjákort, TV-Out
40GB harður diskur, kortalesari
24x/8x DVD/CD-RW geisladrif
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100 netkort
Microsoft Windows XP Professional
4xUSB 2.0/FireWire/snertimús
6 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð 36 x 26 x 3,4 sm / þyngd 2,8 kg
2 ára ábyrgð

**Verð 109.900 kr.**

Tölvukaupalán S24
Aðeins 3.512 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.

## GATEWAY M360X

Intel Pentium M 735 1.7GHz, 400 MHz FSB
512 Mb 333MHz DDR vinnsluminni
15,4" WXGA TFT skjár (1280x800)
Intel Extreme 2 skjákort, TV-Out
60GB harður diskur, kortalesari
8X DVD+/-RW Dual layer DVD skrifari
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100 netkort
Microsoft Windows XP Professional
4xUSB 2.0/FireWire/snertimús
8 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð 36 x 26 x 3,4 sm / þyngd 2,8 kg
2 ára ábyrgð

**Verð 124.900 kr.**

Tölvukaupalán S24
Aðeins 3.991 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.

## GATEWAY M680XL

Intel Pentium M 750 1.86GHz, 533MHz FSB, 2MB
1024Mb 533MHz DDR2 vinnsluminni
17" Ultrabright WSXGA+TFT skjár (1680x1050)
128MB ATI Radeon X700 PCIx skjákort, TV-Out
100GB harður diskur, kortalesari
8X DVD+/-RW Dual layer DVD skrifari
Þráðlaust netkort (b/g)
10/100/1000 netkort
Microsoft Windows XP Professional
4xUSB 2.0/FireWire/snertimús/talnaborð
8 Cell Lithium Ion rafhlaða (1 árs ábyrgð)
Stærð 41 x 27 x 3,5 sm / þyngd 3,5 kg
2 ára ábyrgð

**Verð 199.900 kr.**

Tölvukaupalán S24
Aðeins 6.387 kr.
meðalgreiðsla á mán.
í 36 mánuði.

**Verslun Odda • Borgartúni 29 • Sími 515 5170 • Opið mán. - fös. 8-18, lau. 10-17 og sun. 13-17 • www.oddi.is**

## GENGIÐ

GENGI GJALDMIÐLA 08.08.2005

| | | KAUP | SALA |
|---|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | USD | 63,32 | 63,62 |
| Sterlingspund | GBP | 113,21 | 113,77 |
| Evra | EUR | 78,4 | 78,84 |
| Dönsk króna | DKK | 10,506 | 10,568 |
| Norsk króna | NOK | 9,889 | 10,947 |
| Sænsk króna | SEK | 8,406 | 8,456 |
| Japanskt jen | JPY | 0,5671 | 0,5705 |
| SDR | XDR | 92,95 | 93,51 |

*Gengisvísitala krónunnar*
**109,1193**

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Sex bræður réðast í hafnarframkvæmdir í Ísafjarðardjúpi:

# Byggðu höfn við túnfót móður sinnar

**FRAMKVÆMDIR** „Þetta er svona eins og bílastæðið okkar við húsið hennar mömmu,“ segir Sveinn Lyngmo byggingatæknifræðingur, sem hefur hannað höfn við Höfðaströnd við Ísafjarðardjúp ásamt sex bræðrum sínum. Sveinn segir þá flesta hafa lagt hönd á plóg.

Móðir þeirra á jörð og hús við Höfðaströnd en þangað liggur engin vegur og ekkert hafnarstæði er í grenndinni.

„Áður en þessi bryggja kom þurftum við að láta bátinn liggja úti á legufærum og fara svo með farangur og vistir til lands á gúmmíbáti,“ útskýrir Sveinn.

Hafnarbakkinn samanstendur af fjórum röðum af fiskikörum sem hvíla hvert ofan á öðru og þegar flóð er nær dýpið í lóninu um tveimur metrum. Framkvæmdin er þó það mikil um sig að fimmtán tonna rækjubátur gat lagt við hana fyrir skemmstu. Annars vill Sveinn ekkert segja um það hversu stórum bátum er óhætt í lónið. „Við bræður komumst þetta á okkar Sómabát sem er um rúm fimm tonn en svo fer þetta bara hver og einn á eigin ábyrgð,“ segir hann. - jse



FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**HÖFNIN VIÐ HÖFÐASTRÖND** Ferðamenn virða fyrir sér höfnina sem reist hefur verið við afar frumstæðar aðstæður við Ísafjarðardjúp. Höfnin er fjögur fiskikör á hæðina.

Meintur kynferðisbrotamaður:

## Reyndi að ginna drengi til sín

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður er sagður hafa reynt að ginna þrjá drengi sem voru á leið í bíó í Smáralind fyrir helgi inn í bíl til sín. Enn sem komið er hefur engin kæra borist lögreglu en öryggisverðir í Smáralind tilkynntu um atvikið. Maðurinn mun hafa hringt í símasjálfsala sem drengirnir svöruðu og lofað þeim sælgæti kæmu þeir út í bíl til sín.

„Þetta mál er komið inn á borð til okkar og við erum að kanna hvort þetta eigi við rök að styðjast,“ segir Björgvin Björgvinsson, aðstoðaryfirlögregluþjónn í Hafnarfirði. Að sögn lögreglu hafa fleiri tilkynningar um svipuð atvik ekki borist enn sem komið er. - bs

## BANDARÍKIN

**LÉST Í HALDI WAL-MART** 31 árs gamall karlmaður lést í haldi öryggisvarða Wal-Mart vöruhússins í Houston í Texas, um helgina. Ekki er ljóst hvað olli dauða hans. Maðurinn hafði orðið uppvís að þjófnaði á ýmsum munum, til dæmis sólgleraugum og bleyjum, og var beðið eftir að lögregla hirti hann. Áður en hún kom á vettvang hætti maðurinn að anda og var hann látinn þegar lögregla kom á staðinn.

**BARÐI SONINN MEÐ RAFMAGNSSNÚRU** 33 ára kona frá Indianapolis er á flótta undan lögreglu en hún er sökuð um að hafa barið ellefu ára gamlan son sinn afar illa með rafmagnssnúra. Hún skipaði syninum að afklæðast og setjast í baðker þar sem hún lamdi hann með blautri snúrunni. Drengurinn flýði til nágranna sinna, illa útileikinn. Eftir að málið komst upp hóf lögregla leit að móðurinn en hún lét sig hverfa.

# Siglt fram á hvalshræ á floti á Faxaflóa

**Hvalaskoðunarmenn hafa tvívegis rekist á hvalahræ á floti síðasta mánuðinn. Leiðsögumaður á Hafsúlunni segir hræin koma frá hvalveiðimönnum. Gísli Víkingsson útilokar ekki að innyfli sem veiðimenn sökktu hafi flotið upp.**

**HREFNUVEIÐAR** „Það er alveg klárt að þetta eru fituleifar og innyfli úr veiddri hrefnu,“ segir Viðar Helgason, leiðsögumaður á hvalaskoðunarbátnum Hafsúlunni, en síðasta mánuðinn hafa hvalaskoðunarmenn rekist á tvö hvalahræ um það bil tveimur mílum utan við innsiglinguna í Reykjavík. Guðmundur Gestsson, framkvæmdastjóri Hvalstöðvarinnar, segir að hann geti ekki fært sönnur á að hræin komi af veiddri hrefnu en telur það þó mjög líklegt.

Gísli Víkingsson, sérfræðingur á Hafrannsóknarstofnun, segir hrefnuveiðimenn sökkva beinum og innyflum hrefnanna þegar búið er að vinna þær. Hann segir það gert á miklu dýpi og utan togslóða. „Það er búið svo um að innyfli eiga ekki að geta losnað og flotið upp en það er aldrei hægt að útiloka alveg að það komi fyrir,“ segir Gísli.

Hann segir þó að hrefnuveiðimenn hafi ekki veitt né sleppt hrefnum nálægt þeim slóðum þar sem hræin fundust og því telur hann mjög ólíklegt að hræin séu frá þeim komin. Hann bendir á að hvalspik geti flotið upp af sjálfdauðum hval og svo geti háhyrningar drepið og étið hrefnu og þar með skilið hræ eftir sig. Hann minnist þess að spik og innyfli úr hvölum hafi fundist á floti á meðan hvalveiðar voru ekki stundaðar.

Viðar segir þau vinnubrögð hrefnuveiðimanna að henda hrefnuhræjum í sjóinn vera afar slök. „Þetta er eins og að hreindýraskytta skilji hræið af hreindýrinu eftir í skóginum þegar hann hefur hreinsað af því kjötið sem hann vill hafa með sér heim,“ segir hann.

Hann segir að í fyrra hafi allt hræ verið tekið á land og undrast hann þessa nýbreytni. Gísli segir hins vegar aðeins sjö af tuttugu og fimm skepnum verið unnar í landi og var þá hræjunum fargað í Sorpu. Hann segir það mun eðlilegri frágangsmáta að skila hræjunum aftur í sjóinn, þó á þann veg að þær angri engan, heldur en að koma með þau í land. Hann segir þennan frágangsmáta tíðkast hjá til dæmis Norðmönnum og Japönum.

Fulltrúar hvalaskoðunarmanna hafa haldið því fram að hvalaskoðunarsvæðum en því hafa hvalveiðimenn neitað.

jse@frettabladid.is



**HVALHRÆ Á REKI** Það var ófögur sjón sem blasti við ferðamönnum sem fóru til að sjá lifandi hvali. Hvalveiðimenn sökkva innyflum hrefnunar með beinum hennar en ekki er útilokað að tvö þeirra hafi flotið upp, mávum og múkkum til ómældrar ánægju.



FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**HUNGUR Í MALÍ** Eins árs gamall sonur þessarar malísku konu er meðal þeirra sem þjást af vannæringu.

Neyðarástand í Malí:

## Rúm milljón er án matar

**MALÍ, AP** Hjálparstarfsmenn óttast að yfirvofandi hungursneyð í Malí falli í skuggann af nágrannalandinu Níger og landsmenn fái því ekki aðstoð fyrr en um seinan. Í Níger var ekki heldur brugðist við neyðarástandi fyrr en hungursneyð var skollin á og óttast menn nú að sagan endurtaki sig.

Um ellefu milljón manns búa í Malí og er talið að um 1,5 milljón þurfi á aðstoð að halda. Að sögn talsmanna Matvælaaðstoðar Sameinuðu þjóðanna hefur ekki tekist að safna nema um tuttugu prósent af því fé sem til þarf fyrir Malí, á meðan talsvert meira fé rennur til Níger. ■

## NORÐURLÖND

**VILJA UMRÆÐU UM HANSEYJU** Kanadamenn vilja að fram fari málefnaleg umræða um yfirráð yfir óbyggðu eynni Hans Ø. Danir og Kanadamenn hafa í áratugi deilt um hvorum eyjan tilheyrir, en hún er í hafinu milli Grænlands og Kanada. Danir standa þó fast á því að klettaeyjan tilheyri Grænlandi að því er fram kemur í Berlinske Tidende.






## VEÐRIÐ Í DAG

**HLÝTT Í VEÐRI**
Það ríkja suðlægar áttir með skúraleiðingum á Suður- og Vesturlandi en norðaustan og austan til ætti að verða þurrt og jafnvel ágætlega bjart. Vindurinn verður í lágmarki í dag og næstu daga.

**NÆSTA HELGI**
Á laugardeginum eru horfur á smálægð við landið sem valda mun skúraleiðingum á víð og dreif og heldur skýjuðu veðri. Á sunnudeginum eru horfur á að hann þorni upp með ágætlega björtu veðri framan af degi. Vindur verður hægur komandi helgi ef marka má spár.




**Á morgun**




Hæg, breytileg átt.

**Fimmtudagur**




Hæg ,breytileg átt



Kveðja,
Sigurður Ragnarsson,
veðurfræðingur

### Veðurhorfur í borgum í dag

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 17°C alskýjað-skúrir | París | 21°C hálfskýjað | Alicante | 30°C heiðskírt |
| Ósló | 20°C alskýjað | Berlín | 16°C skúrir | Milano | 24°C heiðskírt |
| Stokkhólmur | 23°C hálfskýjað | Frankfurt | 19°C hálfskýjað | New York | 32°C heiðskírt |
| Helsinki | 25°C heiðskírt | Madrid | 37°C heiðskírt | San Francisco | 20°C hálfskýjað |
| London | 24°C heiðskírt | Barcelona | 29°C hálfskýjap | Orlando/Florida | 34°C heiðskírt |

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrkoma er táknuð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

# Eiður Smári Guðjohnsen
# Nú aðeins 1.990 kr.

Verð áður ~~1.356.000.000~~ kr.




**SÝN á 1990 kr.**
fyrir ADSL notendur
Og Vodafone

Nú fá ADSL notendur hjá Og Vodafone áskriftina að SÝN fyrir aðeins 1990 kr. á mánuði.

**Allir leikirnir sem skipta máli eru á Sýn**
Meistaradeild Evrópu - Enski bikarinn - Enski deildarbikarinn - Enska landsliðið - Íslenska landsliðið
HM 2006 - NBA - NFL - Box - Spænski boltinn - Ítalski boltinn - Evrópukeppni félagsliða

og vodafone™
Heyrumst!

Þú horfir áfram á SÝN á Digital Íslandi eða gamla góða myndlyklinum. Fullt verð á SÝN er 4290 kr. á mánuði.

Komdu í **Og Vodafone verslun**, smelltu þér á **www.ogvodafone.is** eða hringdu í **1414** fyrir nánari upplýsingar og skráningu.

F i t o n / S Í A   F I 0 1 3 8 5 9



## KJÖRKASSINN

*Hefurðu ferðast innanlands í sumar?*

**Niðurstöður gærdagsins á visir.is**

| | |
|---|---|
| Já | 77% |
| Nei | 23% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Var rétt af KEA að meina framkvæmdastjóra sínum að fara í fæðingarorlof?*

Farðu inn á fréttahluta visir.is og segðu þína skoðun

Snurða er hlaupin á þráðinn í kjarnorkuviðræðum:

# Íranar halda áfram úranvinnslu

**ISFAHAN, AP** Íranar hófu í gær vinnslu úrans, Vesturveldunum til mikillar gremju. Búist er við að þau þrýsti á Sameinuðu þjóðirnar að beita Írana efnahagsþvingunum fyrir vikið.

Í nóvember síðastlinum hættu Íranar að gera tilraunir til auðgunar úrans svo að ekki yrði gripið til þvingana gegn þeim en í gær tóku þeir upp fyrri iðju. Þá tóku eðlisfræðingar í kjarnorkuvinnslustöðinni í Isfahan að vinna gas úr hráu úrani en það er fyrsta stig auðgunar úrans. Gasið verður þó ekki leitt í gegnum skilvindur um sinn en það er nauðsynlegt til að auðga það.

Boðað hefur verið til neyðarfundar í stjórn Alþjóðakjarnorkumálastofnunarinnar til að ræða stöðu mála. Ríkisstjórnir Bandaríkjanna, Frakka, Þjóðverja og Breta hafa þrýst mjög á Írana að reyna ekki að auðga úran. Enda þótt Íranar staðhæfi að þeir hyggist eingöngu ætla að vinna úran til raforkuframleiðslu þá óttast Vesturveldin að þeir hyggist smíða kjarnorkusprengju. Þau hafa boðist til að sjá Írönum fyrir kjarnorkueldsneyti sem einungis er hægt að nota til raforkuframleiðslu auk annarrar efnahagsaðstoðar. Íranar hafa hins vegar hafnað þessum tilboðum og er því búist við að málinu verði nú vísað til öryggisráðs SÞ sem gæti beitt landið refsiaðgerðum. ■

MYND/AP



**MYNDAVÉLIN MYNDUÐ** Alþjóðakjarnorkumálastofnunin hefur sett upp eftirlitsmyndavélar í kjarnorkuvinnslustöðinni í Isfahan til að tryggja að kjarnorkueldsneyti verði ekki flutt þaðan út.



**BJÖRGUNARSVEITARMENN** Keppa við tímann við að bjarga mönnunum út úr námunum.

Námumenn enn fastir:

## Kapphlaup við tímann

**SHANGHAI, AP** Björgunarsveitarmenn keppast við að dæla vatni úr kolanámu í suðurhluta Kína til að bjarga 102 mönnum sem sitja þar fastir. Flóð olli því að mennirnir festust inni. Vatnsyfirborðið hækkar um 50 sentímetra á klukkustund og fara lífslíkur mannanna dvínandi eftir því sem lengri tími líður.

Hu Jintao, forseti Kína, sem hefur lofað að bæta öryggi námuverkamanna, skipar héraðsyfirvöldum að leggja allt kapp á að bjarga mönnunum. Það gerir björgunarmönnum erfiðara fyrir að ekki er ljóst hvaðan vatnið sem flæðir í námuna kemur. Yfirvöld í Kína verjast allra frétta af málinu. ■

### BRETLAND

**VARA VIÐ HRYÐJUVERKUM** Bresk stjórnvöld vara þegna sína við ferðalögum til Sádí-Arabíu í kjölfar hótana þarlendra hryðjuverkahópa í garð vestrænna manna. Varað er við því að hættan við hryðjuverk sé mikil og beinist hugsanlega að flugumferð til og frá Sádí- Arabíu. Flestum sendiráðsstarfsmönnum hefur verið gefið leyfi til þess að fara heim til Bretlands.

MYND/AP



**KOIZUMI Í KLEMMU** Kosið verður um neðri deild japanska þingsins 11. september næstkomandi. Flokkur Koizumi hefur verið nánast óslitið við völd síðan 1955.

# Koizumi boðar til kosninga í haust

**Junichiro Koizumi, forsætisráðherra Japans, leysti upp neðri deild japanska þingsins í gær eftir að efri deildin felldi stjórnarfrumvarp um einkavæðingu póstþjónustunnar. Búist er við afar spennandi haustkosningum.**

**JAPAN** Stjórnarkreppa ríkir í Japan eftir að þingmenn Frjálslynda demókrataflokks Junichiro Koizumi forsætisráðherra sviku lit og greiddu atkvæði gegn stjórnarfrumvarpi í efri deild þingsins sem kvað á um einkavæðingu póstþjónustunnar.

Neðri deildin samþykkti frumvarpið á dögunum en í efri deildinni í gær snerist dæmið við þar sem þingmenn felldu frumvarpið með 125 atkvæðum gegn 108. Í kjölfarið hélt Koizumi neyðarfund í ríkisstjórninni þar sem ákveðið var að leysa upp neðri deild þingsins og boða til kosninga í haust.

„Efri deildin hefur lýst því yfir að einkavæðing póstþjónustunnar sé ekki nauðsynleg. Því vil ég gefa japönsku þjóðinni kost á að svara því hvort hún sé þessu sammála,“ sagði Koizumi á fréttamannafundi í gær. Forsætisráðherrann sagði að kosningarnar yrðu haldnar 11. september næstkomandi og kvaðst ætla að segja af sér mistakist flokki hans, frjálslyndum demókrötum, og samstarfsflokki hans í ríkisstjórninni að halda meirihluta. Frjálslyndir demókratar hafa verið við völd í Japan nánast óslitið síðustu fimmtíu árin og því yrði fall hans úr stjórn stórtíðindi. Skoðanakannanir benda til þess að heldur sé farið að falla undan fæti hjá flokknum á meðan Demókrataflokkurinn, stærsti stjórnarandstöðuflokkurinn, hefur verið að sækja í sig veðrið.

Yoshinobu Shimamura landbúnaðarráðherra sagði af sér embætti í kjölfar ákvörðunar Koizumi í gær. Sú staðreynd, auk sjálfrar atkvæðagreiðslunnar, sýnir að miklar sviptingar eru í flokknum og að óvinsældir Koizumi fari vaxandi.

Einkavæðing póstþjónustunnar hefði þýtt tilurð stærsta banka heims en innlán á póstgíróreikningum nema 180 billjörðum króna. Stuðningsmenn frumvarpsins telja að einkavæðingin hefði haft verulega jákvæð áhrif á þjóðarbúskapinn. Þeir sem lögðust gegn sölunni kváðust hins vegar óttast að hún myndi leiða til þess að víða í strjálbýlli héruðum landsins yrði póstþjónustu verri og uppsagna tugþúsunda póststarfsmanna. Svo greiddu einfaldlega sumir atkvæði gegn sölunni til að mótmæla stjórnarháttum forsætisráðherrans. sveinng@frettabladid.is

Sameiningartillögur:

## Kosið í 61 sveitarfélagi

**SVEITARFÉLÖG** Sveitarfélögum landsins fækkar um 54 ef allar sameiningartillögur verða samþykktar í atkvæðagreiðslu 8. október. Þá verður kosið um tillögur um að sameina samtals 61 sveitarfélag í sextán.

Sveitarfélög landsins eru 102 talsins í dag og hafa íbúar tólf þeirra þegar samþykkt sameiningu sveitarfélaga í kosningum að undanförnu og tekur sú sameining gildi samhliða sveitarstjórnarkosningum næsta vor. Fari svo að allar sameiningartillögur sem liggja fyrir 8. október verði samþykktar verða sveitarfélögin 47 talsins, rúmlega helmingi færri en þau eru nú.

Reynslan af fyrri kosningum gefur þó ekki til kynna að svo fari.

Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar hefst laugardaginn 13. ágúst 2005. - bþg

Rússneska áhöfnin tjáir sig:

## Höfðu skrifað kveðjubréfin

**RÚSSLAND, AP** Skipverjar rússneska smákafbátsins sem lá fastur á hafsbotni hafa tjáð sig í fyrsta sinn um veruna í bátnum áður en þeim var bjargað. Þeir segja vatnsskortinn hafa verið tilfinnanlegastan þar sem þeir hafi þurft að láta sér nægja tvo til þrjá vatnssopa á dag, þar sem þeir lágu flatir í þröngu, myrkvuðu rými.

Þá hafi líkaminn vissulega orðið var við að súrefni var af skornum skammti, en í ljós hefur komið að súrefnisbirgðir hefðu ekki dugað nema í sex tíma til viðbótar þegar þeim var bjargað. Þegar á fimmtudag voru skipverjarnir búnir að skrifa kveðjubréf til ástvina sinna ef færi á versta veg. ■

Alltaf einfalt

ÓB

ódýrt bensín

14 stöðvar!

www.ob.is

Borgnesingar vilja framhaldsskóla í heimabyggð:

# Leita til rektors og skólastjóra

**SKÓLAMÁL** Bæjarstjórn Borgarbyggðar stefnir að því að funda með rektor Háskólans á Bifröst og skólastjóra Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi um möguleika á að koma upp framhaldsskóla í Borgarnesi. Málið er á byrjunarstigi en þó hefur hugmyndin verið rædd við einhverja þingmenn kjördæmisins.

Helga Halldórsdóttir, forseti bæjarstjórnar, segir að þetta hafi verið rætt á síðasta kjörtímabili en þá hafi verið ákveðið að hafast ekkert að í bili. Nú sé þessi umræða aftur að fara af stað. „Það er mikill áhugi fyrir þessu hjá fólki í sveitarfélaginu,“ segir Helga. „Í heild eru þetta 120-150 unglingar héðan sem eru utan héraðsins í námi.“

Helga segir ýmsar ástæður fyrir því að áhugi á framhaldsskóla í Borgarnesi hafi aukist á ný. Verið sé að gera vaxtarsamning við stjórnvöld og búist sé við mikilli fjölgun á svæðinu á næstu árum. Þá sé aðsókn í framhaldsnám að aukast og nú séu fimmtíu nemendur á biðlista í Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi. - grs

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



**FRÁ BORGARNESI** Bæjarstjórn Borgarbyggðar hefur nú hafið vinnu við að því að fá framhaldsskóla í Borgarnes.

# Grand
styrkleiki

# Grand
öryggi

# Grand
gæði




# Grand Vitara Limited



Grand Vitara Limited er glæsilegur bíll hlaðinn búnaði. Til viðbótar við ríkulegan staðalbúnað Grand Vitara, er Limited útgáfan meðal annars með leðuráklæði á sætum, "Limited" álfelgum, vindskeið með hemlaljósi, þokuljósum í framstuðara, viðaráferð á mælaborði og krómuðum hurðarhúnum og grilli.

**Verð:**

Beinskiptur kr.
2.640.000
**27.660**
á mánuði*

Sjálfskiptur kr.
2.790.000
**29.224**
á mánuði*

* bílasamningur Glitnis með 30% útborgun og eftirstöðvum í 84 mánuði.
50% íslenskar kr / 50% erlend mynt

Hugtak Júní 05

**Komdu í reynsluakstur, þú verður ekki fyrir vonbrigðum og verðið það hefur aldrei verið hagstæðara.**

SUZUKI
...er lífsstíll!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17. Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is



## VEISTU SVARIÐ?

1 Hvers vegna sagði Benjamin Netanyahu sig úr ísraelsku ríkisstjórninni?

2 Hvað heitir fyrsti prófastur Vestfjarðaprófastsdæmis?

3 Hvað mældust hvössustu vindhviður á sunnudag hvassar?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Tönn brotnaði í ársgömlum dreng í barnagæslu:

# Féll úr rennibraut í Sporthúsinu

**NEYTENDUR** Rúmlega ársgamall drengur datt á höfuðið úr rennibraut í barnagæslu Sporthússins á dögunum. Það brotnaði í honum tönn og hann marðist einnig á höfðinu, segir móðir hans. Hún segist hafa brýnt sérstaklega fyrir gæslustúlkunum að drengurinn mætti ekki vera einn í rennibrautinni. Engin börn voru í gæslu á þessum tíma önnur en drengurinn og eldri systir hans, en þetta var nokkuð seint um kvöld. Móðirin segist mjög ánægð að eiga kost á þessari þjónustu en hún verði þá að vera pottþétt. Ekki megi sleppa hendinni af ársgömlu barni í rennibraut.

„Þetta var bara slys," segir Anna María Garðarsdóttir framkvæmdastjóri. „Þau gera ekki boð á undan sér." Hún segir að gæslustúlkan hafi staðið við hlið drengsins í rennibrautinni en hafi rétt litið undan til að kalla á systur hans, til að hún sofnaði ekki, þegar drengurinn féll. „Stúlkan sem var á vakt hefur mikla reynslu af börnum, hefur sótt námskeið hjá Rauða krossinum og vinnur bæði á leikskóla og róluvelli." **- grs**




**SPORTHÚSIÐ KÓPAVOGI** Móðir drengs sem féll í rennibraut í barnagæslu Sporthússins er ósátt.

Launaþak Fæðingarorlofssjóðs:

# Hefur áhrif á fæsta foreldra

**FÆÐINGARORLOF** Launaþak Fæðingarorlofssjóðs hefur áhrif á rúmlega fjögur prósent umsækjenda, að því er fram kemur í fréttum Tryggingastofnunar ríkisins.

Fimmtíu feður og ellefu mæður höfðu sex hundruð þúsund króna meðallaun síðustu tvö árin og sóttu um fæðingarorlofsgreiðslur á fyrstu sex mánuðum ársins, en alls sóttu rúmlega 1.400 karlar og 1.500 konur um.

Mánaðarleg greiðsla fæðingar- og foreldraorlofs getur ekki orðið hærri en 480.000 krónur, eða áttatíu prósent af 600.000 króna mánaðarlaunum. **- ht**



**ANDRI TEITSSON** Stjórn KEA klofnaði í afstöðu sinni til þess hvort Andri ætti að fá að fara í fæðingarorlof.

Bókaði aðra skoðun:

## Stjórn KEA klofnaði

**ATVINNULÍF** Ekki var einhugur í stjórn KEA um þá skoðun að lög um fæðingarorlof eigi ekki að gilda um stjórnendur á háum launum. Úlfhildur Rögnvaldsdóttir stjórnarmaður var á annarri skoðun og lét bóka það á fundi stjórnarinnar. Þórhallur Hermannsson varastjórnarmaður tók undir bókun hennar.

Úlfhildur sendi frá sér yfirlýsingu í gær vegna þessa þar sem hún gagnrýnir það að efasemdir um réttmæti laganna í þessum tilvikum hafi verið gerðar að skoðun stjórnar KEA í heild sinni. **- grs**

# Afstaða til fæðingarorlofs veldur vonbrigðum

**Afstaða til fæðingarorlofs karla, sem endurspeglast í neitun stjórnar KEA um orlof til framkvæmdastjórans, veldur vonbrigðum að mati framkvæmdastjóra Jafnréttisstofu. Formaður VR segir feður reglulega hafa samband við félagið vegna vandræða við töku fæðingarorlofs.**

**FÆÐINGARORLOF** „Samfélagið gerir auknar kröfur um samþættingu fjölskyldu- og atvinnulífs og það eru vonbrigði þegar atvinnulífið fylgir ekki með," segir Margrét María Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri Jafnréttisstofu.



**GUNNAR PÁLL** Nokkrum sagt upp vegna fæðingarorlofs.



**MARGRÉT MARÍA** Umræðan opinberar fordóma.

Andri Teitsson, framkvæmdastjóri KEA, hefur sagt starfi sínu lausu þar sem stjórn félagsins samþykkti ekki að hann tæki sér fæðingarorlof. Andri og kona hans eiga von á tvíburum en þau eiga fyrir fjögur börn.

„Við höfum bundið miklar vonir við að staða kynjanna á vinnumarkaði jafnist og fæðingarorlofskerfið er liður í því," segir Margrét María. „Þessi afstaða veldur því vonbrigðum."

Margrét María segist hafa orðið vör við mikinn áhuga á málinu og að margir hafi haft samband við Jafnréttistofu eftir að málið kom upp um helgina. „Umræðan er af hinu góða, hún er þörf og opinberar fordóma," segir hún.

Margrét María segir ekki liggja fyrir hver næstu skref Jafnréttisstofu verði. „Við eigum eftir að ræða hvað við teljum rétt að gera í stöðunni," segir hún.

Gunnar Páll Pálsson, formaður Verslunarmannafélags Reykjavíkur, segir að um tíu feður hafi á síðustu tólf mánuðum haft samband við félagið vegna vandræða sem þeir lentu í þegar þeir ætluðu að fara í fæðingarorlof.

„Verið er að vinna í nokkrum málum þar sem mönnum var sagt upp störfum, en það er óheimilt eftir að taka fæðingarorlofs er tilkynnt," segir Gunnar Páll. Hann segir allan gang á því hvernig fyrirtæki bregðist við athugasemdum félagsins. „Oft er gengið frá sátt en nokkur mál munu væntanlega enda fyrir dómstólum."

Gunnar Páll lýsir áhyggjum af stöðu mála en segist þó telja hana stafa af vanda við innleiðingu nýs fæðingarorlofskerfis. „Það tekur vinnumarkaðinn nokkur ár að átta sig á nýjum leikreglum, einkum vegna þess að nú getur liðið mun lengri tími frá fæðingu barns þangað til orlofið er tekið."

Halldór Grönvold, aðstoðarframkvæmdastjóri Alþýðusambands Íslands, segir sambandinu hafa borist fregnir af ýmsum vandkvæðum foreldra við að taka fæðingarorlof. Hann segir hins vegar að þau mál hafi nær undantekningalaust verið leyst á farsælan máta.

helgat@frettabladid.is



**FAÐIR MEÐ BARN** Feður hafa reglulega samband við VR vegna vandræða við töku fæðingarorlofs.


# ÚTSALA




FAGOR GASHELLUR

Verð kr. 29.900

Áður kr. 51.900

RÖNNING

Borgartúni 24 | Reykjavík | Sími: 562 4011 | Óseyri 2 | Akureyri | Sími: 460 0800

hausverk / SÍA




**MEÐ FULLGILD LEYFI** Vika er síðan hópferðabíll var kyrrsettur þar sem tilskilin leyfi voru ekki til. Allflestir leyfishafar gæta þess þó vel að hafa allt sitt á hreinu.

Umferðareftirlitsdeild Vegagerðarinnar:

# Undantekning að rekstrarleyfið vanti

**LÖGREGLUMÁL** Í síðustu viku stöðvaði eftirlitsdeildin rútubifreið, fulla af ferðamönnum, í Mývatnssveit og kom í ljós að tilskilin leyfi voru ekki fyrir hendi. Því er umræddur aðili ótryggður gagnvart verkkaupa og farþegum sínum ef eitthvað bjátar á. Sveinn Ingi Lýðsson, umferðareftirlitsmaður Vegagerðinnar, segir slík tilvik heyra til undantekninga.

„Það er meira um slíkt í annars konar verktöku. Þá koma aðkomumenn með nýjar vélar og tæki í ákveðin verkefni sem þeir hafa boðið lágt í, borga tækin ekki og stofna þannig til skulda og eru í rauninni ekki ábyrgir fyrir einu né neinu. Lögin eru þó aðeins að breytast okkur í vil í september en þá getum við tekið mun ákveðnar á slíkum brotum en hingað til hefur verið." **- aöe**

## VESTURLAND

**RÁÐGJÖF Í GREIÐSLUERFIÐLEIKUM** Vestlendingar í atvinnuleit eiga völ á ókeypis fjárhagsráðgjöf Ráðgjafarstofu um fjármál heimilanna samkvæmt samningi Ráðgjafastofunnar við Svæðisvinnumiðlun Vesturlands, Verkalýðsfélag Akraness og Akraneskaupstað. Ráðgjöfin á meðal annars að veita fólki í greiðsluerfiðleikum yfirsýn um stöðu fjármála sinna og aðstoð við að gera greiðsluáætlanir.

## LÖGREGLUFRÉTTIR

**FÍKNIEFNAMÁL Á SELFOSSI** Lögreglan á Selfossi lagði hald á nokkrar e-töflur við rannsókn í heimahúsi vegna þjófnaðarmáls. Tól til fíkniefnaneyslu fundust við rannsókn og við frekari leit fundust efnin.

**FULLUR LEIÐBEINANDI** Ökumaður í æfingaakstri var stöðvaður af lögreglu en grunur lék á að leiðbeinandi væri undir áhrifum, sem og hann var. Í slíkum tilvikum ber leiðbeinandinn alla ábyrgð og má hann búast við ökuleyfissviptingu.

**BANASLYSIÐ AÐ REYKHÓLUM** Rannsóknarnefnd umferðarslysa og lögreglan á Patreksfirði rannsaka enn tildrög banaslyssins í fyrrakvöld þegar ungur piltur á vélhjóli lét lífið í árekstri við bifreið. Verið er að rannsaka hvort vélhjólið eða bifreiðin voru á röngum vegarhelmingi þegar slysið varð.




GCI ALMANNATENGSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

# Vertu í öruggu formi. Veldu C4.

► Sagan segir að Frakkar leggi meira uppúr gæðum en magni og orðið magn sé ekki lengur til í orðaforða þeirra. Sagan bendir á franska elskhuga því til sönnunar. Frakkar vita hinsvegar að gæðin felast í fjölda þeirra eiginleika sem heildina skapa. Þess vegna eiga þeir Chateau de Versailles, Channel No5, Claude Monet og Citroën C4.

Veldu aðeins það besta - sjáðu Citroën C4 - öðruvísi hönnun sem á sér enga fyrirmynd aðra en hefðir og hugmyndir Frakka um form og gæði. Skoðaðu búnað C4, kynntu þér eiginleika hans - notagildið og þú sérð að mikið af því góða er best. Komdu í Brimborg. Veldu Citroën C4, franskan munað.



Citroën C4 SALOON dúxaði örugglega á prófi hjá árekstraröryggisstofnuninni EuroNCAP. Í sínum flokki fékk Citroën C4 SALOON hæstu einkunn frá upphafi: 35 stig. Sjáðu C4 SALOON. Veldu fallegt og kraftmikið form og öryggi fyrir fjölskylduna. Veldu Citroën C4 SALOON.

**Berðu saman verð, gæði og græjur. Dæmi um staðalbúnað í C4:**

- Hraðastillir
- Stillanlegur hraðatakmarkari
- Fjarstýring helstu stjórnrofa í stýri
- Stafrænt mælaborð með birtuskynjun
- Loftkæling með móðuvörn
- Þokuljós í framstuðara
- 6 Öryggispúðar
- Upphitanleg framsæti
- Geislaspilari með fjarstýringu í stýri
- 6 Hátalarar
- Aksturstölva
- Útihitamælir
- Ilmgjafahólf
- Fjölstillanlegt bílstjórasæti
- ABS hemlakerfi
- EBD hemlajöfnun
- EBA neyðarhemlunarbúnaður
- Rafdrifnir útispeglar
- Velti- og aðdráttarstýri
- Fjarstýrð samlæsing

**Mikið meira er betra. Skoðaðu aukabúnað C4 t.d.:**

- Xenon beygjuljós
- Bluetooth þráðlaus símabúnaður
- ESP stöðugleikastýring
- Spólvörn
- Bakkskynjari
- Minibar/kælir
- Glerþak
- Leðurinnrétting
- Skyggðar rúður
- Sérstyrkt öryggisgler
- Dráttarkrókur
- Fjöldiska geislaspilari

## Mikið af því góða er best
## Komdu í Brimborg - veldu Citroën á sumartilboði



■ C3 SX 5 gíra 1,4i 75 hö*
Kaupverð 1.419.000 kr.
Rekstrarleiga 26.800 kr.
Bílasamningur 16.840 kr.



■ Berlingo Multispace 5 gíra 1,4i 75 hö*
Kaupverð 1.559.000 kr.
Rekstrarleiga 28.900 kr.
Bílasamningur 18.502 kr.



■ C2 VTR 5 gíra Sensodrive 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.589.000 kr.
Rekstrarleiga 28.600 kr.
Bílasamningur 18.606 kr.



■ C4 COUPÉ SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.790.000 kr.
Rekstrarleiga 31.300 kr.
Bílasamningur 21.244 kr.



■ C4 SALOON SX 5 gíra 1,6i 110 hö*
Kaupverð 1.820.000 kr.
Rekstrarleiga 31.900 kr.
Bílasamningur 21.599 kr.



■ C5 SX sjálfskiptur 2,0i 143 hö*
Kaupverð 2.410.000 kr.
Rekstrarleiga 42.300 kr.
Bílasamningur 28.602 kr.



■ Xsara Picasso SX 5 gíra 1,8i 117 hö*
Kaupverð 1.859.000 kr.
Rekstrarleiga 34.000 kr.
Bílasamningur 22.069 kr.



■ C8 SX Sjálfskiptur 2,0i 138 hö*
Kaupverð 2.999.000 kr.
Rekstrarleiga 53.900 kr.
Bílasamningur 35.892 kr.

**Komdu í Brimborg. Upplifðu franska hönnun.**
**Skoðaðu Citroën – ekta franskan munað.**



**Við staðgreiðum gamla bílinn veljir þú bíl frá Brimborg.**
Þú veltir fyrir þér hvernig best er að losna við gamla bílinn. Brimborg kaupir hann af þér staðgreitt** veljir þú bíl frá Brimborg. Þú færð peninginn beint í vasann - eða greiðir upp lánið á gamla bílnum. Þú losnar við allt umstang við að selja og minnkar þinn kostnað. Komdu og skoðaðu Citroën í dag. Komdu í café og kynntu þér hvernig þú getur fengið þér Citroën.

Sífellt fleiri Íslendingar velja Citroën. Sérstök hönnun, framúrskarandi tækni og mikil eftirspurn á endursölumarkaði tryggja gæði og hagkvæmni Citroën. Skoðaðu súlumyndina hér til hægri og þú sérð að fleiri og fleiri Íslendingar velja Citroën.




brimborg
*Öruggur staður til að vera á*

**Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | Brimborg Reykjanesbæ: Njarðarbraut 3, sími 422 7500 | www.citroen.is**

* Brimborg og Citroën áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Leiga er rekstrarleiga og er miðuð við mánaðarlegar greiðslur í 36 mánuði sem eru háðar gengi erlendra mynta og vöxtum þeirra. Lán er bílasamningur með 20% útborgun og mánaðarlegum greiðslum í 84 mánuði og eru háðar breytingum á vöxtum og gengi erlendra mynta 50% isk / 50% erl.mynt karfa. ** Staðgreitt 45 dögum eftir afhendingu nýja bílsins. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar. Aukabúnaður á mynd: af C3 er álfelgur, þokuljós og samlitun; af C4 er álfelgur; af Berlingo er þokuljós; af C8 er álfelgur og samlitun; Xsara Picasso er álfelgur og samlitun.

...bara á
flugfelag.is
10. - 16. ágúst
Verð miðast við flug **aðra leiðina.** **Bara á www.flugfelag.is** Takmarkað sætaframboð!
Milli Reykjavíkur og AKUREYRAR 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og BÍLDUDALS 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og EGILSSTAÐA 5.699 kr.
Milli Reykjavíkur og SAUÐÁRKRÓKS 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og ÍSAFJARÐAR 4.799 kr.
Milli Reykjavíkur og GJÖGURS 4.999 kr.
Milli Reykjavíkur og HORNAFJARÐAR 5.899 kr.
Milli Akureyrar og GRÍMSEYJAR 3.499 kr.
Milli Reykjavíkur og VESTMANNAEYJA 4.399 kr.
Milli Akureyrar og VOPNAFJARÐAR/ ÞÓRSHAFNAR 4.499 kr.
flugfelag.is
ÍSLENSKA AUGLÝSINGASTOFAN EHF./SÍA.IS FLU 29128 08/2005



Þrír menn grunaðir um sprengjutilræði í Lundúnum fóru fyrir rétt í gær:

# Ákærðir fyrir morðtilraun gegn farþegum

**LUNDÚNIR, AP** Þrír fjögurra manna sem grunaðir eru um sprengjutilræðin í Lundúnum 21. júlí komu fyrir rétt í gær. Þeir eru meðal annars ákærðir fyrir morðtilraun gegn farþegum almenningssamgangna borgarinnar og eiga yfir höfði sér ævilangt fangelsi verði þeir sakfelldir.

Mennirnir þrír verða áfram í haldi lögreglu þar til þeir mæta næst fyrir dóm 14. nóvember en þeir eru einnig ákærðir fyrir að hafa sprengiefni til umráða.

Einn maður til viðbótar Manfu Kwaku Asiedu kom einnig fyrir rétt í gær en hann er talinn bera ábyrgð á sprengju í yfirgefnum bakpoka sem fannst í almenningsgarði í Lundúnum tveimur dögum eftir árásirnar. Hann var einnig ákærður fyrir morðtilraun og úrskurðaður í gæsluvarðhald til 14. nóvember.

Fjórði maðurinn, sem grunaður er um sprengjutilræðin, var handtekinn í Róm og er þar haldið föngnum. Framsals hans til Bretlands er beðið. ■



**SPRENGJUMENN FYRIR RÉTT** Mennirnir þrír sem ákærðir eru fyrir sprengjutilræðin í Lundúnum hinn 21. júlí komu fyrir rétt í gær. Mikil öryggisgæsla var við komu þeirra í dómsal.

# Landsliðið snýr heim með sjö gullverðlaun

**Landsliðið í hestaíþróttum kemur heim með sjö gullverðlaun í farangrinum af heimsmeistaramóti íslenska hestsins. Landsliðseinvaldurinn er kampakátur yfir góðum árangri. Ekki spillir að hann á sjálfur hestinn sem vann töltið.**

**HESTAMENNSKA** „Þetta er einn besti árangur sem við höfum náð í gegnum tíðina, þannig að það er ekki hægt annað en að vera ánægður,“ sagði Sigurður Sæmundsson landsliðseinvaldur kampakátur eftir heimsmeistaramót íslenska hestsins 2005 í Norrköping. Sigurður má enda vera hreykinn, því íslenska landsliðið kemur heim með sjö gullverðlaun í farteskinu, fimm í fullorðinsflokkum og tvö í ungmennaflokkum.

Jóhann Skúlason vann töltið á Hvini frá Holtsmúla, Styrmir Árnason fékk gullið í fimmgangi á Hlyni frá Kjarnholtum og Sigurður Sigurðarson vann fjórganginn á Silfurtoppi. Þá fékk Jóhann gullverðlaun fyrir samanlagðan sigur í fjórgangsgreinum ásamt Stian Pedersen frá Noregi. Styrmir Árnason fékk gullverðlaun fyrir samanlögð stig í fimmgangsgreinum.

Í ungmennaflokki varð Sigurður Straumfjörð heimsmeistari í 100 metra skeiði og Valdimar Bergstað í 250 metra skeiði á Feykivindi frá Svignaskarði.



**HEIMSMET Í TÖLTI** Jóhann Skúlason á Hvini frá Holtsmúla, nýkrýndur heimsmeistari í tölti. Með honum fagna Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra og Jón Albert Sigurbjörnsson, formaður Landssambands hestamannafélaga.



**STUÐNINGUR** Íslendingarnir á heimsmeistaramótinu studdu landsliðið sem ráðum og dáð.

Sigurður segir að landsliðið hafi staðið sig „alveg rosalega vel“. Hvert sæti hafi verið skipað úrvalsfólki. „Allir lögðust á eitt með að keyra þetta í gegn. Það var gríðarlega mikið lagt undir, margir reyndir og sterkir keppendur sem komu víðs vegar að. Þarna var saman komið draumalið. Mórallinn var ofboðslega góður. Það er meira en að segja það að halda utan um svona stórt lið, en þetta gekk upp.“

Spurður hvaða sigur hafi verið sætastur segir Sigurður að töltsýningin hefði verið stórkostleg að öllum hinum ólöstuðum. „Þarna var slegið heimsmetamótsmet með einkunninni sem Jóhann og Hvinur fengu, 9,28. Sýningin var viðburður sem maður sér kannski aðeins einu sinni á ævinni. Það var ofboðslega gaman að hafa þetta par í íslenska landsliðinu,“ segir Sigurður. Landsliðseinvaldinn er málið mjög skylt því sjálfur á hann Hvin. Spurður um hvort hann væri búinn að selja klárinn kvað Sigurður svo ekki vera. Hann yrði í þjálfun ytra fyrst um sinn. Sigurður sagðist vera kominn með nokkra sem væru að spá í hestinn. Sala af þessu tagi tæki sinn tíma. Hún væri ekki hrist fram úr erminni.

jss@frettabladid.is

Margir geta selt ADSL fyrir enska boltann:

# Tenging hjá Símanum ekki nauðsynleg

**NEYTENDUR** Fjöldamörg netþjónustufyrirtæki geta boðið þeim sem vilja tengjast enska boltanum ADSL-tengingu á net Símans.

„Ég tel að það sé vísvitandi verið að kynna þetta á röngum forsendum til að tryggja að viðskiptavinir flytji sig yfir til Símans,“ segir Guðmundur Kr. Unnsteinsson, formaður INTER og framkvæmdastjóri Hringiðunnar. „Allar netþjónustur sem endurselja ADSL-þjónustu Símans og fleiri fyrirtækja geta boðið upp á sjónvarpsþjónustu yfir ADSL. Við höfum boðið upp á þetta lengi og ég veit um fjöldamörg önnur fyrirtæki sem gera það líka. Það er því ekki rétt sem halda mætti að nauðsynlegt sé að kaupa þetta beint af Símanum.“ Guðmundur rekur þetta til þess að Síminn eigi Skjá einn.

Guðmundur segir Hringiðuna hafa fengið töluvert af fyrirspurnum og viðskiptum vegna enska boltans í sumar og er ekki sáttur við viðskiptahætti Símans.



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**GUÐMUNDUR KR. UNNSTEINSSON** Formaður INTER.

„Við myndum gjarnan vilja selja fleiri viðskiptavinum þessa þjónustu en bara þeim sem eru hjá Símanum.“

- grs


VERÐSTRÍÐ
á málningavörumarkaðinum
Þú getur sparað tugi þúsunda með því að
kaupa málninguna á húsið hjá okkur!
Málning í öllum
regnbogans litum
DekaCryl 7
Innimálning, 10 lítrar
2.680,-
AlfaCryl
Útimálning, 10 lítrar, allir ljósir litir
2.890,-
Scala
Þakmálning, 10 lítrar, allir litir
5.260,-
Scala
Þekjandi viðarvörn
5 lítrar
3.495,-
Málningarbakki
og -rúlla
529,-
Mako
Pensill 3"
99,-
DalaPro
Spartl, medium, 3 l
790,-
Málningarfata
199,-
MÚRBÚÐIN
VESTURLANDSVEGUR
SUÐURLANDSVEGUR
RAUÐAVATN
KLETTHÁLS
BÆJARHÁLS
TUNGUHÁLS
STUÐLAHÁLS
HRAUNBÆR
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
Gerðu samanburð á verði og gæðum!
MÚRBÚÐIN
Byggingavöruverslunin í Árbænum
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is

## SVONA ERUM VIÐ

Fjöldi nýskráðra matsölustaða á Íslandi 2000-2004

Heimild: Hagstofa Íslands




**baksvið**

*fréttir og fróðleikur*

FBL-GREINING: GEIMFERJUR

# *Fljúgandi furðuhlutir*

Bandarísku geimferjurnar eru afar flóknir farkostir sem gífurleg vinna hefur farið í að þróa og smíða. Að sumu leyti líkjast þær flugvélum en að öðru leyti eru þær einstakar.

**Hvernig eru þær uppbyggðar?**
Geimskutlurnar eru í raun þrískiptar. Í fyrsta lagi er sjálft geimfarið en það má nota í rúmlega hundrað skipti. Það er knúið þremur aðalvélum, sem fá eldsneyti sitt frá utanáliggjandi eldflaugum, og tveimur aukavélum sem knýja farið áfram þegar það er komið á sporbaug og eldsneytisflaugunum hefur verið sleppt. Fremst í ferjunni eru vistarverur áhafnarinnar og sjálfur stjórnklefinn en í miðjum bolnum er ýmiss konar tæknibúnaður. Hægt er að opna miðbolinn upp á gátt en innan á hlerunum eru hitaskynjarnar. Því eru hlerarnir oftast opnir þegar ferjan er á sporbaug. OBSS-kraninn er sömuleiðis geymdur í miðbolnum. Í gegnum tíðina hafa ferjurnar verið notaðar til að gera við gervihnetti og veita Alþjóðlegu geimstöðinni nauðsynlega þjónustu.



**MEÐ HLERANA OPNA** Flókinn tæknibúnaður er geymdur í geimskutlunum.

**En eldflaugarnar?**
Í öðru lagi er stór utanáliggjandi eldsneytisflaug sem geymir fljótandi vetni og súrefni og knýr aðalhreyfla ferjunnar. Henni er sleppt átta og hálfri mínútu eftir geimskotið, í um 111 km hæð yfir jörðu og brennur hún upp í gufuhvolfinu. Hitahlífarnar sem urðu til þess að Kólumbía fórst komu af þessari flaug.
Í þriðja lagi eru tvær endurnýtanlegar stuðningsflaugar. Þeim er sleppt í 67 km hæð og þær svo veiddar upp úr hafinu. Bilun í þessum flaugum grandaði Challenger árið 1986. Vegna þyngdarkrafts jarðar þarf mikið afl til að koma ferjunni á loft. Af sömu ástæðum er minna mál að koma henni til jarðar á ný og getur hún í rauninni lent á flugvelli eins og hver önnur flugvél. Keflavíkurflugvöllur er einn af varaflugvöllum geimferjanna en Discovery lendir þó ekki hér í STS-114 leiðangrinum.

## SPURT & SVARAÐ

ÍSLAND OG GEIMFERÐIR



SVERRIR GUÐMUNDSSON
Umsjónarmaður stjornuskodun.is

# *Höfum komið við sögu*

**Hefur Ísland einhverju hlutverki að gegna í geimferðum?** Já. Keflavíkurflugvöllur er meðal þeirra varaflugvalla þar sem lenda má geimferju ef ákveðið er að hætta við leiðangur skömmu eftir geimskot. Þá hafa geimfarar komið hingað til að búa sig undir geimferðir.

**Gætu Íslendingar tekið meiri þátt í geimferðum í framtíðinni?** Vonandi sláumst við í hópinn með hinum Norðurlöndunum og gerumst aðilar að Evrópsku geimferðastofnuninni (ESA). Þótt Íslendingar smíði seint geimflaugar gætum við lagt okkar af mörkum til ýmissa verkefna sem tengjast fjarskiptum og notkun gervihnatta við öflun upplýsinga um yfirborð jarðar.

**Hafa Íslendingar flogið út í geim?** Bjarni Tryggvason var fyrsti Íslendingurinn til þess að ferðast út í geiminn, um borð í geimferjunni Discovery árið 1997.

# Óljós framtíð geimferjuáætlunar

**Búist er við að geimferjan Discovery lendi í Flórída í dag – vonandi heilu og höldnu. Engu síður eru líkur taldar á að leiðangurinn sem nú er senn á enda gæti orðið sá síðasti sem bandarísk geimferja fer í.**

Lendingu geimferjunnar Discovery sem áformuð hafði verið í gærmorgun var frestað um einn sólarhring vegna þykkra skýja og þrumuveðurs í nágrenninu. Þótt allar líkur séu á að blindflugstæki séu til staðar í þessum fullkomnasta flugfarkosti veraldar þá þótti stjórnendum Bandarísku geimferðastofnunarinnar NASA rétt að bíða þar til rofaði til svo að ekkert færi úrskeiðis. Saga geimskutlanna hefur verið brokkgeng og því ekki talið verjandi að Discovery tæki neina áhættu.



**FRÉTTASKÝRING**
GEIMFERJUR

SVEINN GUÐMARSSON
BLAÐAMAÐUR

**Aftur á flug**
STS-114-leiðangurinn sem Discovery hóf 26. júlí síðastliðinn var sá fyrsti sem bandarísk geimferja fór í eftir Kólumbíuslysið í febrúar 2003. Segja má að aðaltilgangur leiðangursins hafi verið pólitískur að koma geimferjuáætluninni á sporið á ný eins og sjá má af nafni leiðangurins, „Return to Flight". Liður í því var að prófa nýjan öryggisbúnað, Orbital Boom Sensor System (OBSS), sem er í rauninni fimmtán metra langur krani sem á er fest flókin tæki sem greint geta allar misfellur og frávik í starfsemi ferjunnar. Prófanir á þessum búnaði þóttu takast mjög vel.

Í öðru lagi sneri leiðangurinn að aðstoð við Alþjóðlegu geimstöðina sem er á sporbaug um jörðu. Fluttar voru vistir um borð og skipt var um einn af snúðvísum stöðvarinnar en þeir eru notaðir til að halda henni stöðugri og stjórna stefnu hennar.

Í þriðja lagi var unnið að viðgerðum á Discovery úti í geimnum. Þörfin fyrir þær kviknaði eftir vandkvæðin sem komu upp eftir flugtak ferjunnar en þá urðu menn þess áskynja að fúgur á milli hitahlífa höfðu rifnað upp, sem gat skapaði hættu á að ferjan brynni upp þegar hún kæmi inn í gufuhvolfið. Í síðustu viku fór Stephen Robinson geimfari í geimgöngu og togaði með handafli tvær fúgur sem hengu utan á ferjunni og gekk allt að óskum.

**Metnaðarfull áform**
Upphaf geimferjuáætlunar NASA má rekja til síðari hluta sjöunda áratugarins þegar Apollo-leiðangrarnir voru að renna sitt skeið. Fram til þess tíma höfðu eldflaugar og geimför að mestu verið einnota en forráðamenn stofnunarinnar vildu hins vegar láta hanna og smíða nýja kynslóð margnota geimferja. Geimferjuáætlunin var samt upphaflega aðeins hluti af mun metnaðarfyllri áformum sem fólu í sér að komið yrði á fót geimstöð á sporbaug um jörðu, geimnýlendu á tunglinu og að lokum mönnuðum geimferðum til Mars.

Þegar efnahagskreppa áttunda áratugarins brast á varð hins vegar ljóst að þessar áætlanir yrðu aldrei að veruleika, til þess væru þær allt of kostnaðarsamar. Valið stóð á endanum á milli smíði geimferju eða geimstöðvar og þar sem talið var óhugsandi að smíða geimstöð án geimferju var frekar ráðist í fyrrnefnda kostinn.

Árið 1972 ýtti Richard Nixon Bandaríkjaforseti geimferjuáætluninni formlega úr vör. Fjórum árum síðar var svo tilraunaflaugin Enterprise afhjúpuð og henni nokkrum sinnum flogið í gufuhvolfinu. Sagan segir að hún hafi raunar átt að heita Constitution en vegna áskorana og þrýstings frá Star Trek-aðdáendum hafi nafni hennar verið breytt til samræmis við skutluna góðu úr þáttunum. Fyrsti geimferjuleiðangurinn var hins vegar ekki farinn fyrr en í apríl 1981 en þá var Kólumbíu skotið úr í geiminn. Challenger-ferjan var sú þriðja í röðinni (1982), Discovery var afhent 1983 og Atlantis 1985. Síðasta geimskutlan, Endeavour, kom svo til sögunnar 1991 en hún var smíðuð í stað Challenger sem sprakk árið 1986.

**Þyrnum stráð saga**
Þótt geimferjuáætlunin hafi í upphafi lofað góðu tók að halla undan fæti þegar á leið. Í janúar 1986 fylgdist heimsbyggðin með geimferjunni Challenger springa í loftu uppi í beinni útsendingu frá flugtakinu en þéttihringur í eldsneytisflaug hafði gefið sig með þessum afleiðingum. Sjö manna áhöfn ferjunnar fórst, þar á meðal var Christa McAuliffe, 36 ára gömul kennslukona frá New Hampshire. Hún hafði verið valin úr hópi 11.000 kennara til að taka þátt í leiðangrinum og því vakti hann svo mikla athygli.

Nánast upp á dag sautján árum síðar, eða 1. febrúar 2003, fórst svo geimferjan Kólumbía með sjö manna áhöfn. Rétt eins og í flugtaki Discovery á dögunum höfðu hitahlífar af eldsneytisflaug gefið sig í flugtaki, fallið á sjálfa ferjuna og valdið á henni skemmdum sem urðu svo til þess að hún brann upp við komuna í gufuhvolf jarðar.

Slysin tvö voru NASA að vonum gífurlegt áfall. Sú staðreynd að tvær ferjur höfðu farist og fjórtán manns með þeim í ríflega hundrað leiðöngrum var einfaldlega ekki ásættanlegt að mati stofnunarinnar. Þegar við bættist mikill kostnaður við áætlunina, alls um 100 milljarðar króna á ári, þótti ljóst að upphaflegu markmiðin með smíði ferjanna, að búa til hagkvæmt og öruggt geimfar, voru í raun brostin.

Erfiðleikarnir sem upp hafa komið í STS-114-leiðangrinum gætu verið síðasti naglinn í kistu geim-



**UNNIÐ AÐ VIÐGERÐUM** Geimfarinn Stephen Robinson hangir í OBSS-búnaðinum sem prófaður var í leiðangrinum. Fari svo að bandarísku geimferjurnar hætti ferðum sínum með öllu munu rússnesk Sojus-geimför annast ferðir í Alþjóðlegu geimstöðina.

Fyrst þú ert að lesa þetta þá hefur þú örugglega fengið Fréttablaðið í morgun, og þarft sennilega ekkert að **hringja í síma 550 5000** til að láta vita að þú hafir ekki fengið neitt blað í morgun.

En ef þú þekkir einhvern sem hefur **ekki fengið Fréttablaðið**, biddu hann endilega um að láta okkur vita, því annars er þessi auglýsing alveg gjörsamlega tilgangslaus.

NÚMERIÐ SEM ÉG ÆTLA AÐ HRINGJA Í EF FRÉTTABLAÐIÐ KEMUR EKKI:

550 5000

FRÉTTABLAÐIÐ

Nýtt könnunarfar sent til Mars:

# Í leit að lífi á öðrum hnöttum

**LOS ANGELES, AP** Í dag skýtur NASA á loft tveggja tonna könnunargeimfari sem setur stefnuna á Mars með það að markmiði að safna upplýsingum sem gefa vísbendingar um hvort líf hafi getað þrifist á plánetunni.

Gert er ráð fyrir því að ferjan nái til Mars um miðjan marsmánuð á næsta ári og fari þá á sporbaug í kringum plánetuna og safni þaðan upplýsingum sem gagnast þegar þjarkar verða sendir til plánetunnar á komandi árum. Nú þegar eru þrjú geimför á sporbaug um rauðu plánetuna.

Mars er þurr og köld pláneta og þykkar íshellur eru á skautum hennar. Vísindamenn telja hins vegar að í fyrndinni hafi plánetan ef til vill verið rakari og jafnvel hlýrri og þar hafi getað þrifist líf.

Geimferjan er búin einhverjum tæknilegustu verkfærum sem send hafa verið út í geim, þar á meðal smásjármyndavél sem getur tekið skýrari myndir en nokkurn tímann áður af yfirborði plánetunnar, í sex sinnum hærri upplausn en bestu myndavélar hingað til. Þá er um borð ratsjá sem hægt er að senda niður að yfirborði plánetunnar, þar sem hún getur borað sig niður í allt að 500 metra dýpi í íshelluna og safnað gögnum. Önnur tæki geta til dæmis rakið daglegar veðurbreytingar og auðkennt ýmsar steintegundir.

Eftir að hafa aflað gagna mun ferjan aðallega þjóna sem fjarskiptamiðstöð fyrir aðrar geimflaugar sem verða sendar til Mars, en loftnet ferjunnar er afar öflugt og getur sent um tíu sinnum meira af gögnum á mínútu en önnur för hingað til. **- bs**



MYND/AP

**KÖNNUNARFARIÐ Á SPORBAUG** Þessi tölvuteikning af geimfarinu gefur hugmynd um hvernig útsýnis er við rauðu plánetuna.

# innar



**UPPI Í HIMINHVOLFI** Þegar Discovery var skotið á loft 26. júlí síðastliðinn hafði bandarísk geimferja ekki farið út í geiminn síðan Kólumbía fórst í ársbyrjun 2003.

ferjuáætlunarinnar. Þótt flest bendi til að Discovery lendi heilu og höldnu í Flórída í dag eða einhvern næstu daga þá hefur NASA þegar lýst því yfir að öllum frekari geimskotum verði frestað um óákveðinn tíma þar til búið er að koma í veg fyrir óhöpp eins og þau sem grönduðu Kólumbíu og ógnuðu Discovery. Framtíð áætlunarinnar veltur í rauninni á því. ■



MYNDIR/NASA




**HP Compaq nc6120**
Intel© Pentium© M Processor 750, 1.86 GHz
Intel© CentrinoT Mobile Technology,
**Skjár:** 15" TFT, 1400 x 1050 upplausn, SXGA+WVA (16 million colors)
**Minni:** 512-MB DDR SDRAM, hámark 2048 MB
**Harður diskur:** 60-GB 5400 RPM SMART
**Drif:** 16X DVD+/-RW LightScribe
**Netkort:** NetXtreme Gigabit Ethernet Controller (10/100/1000 NIC)
Intel PRO/Wireless 2200BG 802.11b/g WLAN BLUETOOTH
**Þyngd:** 2,7 kg
**Stýrikerfi:** Microsoft Windows XP Pro
**Ábyrgð:** 3ja ára alþjóðleg á vinnu og varahlutum

**Skólatilboðsverð: 159.900 kr.**

**Fimmti hver viðskiptavinur fær eitt af eftirfarandi:**
- Maxell geisladiska 25 stk.
- Grafískan vasareikni
- Fartölvutösku
- Geisladiskaveski
- Minnislykill




**FYLGIHLUTAPAKKI !**
Fylgihlutapakki að andvirði 16.000 kr. fylgir öllum fartölvum hjá Pennanum á aðeins 1000 kr.

# Fartölvuhátíð Pennans

## fimmtudaginn 11. ágúst kl. 17–21

hp invent IBM TOSHIBA

Verið velkomin á Fartölvuhátíðina miklu í Pennanum, Hallarmúla. Þar skoðar þú og berð saman bestu fartölvurnar á einum stað. Ráðgjafar frá Toshiba, IBM og HP verða á staðnum.

**Fulltrúar frá KB Banka (KB Námsmenn) og VÍS ráðleggja um fjármögnunarleiðir og fartölvutryggingar.**

**KB Námsmenn sem kaupa fartölvu í Pennanum fá glæsilegan kaupauka* að verðmæti 20.000 kr.**



**Skrifborðsstóll**
**Vönduð fartölvutaska**
**Kortalesari**
* Gildir á meðan birgðir endast

**KB Námsmenn** geta fengið allt að **300.000 kr.** tölvukaupalán til allt að þriggja ára á mjög hagstæðum kjörum.
Nánari upplýsingar á **kbnamsmenn.is**.

KB Námsmenn KB BANKI

## Til gamans:

**Við grillum pylsur** frá Kjarnafæði og allir fá Kristal Plús.

**Lifandi tónlist.**

Námsmaðurinn **Þorsteinn Guðmundsson** mætir með uppistand.

**KissFM895** er með beina útsendingu á staðnum.

KJARNAFÆÐI ...hvað er betra!

Kiss FM895

PENNINN

Penninn Hallarmúla 2 s. 540 2065

Fíton/SÍA F l 0 1 3 9 0 5


99 kr. dagurinn
Á FERÐALAGI
Þrautabók fyrir krakka á öllum aldri
99 kr/stk.
Þrautabók
99 kr/pk.
Stimplar 2 í pakka
Kaleido-scope
99 kr/stk.
Munstur kíkir
99 kr/stk.
Regnbogagormur
99 kr/pk.
Tafla, krítar og svampur
99 kr/pk.
Vatnslitir og leirform
99 kr/pk.
HAGKAUP
Einnota myndavél
99 kr/stk.
Plastsleikja
99 kr/stk.
Drykjarkanna
99 kr/stk.
Skálar
99 kr/stk.
Barna sokkar
99 kr/pk.
Florida
Teljós 10 stk.
99 kr/stk.
Glerskál 12 cm
Tilboðin gilda 9. ágúst eða meðan birgðir endast.
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla


99 kr/pk.
Emmess Batman ís
99 kr/stk.
Fetaostur m/hvítlauk og kóríander
99 kr/stk.
Risabrauð 1 kg.
99 kr/stk.
Fanta 2 ltr.
99 kr/pk.
Skólaskinka
99 kr/pk.
Borgarnes lambabjúgu
99 kr/stk.
Sun Lolly safar
99 kr/pk.
Svínabuff 3 stk. í pakka
99 kr/pk.
Myllu baguette 2 stk. í pakka
99 kr/pk.
Orville örbylgjupopp
99 kr/stk.
Baðbombur
99 kr/stk.
Balconi kökur
99 kr/kg.
Klementínur
HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

# skoðun

SJÓNARMIÐ
SIGURJÓN MAGNÚS EGILSSON

Félagsmálaráðherra gefur þjóðinni vilyrði um aukinn rétt samkynhneigðra. Það er gott hjá honum.

## Samkynhneigðir og gærdagurinn

Það er gamaldags og á að vera óþarft að ekki sé eining um að réttindi samkynheigðra séu og verði þau sömu og annarra. Árni Magnússon félagsmálaráðherra hefur sagt breytingar í vændum. Breytingarnar sem ráðherrann nefnir hafa ekki orðið og áður en það gerist á margt eftir að gerast.

Auðvitað ber að fagna því að ráðherrann tali eins og hann gerði á Hinsegin dögum. Þar sagði hann meðal annars: „Ég trúi því að innan tíðar verði réttur homma og lesbía til að ættleiða börn til jafns á við gagnkynhneigð pör. Að lesbíur í staðfestri samvist njóti sama réttar og aðrar konur til tæknifrjóvgunar á sjúkrastofnunum og að þess verði ekki heldur langt að bíða að prestum og forstöðumönnum safnaða verði heimilaður réttur, óski þeir þess, til að gerast vígslumenn þeirra sem hyggjast ganga í staðfesta samvist.“ Vonandi veit hann hvað hann er að segja, og þegar hann segist hafa trú á að rétturinn til ættleiðinga verði jafn eigi ráðherrann við að hann viti að svo verði. Það er vonandi að ráðherrann hafi tryggt sér fylgi við skoðanir sínar.

*Við vorum þó ekki viss um viðhorf stjórnarflokkanna og því er ræða Árna ánægjuleg.*

Árið 1996 var stigið stórt skref í jafnréttisbaráttu samkynhneigðra þegar lög voru sett um staðfesta samvist. Ráðherra sagði á Hinsegin dögum að ekki ætti þó að láta þar staðar numið. Ættleiðingar og tæknifrjóvganir samkynhneigðra væru á meðal þess sem þyrfti að taka til alvarlegrar skoðunar.

„Ég tek undir það sjónarmið að meginmarkmið ættleiðingar er að útvega barni fjölskyldu en ekki að útvega fjölskyldu barn. Nauðsynlegt er að tryggja barni bestu hugsanlegar aðstæður og ég tel þær geta allt eins verið að finna hjá samkynhneigðum sem gagnkynhneigðum foreldrum.“ Í ræðunni kallaði félagsmálaráðherra eftir opnari og hreinskiptari umræðu um rétt samkynhneigðra til fjölskyldulífs. „Við þurfum að auka fræðslu til skólabarna um þessi mál sem og almennings, til að sporna við fordómum, því við viljum standa vörð um að mannvirðing sé í heiðri höfð í okkar samfélagi.“

Þetta er lofsvert hjá ráðherranum og vonandi er það svo að starfssystkin hans á Alþingi séu flest sömu skoðunar og óþolandi flokkun á fólki til mannréttinda verði aflögð. Að feitir og samkynhneigðir hafi sama rétt til fjölskyldulífs og þeir sem hvorki eru feitir né samkynheigðir.

Stjórnmálamenn eru eflaust til margra hluta gagnlegir, en þeir geta ekki verið hæfari til að meta hvernig fjölskyldur eru skipaðar, hvorki að hugsun né gerð.

„Mér þykir gríðarlega ánægjulegt að hann skuli ganga svona langt,“ segir Hrafnhildur Gunnarsdóttir, formaður Samtakanna '78, um orð Árna Magnússonar félagsmálaráðherra. „Síðan skýrsla um réttarstöðu samkynheigðra kom út í fyrra hefur okkur fundist þetta vera sá póll sem tekinn er í hæðina af stjórnmálamönnum almennt. Við vorum þó ekki viss um viðhorf stjórnarflokkanna og því er ræða Árna ánægjuleg,“ segir Hrafnhildur.




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Í skýjunum

Björn Ingi Hrafnsson, aðstoðarmaður Halldórs Ásgrímssonar forsætisráðherra, er í skýjunum – nánast bókstaflega – þessa dagana. Það sem kætir hann svona mikið er ákvörðun breska flugfélagsins British Airways að hefja áætlunarflug til Íslands næsta vor. „Þetta eru auðvitað stórtíðindi í samgöngumálum okkar Íslendinga,“ segir hann í pistli á heimasíðu sinni, bjorningi.is. „British Airways hyggst fljúga fimm sinnum í viku frá mars á næsta ári milli Gatwick í Lundúnum og Keflavíkur og bætist þar með í hóp Icelandair og Iceland Express sem þegar bjóða upp á fjölmargar ferðir í viku milli heimsborgarinnar og Íslands.“



### Stór markaður

Björn Ingi telur þessa ákvörðun British Airways merkilega fyrir margra hluta sakir, „og örugglega má segja að íslensku flugfélögin séu nú orðin fórnarlömb eigin velgengni. Með markvissu kynningarstarfi hefur tekist að koma Íslandi og ekki síst Reykjavík á kortið í Bretlandi og helgarferðir hingað til lands eru t.d. orðnar mjög vinsælar hjá ungu fólki þar í landi. Þegar jafn stórt og öflugt félag og British Airways ákveður að hefja hingað reglubundið áætlunarflug þýðir það að markaðurinn fyrir Ísland sem ferðamannaland er orðinn stór og farið að borga sig fjárhagslega fyrir stóra aðila að keppa á honum. Það eru frábær tíðindi og til þess fallin að stækka enn frekar kökuna; fjölga ferðamönnum hingað til lands og auka þannig tekjur þjóðarbúsins“.

### Ekki „ fórnarlömb“

„Fyrir Leifsstöð skiptir aukinheldur miklu máli að auka starfsemina á Keflavíkurflugvelli og fyrir aðila í ferðaþjónustu þýðir þetta aukin tækifæri. Þetta eru því einhver jákvæðustu tíðindi af samgöngumálum og ferðaþjónustu í langan tíma,“ segir Björn Ingi. Vafalaust er mikið til í þessu öllu, nema hvað ástæðulaust virðist að tala um íslensku flugfélögin sem „fórnarlömb eigin velgengni“. Líklegast er að þau hagnist frekar á þessu en hitt, „kakan stækki“ eins og Björn Ingi segir raunar, meðal annars fyrir tilstuðlan Íslandsauglýsinga sem hljóta að fylgja þessari ákvörðun breska flugfélagsins.

gm@frettabladid.is

## Þegar ættarsilfrið er selt

UMRÆÐAN



INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR
FORMAÐUR SAMFYLKINGARINNAR

*Ættarsilfur má að sjálfsögðu selja og það er gert á degi hverjum eins og verslanir og markaðir bera með sér. En þegar það er selt skiptir máli að það sé gert í sem mestri sátt við þá sem hlutu það í arf og að þeir komi sér líka saman um hvernig andvirðinu af sölunni er varið.*

Orð eru máttug. Þau eru ekki bara til alls fyrst heldur alls vís. Það sá ég á leiðara Fréttablaðsins í dag, mánudag, eftir Guðmund Magnússon en það hefur orðið honum tilefni til tveggja leiðaraskrifa að ég skyldi nota orðið ættarsilfur í sömu andrá og Símann þegar hann var seldur. Ályktunin sem hann dregur af þessari orðnotkun er sú að í henni felist einhvers konar andstaða við viðskiptalífið í landinu. Þetta finnst mér ekki merkileg rökfræði – eiginlega kreddur.

Síminn er að stofni til eitt af elstu fyrirtækjum landsins. Fyrirtækið hefur fram til þessa dags verið í eigu íslensks almennings sem hefur stofnað til þeirra verðmæta sem liggja í fyrirtækinu á löngum tíma. Þetta er fyrirtæki sem margar kynslóðir Íslendinga hafa byggt upp. Að því leytinu til er þetta eins og ættarsilfrið. Ættarsilfur má að sjálfsögðu selja og það er gert á degi hverjum, eins og verslanir og markaðir bera með sér. En þegar það er selt skiptir máli að það sé gert í sem mestri sátt við þá sem hlutu það í arf og að þeir komi sér líka saman um hvernig andvirðinu af sölunni er varið. En hér skilur líka á milli Símans og ættarsilfursins.

Það var ekki sátt um það hvernig staðið var að sölu Símans. Samkvæmt könnun Gallups frá því í mars sl. vildu aðeins 42% þjóðarinnar selja Símann og þegar kom að grunnetinu var mikill meirihluti þjóðarinnar, eða 76%, andvígur sölu þess. Mikill meirihluti þjóðarinnar vildi sem sagt halda eftir ákveðnum hluta af ættarsilfrinu, svo haldið sé áfram með þá líkingu. Í þessum hópi eru væntanlega margir sem tilheyra viðskiptalífinu í landinu, enda eiga þeir umtalsverða hagsmuna að gæta.

Síminn hefur yfirburðastöðu í fjarskiptum einmitt vegna grunnnetsins og það skiptir miklu máli fyrir almenning og viðskiptalífið í landinu hvernig aðgengi að því verður háttað. Síminn er í samkeppni á smásölumarkaði og keppir þar við símafyrirtæki, netfyrirtæki, fjölmiðlafyrirtæki o.fl. en ræður jafnframt yfir öflugasta grunnneti landsmanna sem þessi sömu fyrirtæki þurfa að kaupa aðgang að. Hann er m.ö.o. í samkeppni við viðskiptavini sína en slíkt hefur aldrei kunnað góðri lukku að stýra.

Það er sagt að það eigi að vera s.k. „kínamúrar“ á milli smásöluog heildsöluhlutans, þ.e. upplýsingar sem fást í gegnum heildsölu Símans til samkeppnisaðilanna eigi ekki að leka yfir í smásöluhluta fyrirtækisins. Ef marka má viðbrögð margra forystumanna þeirra fyrirtækja, sem eru í samkeppni við Símann, við sölu grunnnetsins þá hafa menn áhyggjur af því hvort sá trúnaður haldi.

Greiður og jafn aðgangur allra landsmanna að öflugu grunnneti skiptir sköpum fyrir byggðarlög um land allt. Þetta er upplýsingahraðbraut nútímans og þau svæði sem ekki ná að tengjast henni á sama tíma og önnur munu fara halloka í samkeppninni um fólk og fyrirtæki. Það er því ekki sjálfgefið, eins og Guðmundur Magnússon virðist telja, að sala grunnnetsins sé viðskiptalífinu eða almenningi í landinu til hagsbóta.

Stundum hættir mönnum til að láta pólitísk hugmyndakerfi hugsa fyrir sig. Það eru kallaðar kreddur og þær hafa oftar en ekki leitt menn á villigötur. Þannig hafa róttækir vinstri menn oftar en ekki lagst gegn hvers kyns einkavæðingu eða einkarekstri en sanntrúaðir hægri menn aftur á móti talið hvort tveggja alltaf og í öllu tilvikum til bóta.

Eins og jafnaðarmannaflokkar í öðrum löndum tekur Samfylkingin afstöðu til einkavæðingar og rekstrarforma með almannahagsmuni að leiðarljósi. Stundum á einkavæðing við vegna þess að það eru forsendur fyrir öflugum samkeppnisrekstri. Þannig eru ekki áhöld um að einkavæðing bankanna leysti úr læðingi mikinn kraft. Í öðrum tilvikum getur einkavæðing falið í sér aðgang einkaaðila að markaðsráðandi stöðu, sem dæmin sanna að hefur oft komið niður á gæðum og verði þjónustunnar. Sú hætta er fyrir hendi við sölu á grunnneti Símans, eins og Samfylkingin hefur margsinnis bent á.

En salan á grunnnetinu er orðin að veruleika og út frá þeirri staðreynd verður nú að vinna. Þrennt skiptir máli í því sambandi. Í fyrsta lagi að tryggður verði aðgangur allra landsvæða að háhraða nettengingu með umtalsverða burðargetu. Í öðru lagi að eftirlitsstofnanir með samkeppni á þessu sviði verði í stakk búnar til að fylgjast með því að „kínamúrarnir“ haldi, Síminn misnoti ekki yfirburðastöðu sína og að það sé virk samkeppni á þessum markaði. Og í þriðja lagi að andvirðinu sem fékkst við sölu Símans verði varið þannig að það komi öllum fyrri eigendum til góða, þ.e. það nýtist í þágu landsmanna allra. Samfylkingin mun fylgja þessu öllu fast eftir.




FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365 – prentmiðlar RITSTJÓRI: Kári Jónasson FRÉTTARITSTJÓRI: Sigurjón M. Egilsson AÐSTOÐARRITSTJÓRI: Jón Kaldal FRÉTTASTJÓRI: Arndís Þorgeirsdóttir VARAFRÉTTASTJÓRI: Trausti Hafliðason FULLTRÚI RITSTJÓRA: Guðmundur Magnússon RITSTJÓRNARFULLTRÚI: Steinunn Stefánsdóttir AUGLÝSINGASTJÓRI: Þórmundur Bergsson RITSTJÓRN OG AUGLÝSINGAR: Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **AÐALSÍMI: 550 5000** SÍMBRÉF Á FRÉTTADEILD: 550 5006 NETFÖNG: **ritstjorn@frettabladid.is** og **auglysingar@frettabladid.is** VEFFANG: **visir.is** UMBROT: 365 – prentmiðlar PRENTVINNSLA: Ísafoldarprentsmiðja ehf. DREIFING: Pósthúsið ehf. **dreifing@posthusid.is** Fréttablaðinu er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Suðurnesjum og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| REYKJAVÍK | 5.00 | 13.33 | 22.04 |
| AKUREYRI | 4.31 | 13.18 | 22.02 |

*Heimild: Almanak Háskólans*

FRÉTTABLAÐIÐ

# allt

## [ brúðkaup o.fl.

Varahlutir á brúðkaupsdaginn

BLS. 8 ]



**SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000 OG Á visir.is**

*Góðan dag!*

**Í dag er þriðjudagurinn 9. ágúst, 221. dagur ársins 2005.**

## KRÍLIN




## Smáauglýsingar

**Flokkar**

**Bílar & farartæki**

**Keypt & selt**

**Þjónusta**

**Heilsa**

**Skólar & námskeið**

**Heimilið**

**Tómstundir & ferðir**

**Húsnæði**

**Atvinna**

**Tilkynningar**

**ÞÚ GETUR PANTAÐ SMÁAUGLÝSINGAR Á visir.is**

vísir



FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Heru finnst sushi voðalega gott enda gerir það hana hamingjusama.

# Matur sem gerir mig hamingjusama

***Hera Ólafsdóttir, leikstjóri og pródúsent, hefur í nógu að snúast í leikhús- og sjónvarpsbransanum og því er lítill tími eftir til að halda heilsunni við. Hún reynir þó eins og hún getur og hugsar vel um mataræðið.***

„Ég geri eiginlega ekki neitt til að halda mér í formi,“ segir Hera og hlær en blaðakona er fullviss um að hún vanmetur það stórlega. „Já, ég náttúrulega hlæ, borða góðan mat, fer í sund og fer til útlanda.“

„Ég fer í sund þegar ég kemst í sund. Undanfarin ár hef ég verið að vinna svo mikið að ég hef meira að segja sleppt því að fara í sund og koðnaði eiginlega niður en núna er ég að taka mig á. Mér finnst voðalega gott að vera úti og fara í sund en nú er planið að fara í ræktina. Ég er alltaf á leiðinni en það er bara svo brjálað að gera. Ég er ein af þeim sem kaupa kort og mæta síðan ekki þannig að það má segja að ég haldi helstu líkamsræktarstöðvum bæjarins uppi,“ segir Hera og hlær dátt, greinilega í góðu sumarskapi.

Hera þeysist mikið um í vinnunni og má segja að það haldi henni að vissu leyti í formi en hún hugsar líka talsvert um mataræðið. „Mataræðið er svona upp og niður. Þegar ég flutti til Bretlands árið 2001 tók ég mig til og breytti algjörlega um mataræði. Ég hætti að borða mjólkurvörur og drakk frekar sojamjólk og borðaði ekkert hvítt hveiti. Ég tók aldeilis á því og hef nokkurn veginn staðið við það,“ segir Hera, sem hefur þó fundið leið til að borða bara góðan mat. „Ég er alltaf meira og meira á því að maður eigi bara að borða mat sem gerir mann hamingjusaman. Það er líka svo gaman að borða eitthvað sem gerir mann glaðan, eins og sushi. Síðan verður maður bara að vona að það sé hollt, sem það er oftast.“

*lilja@frettabladid.is*

# Konur sem reykja í hættu á að fá heilablóðfall

KONUR SEM REYKJA OG EIGA MAKA SEM REYKIR ERU Í SEX SINNUM MEIRI HÆTTU Á AÐ FÁ HEILALÓÐFALL.

Konur sem reykja og eiga einnig maka sem reykja eru samkvæmt nýrri rannsókn í sex sinnum meiri hættu á að fá heilablóðfall en konur sem reykja og eiga reyklausa maka. Rannsóknin var gerð í Lækna- og tannlæknaháskólanum í New Jersey í Bandaríkjunum undir leiðsögn dr. Adnan I. Qureshi. Hann og félagar hans greindu gögn frá 5.379 konum. Af þeim voru 2.347 reykingamenn eða fyrrum reykingamenn og 1.904 voru giftar reykingamönnum. Konurnar sem reyktu og áttu maka sem reyktu voru í 5,7 sinnum meiri hættu á að fá heilablóðfall en hinar. Konur sem reykja ekki og eiga maka sem reykja voru ekki í miklu meiri hættu á að fá heilablóðfall en reyklausar konur með reyklausa maka.



MYND/GETTY

## LIGGUR Í LOFTINU

*í heilsu*

**Fuglaflensan** hefur greinst í tveimur rússneskum héruðum til viðbótar og líklegt er að sjúkdómurinn muni breiðast út í Norður-Kasakstan. Yfirvöld í Rússlandi óttast að undirtegund fuglaflensunnar sem er hættuleg mönnum geti stökkbreyst í banvænt afbrigði sem gæti jafnast á við eða verið skæðari en spænska veikin sem drap tuttugu til fjörutíu milljónir manns í öllum heiminum í lok fyrri heimsstyrjaldarinnar. Í Rússlandi hefur rúmlega tíu þúsund heimilisfuglum verið safnað saman á síðustu dögum svo vírusinn breiðist ekki út.



**Mikil hreyfing** eins og sund, hlaup og garðyrkja getur minnkað líkur á heilablóðfalli, samkvæmt nýrri finnskri rannsókn. 47.721 Finni á aldrinum 25 til 64 ára tók þátt í rannsókninni. Í rannsókninni kom fram að líkurnar á að þeir sem stunduðu hreyfingu á hverjum degi fengju heilablóðfall voru 26 prósentum minni en hinna. Þeir sem stunduðu hreyfingu í hófi voru fjórtán prósentum ólíklegri til að fá heilablóðfall en þeir hreyfingarlitlu.

**Daglegur skammtur** af fjölvítamínum og steinefnum hindrar ekki öndunar-, maga-, húð- eða aðrar sýkingar í öldruðu fólki, samkvæmt nýrri rannsókn í Bretlandi. Níu hundruð manns tóku þátt í rannsókninni, sem greint er frá í British Medical Journal. Helmingnum var gefin fjölvítamín og steinefni en hinum gervilyf. Þegar fjöldi sýkinga og lífsgæði voru borin saman fannst enginn munur á þessum tveimur hópum. Áætlað er að tíu prósent fólks á sjötugsaldri eða eldra í Bretlandi og víðar fái ekki nóg af vítamínum og steinefnum.



**Ákveðin efnasambönd** í spergilkáli geta hindrað eða hægt framvindu krabbameins í þvagblöðru, samkvæmt rannsókn við Ohio State-háskólann í Bandaríkjunum. Vísindamennirnir einangruðu jurtaefni, sem heitir glucosinolati, í spergilkáli. Þegar það er tuggið og melt breytist það í efnasambönd sem kölluð eru isothiocyanöt sem talin eru berjast gegn krabbameini. Í rannsókninni kom í ljós að isothiocyanöt hægðu á vexti krabbameinsfruma í þvagblöðrunni.



*heilsa@frettabladid.is*

ÁGÚST

Kafbátur mánaðarins

Kafbátur með krabbasalati

...og öllu því grænmeti sem við höfum upp á að bjóða



Gildir í ágúst 2005
Gildir ekki með öðrum tilboðum
Gildir ekki í Stjörnumáli

6 tommu bátur kr. 299

12 tommu bátur kr. 499

SUBWAY

**Tímaskortur** Láttu ekki tímaskort koma í veg fyrir að þú hreyfir þig. Þú þarft ekki að sitja á rassinum þótt þú hafir ekki tíma fyrir langar æfingar. Prófaðu til dæmis að labba í vinnuna. Þótt þú gangir ekki nema í tíu mínútur á dag gerir það samt mikið gagn fyrir heilsuna.

















Rétt stillt hjól er lykilatriði.

# Hvers konar hjól þarft þú?

***Hjól eru hentugur ferðamáti hvort sem er til skemmtunar eða af öðrum alvarlegri ástæðum. En til þess að þægilegt sé að hjóla verður hjólið að vera rétt stillt, af réttri gerð og í réttri stærð.***

Á vefsvæði Íslenska fjallahjólaklúbbsins er að finna ráðleggingar til reiðhjólamanna um hvers konar hjól þeir eigi að velja sér. Í verslunum hér á landi fer mest fyrir þremur tegundum hjóla sem henta fólki mismunandi eftir því hvert notagildi reiðhjólsins á að vera.

**Götuhjól** eru oftast með þremur til sjö gírum og situr hjólreiðamaðurinn beinn í baki á sætinu. Ásetan er þannig að hann hefur gott útsýni yfir umferðina og koma þau oft með bögglabera og breiðu sæti. Þegar stærð götuhjóla er metin á að miða við að koma tveimur fingrum milli stangar og klofs. Götuhjól eru gríðarlega vinsæl í nágrannalöndum okkar en eru ekki eins hentug hér á landi. Til dæmis duga þrír gírar varla þegar farið er milli bæjarhluta, vegna þess hve landslagið er hæðótt.



Á Íslandi hafa **fjallahjól** lengi notið mestra vinsælda allra hjóla. Sætið á þeim er hátt og stillt í því skyni að hjólreiðamaðurinn sjái sem best á jörðina þar sem hann hjólar. Stærð stellsins á að vera þannig að hnefi komist á milli klofs og stangar þegar staðið er. Stýrin eru oftast bein og er æskilegt að breidd þeirra sem sé næst axlarbreidd þess sem það situr. Fjallahjólin eru góð því þau komast flest og gírarnir eru þægilegir þegar farið er upp og niður. Aftur á móti finnst mörgum þau helst til klunnaleg til innanbæjarnota.

Þriðji valkosturinn er hið svokallaða **stígahjól,** sem er eins konar blendingur milli götuhjóla og fjallahjóla. Sætið er nærri götuhjólunum þótt hjólreiðamaðurinn sé kannski ekki alveg jafn teinréttur. Hjólið hefur aftur á móti fleiri gíra og oft betri dekk. Hjólið nær því meiri hraða en fjallahjólin en kemst betur yfir torfærur en götuhjólin.



# *Jóga megrandi á miðjum aldri*

***Vísindamenn í Bandaríkjunum hafa komist að því að jóga á miðjum aldri getur hindrað eða minnkað þyngdaraukningu.***

Reglulegar jógaæfingar gætu verið ein leið til að hindra þyngdaraukningu á miðjum aldri, samkvæmt nýrri rannsókn við Fred Hutchinson Cancer Research Center í Bandaríkjunum.

Tengingin er að vísu óbein en jógaiðkendur geta forðast, eða að minnsta kosti minnkað, þyngdaraukningu upp á hálft kíló á ári sem flestir ganga í gegnum á aldrinum 45 til 55 ára.

Vísindamennirnir notuðu gögn frá rúmlega fimmtán þúsund körlum og konum á aldrinum 53 til 57 sem gáfu upp þyngd sína 45 ára og núverandi þyngd sína. Þátttakendur þurftu líka að svara hvort þeir gengu, lyftu lóðum eða stunduðu jóga reglulega.

Jógaiðkun í fjögur ár eða meira í að minnsta kosti þrjátíu mínútur á viku var tengd við eins og hálfs kílós þyngdartap meðal fólks sem var í eðlilegri þyngd 45 ára. Of þungir 45 ára jógaiðkendur misstu að meðaltali 2,2 kíló á móti sex kílóa þyngdaraukningu þeirra sem ekki iðkuðu jóga. Ofþyngd var skilgreind að hafa líkamsmassavísi 25 eða meira.



MYND/GETTY

Fólk á miðjum aldri sem stundar jóga getur spornað gegn þyngdaraukningu.



Í fyrra hlupu 3.800 manns í Reykjavíkurmaraþoninu.

# Íslandsbanka Reykjavíkurmaraþonið færist nær

***Útlendingar duglegri að skrá sig.***

Undirbúningur fyrir Íslandsbanka Reykjavíkurmaraþonið er í fullum gangi að sögn Hjördísar Guðmundsdóttur kynningarstjóra og þegar hafa um þúsund manns skráð sig, sem eru nokkuð fleiri en á sama tíma í fyrra. Þeir sem þegar hafa skráð sig ætla einkum að hlaupa lengri vegalengdirnar. Íslendingar virðast vera seinir til að skrá sig í skemmtiskokk og styttri hlaup en allnokkrir útlendingar hafa skráð sig. Meðal þeirra eru 230 Kanadamenn sem taka þátt í Reykjavíkurmaraþoninu þriðja árið í röð. Þetta er hópur sem kemur á vegum kanadísku sykursýkissamtakanna og hleypur til góðs um allan heim til styrktar samtökunum og safnar með því áheitum í sínu heimalandi. „Þetta fólk er alls ekki allt þjálfaðir hlauparar og sumir fá að byrja klukkutíma á undan hinum svo allir nái í mark í tíma,“ segir Hjördís. Annars er búist við því að um 500 útlendingar taki þátt í hlaupinu, þar á meðal sigurvegarinn frá því í fyrra, Måns Hoiom. Í fyrra var þátttökumet slegið og allt útlit er fyrir að það verði slegið aftur í ár enda finnst mörgum fátt skemmtilegra en að hlaupa sér til skemmtunar og heilsubótar.

Enn er hægt að skrá sig til hlaups á www.marathon.is. ■

# Alparós í sólarvörn

***Ný sólvarnarlína frá Weleda fyrir alla fjölskylduna.***

Komnar eru í sölu hjá apótekum, lyfjaverslunum, heilsubúðum og barnaverslunum nýjar Weleda-sólarvörur sem saman mynda samfellda línu sem samanstendur af andlitskremi með vörn að styrkleika 20, húðmjólk með vörn 15 og eftiráburði.

Í þessari línu eru engin efni sem hafa skaðleg áhrif á húðina, heldur virku efnin títandíoxíð og zinkoxíð sem vísindamenn mæla sérstaklega með sem varnarefni gegn geislum sólar, einkum fyrir börn. Einnig eru í sólarvörninni olíur úr alparós (Edelweiss), sem er sögð hjálpa húðinni að verjast skaðlegum geislum sólarinnar og varna öldrun.

Eftiráburðurinn er kælandi og inniheldur meðal annars aloa vera, ólífuolíu, sesamolíu og E-vítamín.

Kremin eru vatnsheld og veita bæði vörn fyrir UVA- og UVB-geislum sólar.

Þetta er örugg og mild sólvörn fyrir alla fjölskylduna.



Þessi sólvarnarlína er vatnsheld, örugg og mild, samkvæmd upplýsingum frá framleiðanda.

# Trefjar gegn krabbameini

***Rannsóknir sýna að trefjaneysla dregur úr líkum á alvarlegum sjúkdómum.***

Trefjar eru mikilvægur hluti af mataræði fólks sem vill halda sér á heilsusamlegri braut. Ný rannsókn sýnir líka að trefjar hafa aðra jákvæða aukaverkun – þær draga úr líkum á ristilkrabbameini. Þar að auki virðast þær draga úr líkum á hjartasjúkdómum og sykursýki, ef marka má þessar niðurstöður sem birtust í ágústtímariti karlaheilsutímariti Harvard. Niðurstöðurnar vekja athygli fyrir þær sakir að áður var því statt og stöðugt haldið fram að mataræði hefði engin jákvæð áhrif þegar kemur að krabbameini í meltingarfærum.

Ráðlögð trefjaneysla fyrir meðalmann er 38 grömm á dag en meðalmaður nær sjaldan að borða svo mikið á hverjum degi. Í umræddri rannsókn voru þeir sem borðuðu mest af trefjum einungis að innbyrða tæp 29 grömm en voru þó 41 prósenti ólíklegri til að fá hjartaáfall á sex ára tímabili en þeir sem borðuðu minnst af trefjum.



Trefjar eru til dæmis í sumum ávöxtum.

Hægt er að auka trefjaneyslu til dæmis með því að borða gróft brauð, gróft morgunkorn og annan mat sem inniheldur grófmalað korn og fræ. ■
















Gallerý fiskur
Í verslun
Úrval nýrra og góðra fiskrétta lagaða úr fersku grænmeti og nýjasta fiskinum m.a.:
Grillpinnar með grænmeti og fiski
Rauðspretta með pestó, ólívum og sólþurrkuðumtómötum
Masman karrý fiskréttur
Lúða í grænpiparsósu
auk mikils úrvals af ferskum fiski í flökum og steikum
Opið í veitingahúsi öll kvöld nema sunnudaga
Veitingahús: mán.-fös. 11:30-15:00 & 18:00-22:00, lau. 18:00-22:00
Verslun: mán.-fös. 10:00-18:30
Nethylur 2, 110 RVK. S: 587 2882
www.galleryfiskur.is





Stærsta heilsuvöruverslun á landsbyggðinni
Sendum í póstkröfu
Heilsuhornið
S: 462-1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn.is
Útsölustaðir m.a:
Yggdrasil, Fjarðarkaup, Maður lifandi, Lífsins lind -Hagkaup, Lyfjaval og Árnes apotek Selfossi.





Flott í sumar
Ný tæki - Betra verð!
VERÐLÆKKUN
SLENDERTONE MAX 17.900.-
SLENDERTONE FLEX 12.900.-
HREYSTI





Silicol Skin
vinnur gegn fílapenslum og bólum.
Bindur bakteríur og húðflögur og dregur þær til sín.
Þannig getur þú haldið húð þinni mjúkri og hreinni og komið í veg fyrir bólur.
Fæst í apótekum.



Yggdrasill
Erum flutt að Skólavörðustíg 16 í stærra og glæsilegra húsnæði. Margar nýjar vörur og tilboð. *tilbúnir réttir beint í ofninn, *ekta ítalskur ís og margt fleira.
Verið velkomin á Skólavörðustíginn
Yggdrasill
Lífrænt ræktaðar vörur frá 1986 • S: 562 4082





GREEN COMFORT
OPIÐ Í SKÓBÚÐ 13-17
Gæði og þægindi
SKÓR FRÁ GREEN COMFORT MEÐ ORKUINNLEGGI
553 3503
Fótaaðgerðastofa Guðrúnar Alfreðsdóttur
LISTHÚSINU ENGJATEIGI
friskarifaetur.is



ROPE YOGA
stöðin Bæjarhrauni 22
KENNSLA HEFST MÁNUDAGINN 8. ÁGÚST
FRÁBÆRT TILBOÐ Á ÁRSKORTUM
Kennari Guðbjörg Ósk. Skráning er hafin í síma 555-3536 eða 695-0089 og á www.ropeyoga.net
Bæjarhraun 22 / 220 Hafnarfjörður / 3. hæð til vinstri




Sigrún Ingólfsdóttir ásamt nokkrum hressum og hraustum krökkum á heilsuleikskólanum Urðarhóli í Kópavogi.

# Lengi býr að fyrstu gerð

***Börn á heilsuleikskóla skara fram úr í hreyfigetu þegar komið er í grunnskóla. Þau hafa meiri áhuga á íþróttum og eru minna sólgin í sykur en bekkjarfélagar þeirra.***

Urðarhóll er heilsuleikskóli í Kópavogi. Þar er rekin sérstök heilsustefna og lögð áhersla á hreyfingu, næringu og listsköpun. Nú hefur komið í ljós að heilsuuppeldið sem börnin fá á leikskólanum kemur sér vel þegar lengra er haldið út í lífið.

Vinkonurnar Sigrún Ingólfsdóttir og Helga Kristín Olsen útskrifuðust sem kennarar frá Kennaraháskóla Íslands í vor. Lokaverkefni þeirra fólst í því að skoða hreyfiþroska, næringu og lestrarkunnáttu barna í yngstu bekkjum grunnskóla, annars vegar hjá börnum sem höfðu verið á heilsuleikskólanum Urðarhóli og hins vegar hjá börnum úr hefðbundnum leikskólum.

„Við fórum í tvo skóla í Kópavogi og skoðuðum krakka í 1. til 3. bekk. Flestir krakkarnir sem eru á Urðarhóli fara í þessa skóla en í skólunum eru líka mörg börn sem ekki hafa verið á heilsuleikskóla. Við skoðuðum hvernig krökkunum af Urðarhóli gengi í skólanum og notuðum hina krakkana sem samanburðarhóp. Við lögðum íþróttapróf fyrir krakkana þar sem við mældum snerpu, þol og samhæfingu til að skoða hreyfigetuna og svo skoðuðum við líka hvernig þeim gengi í lestri," segir Sigrún. Niðurstöðurnar voru afgerandi og í öllum hópum komu krakkarnir af heilsuleikskólanum betur út. Munurinn var mestur í 3. bekk, sem sýnir að það forskot sem krakkarnir öðlast á heilsuleikskólanum fylgir þeim lengi.

„Við tókum líka viðtöl við foreldra sem höfðu samanburð – höfðu kannski verið með eitt barn á Urðarhóli en annað á öðrum leikskóla. Í ljós kom að krakkarnir sem voru á Urðarhóli voru minna sólgnir í sælgæti en systkini þeirra sem voru á öðrum leikskóla. Þessi börn borðuðu líka meira af grænmeti og ávöxtum. Foreldrarnir voru því mjög ánægðir með heilsustefnuna og tóku vel eftir árangrinum," segir Sigrún.

Heilsustefnan á Urðarhóli virðist einnig vekja áhuga barnanna á íþróttum því þegar krakkar í 3. bekk voru spurðir hvort þeir æfðu einhverjar íþróttir kom í ljós að 92 prósent barnanna sem höfðu verið á Urðarhóli stunduðu íþróttir meðan hlutfallið var aðeins í kringum 50 prósent hjá hinum börnunum.

Sigrún segir að niðurstöðurnar hafi ekki beinlínis komið á óvart en þær hafi verið mjög ánægjulegar. „Áður hafði verið rannsakað hvernig þessi börn stæðu sig í leikskólanum en þetta er í fyrsta sinn sem skoðað er hvernig börnunum vegnar þegar þau eldast. Niðurstöðurnar sýna að heilsustefnan gerir börnunum gott og það er mjög ánægjulegt, sérstaklega þegar umræða um offitu og hreyfingarleysi er áberandi."



# Kylie bjargar mannslífum

***Mun fleiri konur í Ástralíu láta leita að brjóstakrabbameini eftir að söngkonan greindist með sjúkdóminn.***

Ástralskir heilbrigðisstarfsmenn halda því fram að Kylie Minogue geti mögulega hafa bjargað mannslífum með því að ræða opinskátt um baráttu sína við brjóstakrabbamein. Rannsókn sem gerð var í Ástralíu í þær tvær vikur sem umfjöllun um veikindi söngkonunnar stóð sem hæst sýnir að fjöldi kvenna sem bókaði brjóstaskoðun hjá krabbameinsleitarstöð jókst um fjörutíu prósent. Kylie greindist með krabbamein í brjósti í maí síðastliðnum og fór í skurðaðgerð og meðferð í kjölfarið. Hin mikla umfjöllun um veikindi söngkonunnar tók líka á ýmsum þáttum í sambandi við brjóstakrabbamein eins og þeim að ungar konur geta líka fengið sjúkdóminn og að það skiptir höfuðmáli að hann sé greindur tímanlega. Heilbrigðisyfirvöld í Ástralíu eru að vonum ánægð með umfjöllunina og afleiðingar hennar þó að auðvitað óski allir Kylie alls hins besta.

Kylie Minogue greindist með brjóstakrabbamein í maí síðastliðnum.


GOTT FÓLK McCANN
MARGRÆTT
Með Ragnheiði Gyðu Jónsdóttur.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 9.
!
90,9




# Fæðan næringarrík á haustin

***Með lækkandi sól og haustið á næsta leiti er spurning hvort huga þurfi að breyttum næringarþörfum. Sumarið og haustið eru besti tíminn til að fá næringarríka og ferska fæðu og því tilvalið að grípa tækifærið.***



„Næringarþarfir eru ekki árstíðabundnar," segir Brynhildur Briem næringarfræðingur, sem starfar sem sérfræðingur hjá Umhverfisstofnun. „Aftur á móti er fæðan sem er á boðstólum misjöfn eftir árstíma og eru sumarið og haustin albesti tíminn, þar sem fæðan er fersk," bætir Brynhildur við. Á þessum tíma er verið að taka upp nýtt og ferskt grænmeti og úrvalið því mikið og verðlag gott. „Þetta er næringarríkasta fæða sem völ er á og því tilvalið að nota tækifærið og borða sem mest af ferskmetinu sem er á boðstólum, og bráðum förum við að fá kjöt af nýslátruðu," segir Brynhildur. Hún bætir einnig við að fólk eigi að nota þennan tíma til að elda grænmetisrétti því ekki sé alltaf nauðsynlegt að borða kjöt og fisk.

Brynhildur segir ekki vera sérstaka þörf á fæðubótarefnum fyrir fullfrískt fólk en á haustin sé ágætt að byrja að taka lýsi og halda því áfram yfir veturinn. „Með því að borða fjölbreytt fæði getur venjulegt fólk uppfyllt næringarþarfir sínar en mælt er með að taka lýsi yfir vetrartímann til að fá D-vítamín. Yfir sumartímann erum við vel sett af D-vítamíni eftir að hafa verið úti í sólinni," segir Brynhildur.

Á haustin taka margir sig til og fara að sinna líkamsrækt að nýju og ekki er óalgengt að fólk sinni henni eftir vinnu. „Það er vont að fara orkulaus í líkamsræktina og því er ágætt að fá sér til dæmis einn banana í kaffitímanum svo maður hafi smá orku," segir Brynhildur. „Gömlu góðu reglurnar gilda alltaf, borða fjölbreytta fæðu og borða oft á dag og reglulega." *kristineva@frettabladid.is*



Nú þegar grænmetið er ferskt og dásamlegt er tilvalið að elda grænmetisrétti.

Á þessum árstíma er mikil grænmetisuppskera og mikið úrval í verslunum af fersku og næringarríku grænmeti.







# Lygar og ósannindi nýr megrunarkúr?

***Vísindamenn telja að þeir geti sett ósannar minningar í hausinn á fólki til þess að það hætti að borða óhollan mat.***

Vísindamenn gætu hjálpað fólki að borða meira af heilsusamlegum mat með því að setja lygar í hausinn á því. Þetta kemur fram í nýrri rannsókn við háskólann í Kaliforníu í Bandaríkjunum þar sem vísindamenn halda því fram að sá matur sem fólki líkar sé tengur við æskuminningar. Vísindamennirnir halda að þeir geti sett ósannar minningar í hausinn á fólki og tengt óhollan mat við vondar minningar.

Í grein sem gefin var út í bandaríska blaðinu Proceedings of the National Academy of Sciences kemur fram að vísindamenn við háskólann í Washington og Kwantlen-háskólann í British Columbia létu fólki finnast jarðarberjaís vondur með því að láta það halda að því hefði orðið óglatt af ísnum í æsku. Þeir sem tóku þátt í rannsókninni voru beðnir um að fylla út spurningalista um reynslu þeirra af mat og hvað þeim líkaði við. 47 nemendum var sagt að þeim hefði orðið óglatt af jarðarberjaís í æsku og næstum tuttugu prósent sögðu eftir rannsóknina að þeim hefði orðið óglatt af ísnum og ætluðu að forðast að borða hann framvegis.

Þetta gæti því orðið nýr megrunarkúr, hver veit?



FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Allar viðgerðir, leðurviðgerðir og breytingar. Styttum buxur meðan beðið er. Saumsprettan v. Ingólfstorg. S. 552 0855.

## Barnavörur

Leiðist barninu í bílnum? Bækur á cd-diskum fást á www.hljodbok.is og í b.búðum.

## Dýrahald

**Hundabúr-Hvolpagrindur**
Full búð af nýjum vörum. 30% afsl. af öllu. Opið mán. til föst. 10 til 18, laugard. 10 til 16, sunnd. 12 til 16. Tokyo Hjallahrauni 4. Hfj. S. 565 8444.

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Byssur

**Sjónaukastillingar.**
Byssusmiðja Agnars, sími 891 8113.

## Fyrir veiðimenn

Gæsaskot
250 stk.
frá 6.100.-
SPORTVÖRUGERÐIN
SKIPHOLT 5 562 8383

www.sportvorugerdin.is

CORTLAND
Sérfræðingar í fluguveiði
Mælum stangir, splæsum línur og setjum upp.
Sportvörugerðin hf., Skipholt 5, s. 562 8383.

www.sportvorugerdin.is




Tóti Tönn og Ingó Ásgeirs fengu 42 laxa á þessa túpu. fæst á www.frances.is

Veiðiportið




Loop skotlínur!
Almennt verð 7900 kr.
Okkar verð 2990 kr.
Veiðiportið ódýrasta veiðibúðin á landinu.
Grandagarði 3.
Sími:552-9940

Ódýrir og stórir maðkar til sölu! Silungs og laxa. Margra ára reynsla. Geymið auglýsinguna. S. 692 5133.

Þú færð allt í veiðiferðina í Veiðideild Intersport Bíldshöfða. Mikið úrval af beitu; maðk, makríl og sandsíli. Erum einnig með fallegar laxa- og silungaflugur, hnýttar af Dr. Jónasi Jónassyni (Dr. Frances). Yfirförum og smyrjum hjól að kostnaðarlausu og spólum uppá nýjar línur á meðan beðið er. Veiðideild Intersport Bíldshöfða.

Laxa- og silungsmaðkar til sölu. Uppl. í s. 557 4483 & 867 8045.

Orlofsíbúðir til leigu á góðum stað í Vestmannaeyjum. Lausir dagar á þysjutímanum. Sími 567 0790 & 864 4020.

2 íbúðir til leigu í Drammen ca 50 km frá Osló (2ja og 3ja herb). Eru lausar. Uppl. í síma 0047 92855568.

Einstaklingsíbúð til leigu á svæði 101. Leiga 45 þús með rafmagn og hita. Uppl. á ingibjorg@normi.is

Ca 16 fm í 101, eldunaraðstaða, ísskápur, örbylgjuofn. S. 557 5058 & 866 4754.

## Húsnæði óskast

Óska eftir 2ja herb. íbúð á sv. 107. Reglusemi og skilv. gr. heitið. S. 867 7105.

Óska eftir herbergi með aðgangi að sturtu eða lítilli stúdíóíbúð frá 20. ágúst. Greiðslugeta 30 þús. Er reglusöm og utan af landi. Sími 865 9416.

Tvær Ungar stelpur óskar eftir ódýru herbergi eða stúdíóíbúð í Mosfellsbæ. Uppl. í s. 868 1035 & 845 8982.

Karlmaður óskar eftir 3ja herb. íbúð sem fyrst. Verð frá 60-75 þús. Uppl. í s. 662 4168.

Eldri maður óskar eftir einstaklings eða 2 herbergja íbúð í Rvk. Reyklaus. Uppl. í síma 557 4660.

Reglusamður námsmaður utan að landi óskar eftir snyrtilegu herb. eða lítilli íbúð. Helst nálægt Tækniskólanum. S. 848 3258 & 471 3001.

Fyrirtæki í ferðaþjónustu óskar eftir 3ja-4ra herb. íbúð í póstn. 101/105/107, óskast strax til enda ágúst fyrir erl. ferðamenn. S. 588 0000.

## Sumarbústaðir



**Lækkað Verð!!!**
Seljum síðustu húsin á lækkuðu verði. 37 fm. Verð 1.340.000 kr. 23 fm. Verð 880.000 kr. Uppl. Altækni s/f 869 9007. Heimasíða www.bjalkahus.com




**Aksturshlið - Gönguhlið**
Á göngustíga, heimreiðar, vegi, girðingar, beitarhólf ofl. Mikið úrval, margar gerðir og stærðir. Smíðað úr galvaniseruðu stáli. Öflugir burðarstaurar, einnig staurar með læsingu, nokkrar gerðir.Vélaborg ehf., Krókhálsi 5F,110 Rvk, 414-8600, Njarðarnesi 2, 603 Ak, 464-8600

Til sölu á hálfvirði rafmagnsofnar, tveir 1200W, þrír 800W, Fagor hitavatnskútur 75 lítra 0,9-1,8 kw. Uppl. í síma 897 3846.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Gullnesti, Grafarvogi**
Óskar eftir rösku starfsfólki í fullt starf. Uppl. í s. 567 7974.

Kaffibrennslan óskar eftir matreiðslumönnum. Áhugasamir hafi samband við Mike s. 663 7772 eða Frey s. 899 2414.

**Hásetar og Vélavörð**
Vantar háseta og vélavörð vönum beitningar vél í línu bát sem gerður er út á Snæfellsnesi. Uppl. s 864 8403

Verkamenn óskast í byggingavinnu í Grafarholti. Góður aðbúnaður. S. 892 3207.

**Leikskólinn Kvarnarborg**
Leikskólinn Kvarnaborg Ártúnsholti vantar starfsfólk í 100% stöður. Uppl. í síma 567 3199

Söluturn í Breiðholti óskar eftir starfskrafti, 18 ára eða eldri. Kvöld og helgarvinna. Uppl. í síma 846 1797.

Domino's Pizza

Domino's Pizza óskar eftir starfsfólki í verslanir og þjónustuver. Hlutastörf og full störf í boði. Umsækjendur þurfa að vera 17 ára eða eldri. Frábær starfsandi og skemmtilegur vinnustaður fyrir hressa og duglega einstaklinga! Umsóknir má nálgast í öllum verslunum Domino's og á heimasíðunni www.dominos.is-

**Ert þú í leit að starfi?**
Viljum bæta við jákvæðu og duglegu fólki á American Style. 100% starf í boði í vaktavinnu. Líflegur og fjörugur starfshópur á þremur stöðum Reykjavík / Kópavogi / Hafnarfirði. Æskilegur aldur: 17 ára og eldri. Einnig lausar hád. vaktir alla virka daga frá 11-14.
**Upplýsingar veitir starfsmannastjóri (Herwig) í síma 568 6836 einnig umsóknir á americanstyle.is**

**Vantar starfsmann sem fyrst**
Óskum eftir að ráða starfsmann í fast starf í bakarí okkar, ekki yngri en 20 ára.
**Kökuhornið, Bæjarlind. Uppl. í síma 544 5566 & 897 0702.**

**Starfsfólk óskast.**
Kjúklingastaðurinn Suðurveri óskar eftir starfsfólki í vaktavinnu og hlutastörf. Ekki yngri en 18 ára.
**Uppl. í s. 897 4796.**

**Afgreiðslustörf í boði Framtíðarstarf**
Bakarí og kaffihús hjá Jóa Fel Smáralind óskar eftir hressu og duglegu starfsfólki til afgreiðslustarfa
**Upplýsingar gefur Helga í síma 862 3099.**

**Hellulagningarfólk og vélamenn.**
Vana aðila vantar í hellulagnir og aðila á traktorsgröfu.
**Uppl. í síma 822 2661**

**Loftorka Reykjavík**
Óskar eftir verkamönnum til malbikunarframkvæmda og jarðvinnuframkvæmda.
**Upplýsingar í síma 565 0877.**

**Veitingahúsið Vegamót**
óskar eftir þjónum og barþjónum í vinnu í vetur. Eingöngu fólk með reynslu kemur til greina
**Uppl. á staðnum hjá Óla, Andra eða Gumma.**

**Vantar Vantar!**
Getum bætt við okkur smiðum, fjölbreytt verkefni. Saga verktakar ehf. Uppl. í s. 898 3530.

**Björnsbakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslustarfa. Vinnutími frá 13:00 til 19:00 og 7.30-13.00. Möguleiki á aukavöktum um helgar. Uppl. á staðnum fyrir kl. 11.00 eða í síma 551 1531. Björnsbakarí Skúlagata. Ingunn.

Starfsfólk óskast í kaffihús og bakarí. Aðeins er um framtíðarstörf að ræða. Uppl. gefur Guðný í s. 551 3524, Sandholt.

Starfsmaður óskast á smurstöð, reynsla æskileg en ekki nauðsynleg. Uppl. í síma 553 2205 & 690 1331.

Rúmfatalagerinn Skeifunni óskum eftir að ráða duglegan starfskrafti til að starf og hafa umsjón með lager í verslunn okkar Skeifunni 13. Viðkomandi þarf að vera eldri en 20ára. Skipulagður, vinalegur í viðmóti og verður einnig að geta unnið sjálfstætt. Umsóknir berist fyrir 15.ágúst til verslunarstjóra á staðnum. Uppl. í s. 568 7499.

**Bakarí**
Starfsmaður óskast á vakt frá kl. 13-19.00 í Bakararíið Austurveri. Uppl. í s. 845 0572.

Starfsmaður óskast við uppvask o.fl. Vinnutími frá kl. 11-18.00. Frí um helgar. Upplýsingar á staðnum, ekki í síma. Kaffi Mílanó, Faxafeni 11.

# FASTEIGNIR

FASTEIGNASTOFAN





## LYNGBERG
### - einlyft hús á fallegum stað

Glæsilegt 182 fm einbýli á einni hæð, þ.m.t. 37 fm. **tvöfaldur bílskúr.**
Mjög gott skipulag, fallegur pallur, sjónvarpshol og **þrjú svefnherbergi.**
Rólegur staður og glæsilegur garður.

**Verð 45 millj.**

HÚSIÐ FASTEIGNASALA 533 4300
SMÁRINN FASTEIGNASALA 564 6655
Vilhjálmur Bjarnason, Lögg. fasteignasali (Smárinn)
Salómon Jónsson lögg. fasteignasali (Húsið)

**OPIÐ HÚS**
**Sölusýning í dag, þriðjudag. kl:17:30 til 19:00.**
**Hólsvegur 17, Reykjavík.**



Góð 73,4fm 4ra herbergja íbúð í kjallara í þríbýli á frábærum og rólegum stað í þessu gróna hverfi. Sérinngangur er að íbúðinni og er þar komið inn í ytri forstofu sem tilheyrir sameign en nýtist mjög vel sem fatahengi og skógeymsla. Eign sem nýtist mjög vel og vert er að skoða.
**Verð 15,7 millj.**

**Hilmar Þór Hafsteinsson tekur á móti ykkur s.662-6648**

Vantar duglegan og traustan sölumann til sölu á harðfiski. Uppl. í síma 862 1228 eftir kl. 17.

Óskum eftir að ráða vana gröfumenn og verkamenn til starfa. Uppl. í s. 893 3915.

**Kaffi tuttugu og tveir**
Okkur vantar fólk í eldhús og á bar. Áhugasamir hringi í síma 869 0034.

10-11 ...þegar þér hentar

**Fullt starf og hlutastarf**
10-11 óskar eftir duglegu starfsfólki í verslanir sínar á höfuðborgarsvæðinu. Um almenn verslunarstörf er að ræða. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr. Umsækjendur verða að vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Bæði er leitast eftir starfsfólki í fullt starf en einnig hlutastar. Nú er rétti tíminn að tryggja sér vinnu með skóla í vetur.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

**Aukavinna-uppgrip**
Okkur vantar duglegt símasölufólk á öllum aldri 2-3 kvöld í viku. Uppl. í s. 511 4501 Ístal ehf.

**Ritfangaverlsun**
Leikfanga og ritfangaverslun óskar eftir starfsfólki allan daginn. Svör berist til Fréttablaðsins merkt "stílabók"

**Garðabær bakarí**
Starfskraftur óskast til afgreiðslu hálfan daginn, einnig vantar aðstoðarfólk í sal. Uppl. í s. 565 8070 og 891 8258, Þóra.

Óska eftir starfskrafti við hellulagnir og aðra jarðvinnu.Eingöngu duglegt og stundvíst fólk kemur til greina.Góð laun í boði.Uppl. í síma 696 6676 Bjössi

Við leitum að góði fólki í ræstingarstörf á höfuðborgarsvæðinu. Nánari uppl. á www.solarservice.org eða í síma 581-4000

**Select og Shell**
Starfsfólk óskast á stöðvarnar okkar á höfuðborgarsvæðinu. Um fullt starf er að ræða sem og hlutastörf. Umsækjendur verða að vera fæddir '87 eða fyrr og vera þjónustulundaðir, vinnusamir og áreiðanlegir. Unnið er á vöktum. Nú er rétti tíminn til að tryggja sér vinnu með skóla eða aðra aukavinnu fyrir veturinn.
**Umsóknum skal skila á vefnum www.10-11.is**

**Ræsting í Smárahverfi**
Fastráðning Byrjar Strax Kl. 07:00 til 13:00 mán. til föstd.
**S. 533 6020 raestir@raestir.is**

Vilt þú vinna heima og byggja upp vaxandi aukatekjur? Þjálfun í boði 7-10 klst. í viku. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur, sími 861 4019 www.HalldoraBjarna.is

**Smart**
Starfsfólk vantar á sólboðstofu Smart Grensásvegi og við Ánanaust. Um er að ræða fullt starf og hlutastörf. Umsóknareyðublöð á staðnum. Yngri en 19 ára koma ekki til greina. Reyklaus vinnustaður.

**Hefur þú áhuga?**
Okkur vantar áhugasaman og lífsglaðan starfskraft í sal. Góður starfsandi. Góð laun fyrir réttan aðila. Vaktavinna. Nánari uppl. á staðnum. Veitingahúsið Lauga-ás, Laugarásvegi 1.

**Pítan Skipholti**
Óska eftir starfsfólki í fullt starf í vaktavinnu. . Góð laun í boð fyrir rétt fólk. Framtíðar starf, umsóknareyðublöð á staðnum og einning á www.pitan.is

**Skalli Vesturlandsvegi**
Skalli Vesturlandsvegi óskar eftir starfsfólki. Uppl. á staðnum í dag milli 16-20.

Varmárskóli.

# Íþróttakennari

Vegna forfalla þurfum við nú þegar að ráða íþróttakennara í ca.75% starf.

Upplýsingar gefa skólastjóri, Viktor A. Guðlaugsson og aðstoðarskólastjórarnir, Þórhildur Elfarsdóttir og Helga Richter í síma 5250700.

Reykjavíkurborg
Velferðarsvið

## Óskum eftir starfsmanni

í heimaþjónustu 4 klst. daglega fyrir hádegi, til að aðstoða litla fjölskyldu með nýfædda tvíbura.

Aðstoðin er fólgin í umönnunn, heimilisstörfum og öðrum stuðningi. Starfsmaður þarf að geta hafið störf nú þegar.

Upplýsingar veitir
**Margrét B Andrésdóttir**
deildastjóri Heimaþjónustu, Hæðagarði 31, sími 5683110

## Störf í grunnskólum Reykjavíkur frá hausti 2005

### Hólabrekkuskóli, sími 557 4466

**Kennari á unglingastig,** .íslenska og erlend tungumál
**Skólaliðar.**

### Laugarnesskóli, sími 664 8300

**Smíðakennari,** full staða
**Almenn kennsla,** í 3. og/eða 4. bekk.
**Matráður,** til að sjá um mötuneyti starfsfólks.
**Stuðningsfulltrúi,** 70 % starf.
**Skólaliðar.**

### Öskjuhlíðaskóli, sími 545 2700

**Kennari til bekkjarkennslu,** 67- 100 % staða,
**Afleysingakennari,** til 1. nóvember, 100 % staða.

**Upplýsingar veita skólastjórar, aðstoðarskólastjórar eða aðrir tilgreindir í viðkomandi skólum. Umsóknir ber að senda til viðeigandi skóla. Laun samkvæmt kjarasamningum Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélög. Nánari upplýsingar um laus störf, umsóknarfrest og grunnskóla Reykjavíkur er að finna á netinu.**

**www.grunnskolar.is**

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík,
sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

ÚTSALA

# HEILDSÖLUÚTSALA

Snyrtivara – Gjafavara – Hársnyrtivara – Jólavara
Leðurhanskar – Kventöskur – Förðunarpennslar
og fleira og fleira milli kl. 1 og 5 næstu daga
**Dugguvogi 12 – Að ofanverðu**

**Árbæjarbakarí**
Starfskraftur óskast eftir hádegi og aðra hvora helgi í afgreiðslu. Uppl. í síma 869 0414 eða á staðnum, Hraunbæ 119.

22 ára strákur óskar eftir vinnu með skóla í haust og vetur. Uppl. í s. 848 9831, Tryggvi.

24ra ára stelpa óskar eftir vinnu frá 19 sept. til 13 okt. Samkomulag eftir það. Uppl. í s. 863 3304.

### Atvinna óskast

21 árs karlmaður óskar eftir atvinnu á höfuðborgarsvæðinu í vetur með skóla. Flest kemur til greina. Sími 866 7720.

### Einkamál

**Viltu vera memm?**
300 manns eru núna að spjalla saman inni á einkamal.is. Eftir hverju ert þú að bíða? Einkamál.is

## Menntasvið Reykjavíkurborgar auglýsir laust starf launafulltrúa

**Launafulltrúi**

Starfið felst í almennri launaafgreiðslu fyrir leik- og grunnskóla borgarinnar. Unnið er í launaafgreiðslukerfi Oracle.

**Menntunar- og hæfniskröfur:**

- Stúdentspróf eða önnur menntun sem nýtist í starfi
- Færni í mannlegum samskiptum
- Nákvæmni, sjálfstæði og góð tölvukunnátta
- Reynsla af launaafgreiðslu æskileg
- Þekking á kjarasamningum og réttindamálum æskileg

**Laun skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við Starfsmannafélag Reykjavíkurborgar.**
**Upplýsingar um starfið gefa Ingunn Gísladóttir starfsmannastjóri, netfang ingunn.gisladottir@reykjavik.is og Dagný Leifsdóttir deildarstjóri launadeildar, netfang dagny.leifsdottir@reykjavik.is. Umsóknir sendist á Menntasvið Reylkjavíkurborgar Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík fyrir 20. ágúst nk.**

Vakin er athygli á þeirri stefnu Reykjavíkurborgar að jafna hlut kynja í störfum.

Reykjavíkurborg
Menntasvið

Fríkirkjuvegi 1, 101 Reykjavík, sími: 411 7000 menntasvid@reykjavik.is

Skipulagsstofnun

### Breyting á legu 220 kV háspennulínu, Reykjanes-Rauðimelur, Grindavík og Reykjanesbæ

Mat á umhverfisáhrifum - úrskurður Skipulagsstofnunar

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum. Fallist er á breytingu á legu 220 kV háspennulínu,

Reykjanes-Rauðimelur, Grindavík og Reykjanesbæ.

Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar:

**www.skipulag.is.**

Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til **9. september 2005.**

**Skipulagsstofnun**

Skipulagsstofnun

### NORÐAUSTURVEGUR UM HÓLAHEIÐI, KATASTAÐIR-SÆVARLAND-RAUFARHÖFN, SVALBARÐSHREPPI OG ÖXARFJARÐARHREPPI

Úrskurður Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum

Skipulagsstofnun hefur úrskurðað samkvæmt lögum nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum.

Fallist á fyrirhugaðan Norðausturveg um Hólaheiði, Katastaðir-Sævarland, Raufarhöfn, Svalbarðshreppi og Öxarfjarðarhreppi með skilyrðum.

Úrskurðurinn í heild liggur frammi hjá Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík. Úrskurðinn er einnig að finna á heimasíðu Skipulagsstofnunar: www.skipulag.is.

Úrskurð Skipulagsstofnunar má kæra til umhverfisráðherra og er kærufrestur til 9. september 2005.

**Skipulagsstofnun**

## Skólaskrifstofa Mosfellsbæjar

**Skólasetning grunnskóla Mosfellsbæjar 2005**

Lágafellsskóli

**Nemendur mæti í sal skólans þriðjudaginn 23. ágúst sem hér segir:**

2. bekkur kl. 09:30
3. bekkur kl. 10:00
4. bekkur kl. 10:30
5. bekkur kl. 11:00
6. og 7. bekkur kl. 11:30
8.,9. og 10. bekkur kl. 12:00

**Starfsmenn mæti til starfa mánudaginn 15. ágúst og hefst starfsmannafundur í sal skólans kl. 09:00.**

VARMÁRSKÓLI
MOSFELLSBÆ

**Nemendur mæti í skólann þriðjudaginn 23. ágúst sem hér segir:**

2. bekkur kl. 9:00 við aðalinnganginn í yngri deild
3. bekkur kl. 9:30 við aðalinnganginn í yngri deild
4. bekkur kl. 10:00 við aðalinnganginn í yngri deild
5. bekkur kl. 10:30 við aðalinnganginn í yngri deild
6. bekkur kl. 11:00 við aðalinnganginn í yngri deild
7. og 8. bekkur kl. 10:00 á sal eldri deildar
9. bekkur kl. 9:30 á sal eldri deildar
10. bekkur kl. 9:00 á sal eldri deildar

**Starfsmenn mæti til starfa mánudaginn 15. ágúst í hátíðarsal yngri deildar kl. 08:30.**

Nemendur 1. bekkjar beggja skóla verða boðaðir bréflega til viðtals við umsjónarkennara þriðjudaginn 23. ágúst og miðvikudaginn 24. ágúst. Kennsla hefst í báðum skólum samkvæmt stundaskrá miðvikudaginn 24. ágúst hjá nemendum í 2. - 10. bekk en fimmtudaginn 25. ágúst hjá nemendum í 1. bekk.

**Skrifstofur skólanna eru opnar frá 08:00 - 16:00.**

**Grunnskólafulltrúi**

Landbúnaðarháskóli Íslands

## Kúskadagurinn á Hvanneyri

### laugardaginn 13. ágúst kl. 13-17

Á dagskrá verður m.a. ökusýning Hvanneyrarvéla frá síðustu öld, Kúskaleikarnir 2005, sætaferðir á Hvanneyrarengjar, fjóshlöðubíó, labb, leiðsögn, upprifjun sagna og óformleg samvera. Veitingar í Kertaljósinu og Ullarselið er opið.

Einstakt tækifæri fyrir gamla kúska frá Hvanneyri og aðra starfsmenn, sem þar hafa verið, til að hittast og rifja upp gamlar minningar.

### Kúskur er kúsks gaman

Allir aðrir líka velkomnir á meðan húsrúm og jarðnæði leyfa.

BÚVÉLASAFNIÐ
Hvanneyri - Borgarfirði

# SJÓNARHORN



Seltjarnarneskirkja máluð í sólinni. Fréttablaðið/Einar Ólason

## Vissir þú ...

...að meðal blýantur getur dregið línu sem er rúmir 56 kílómetrar að lengd áður en blýið klárast?

...að hunang er eina matartegundin sem skemmist ekki? Fornleifafræðingar hafa bragðað á hunangi sem hefur fundist í grafhýsum í Egyptalandi án þess að hafa orðið meint af.

...að Coca-Cola væri grænt að lit ef litarefnum væri ekki bætt í drykkinn?

...að fleiri deyja árlega af völdum býflugna en snáka?

...að fleiri eru með ofnæmi fyrir kúamjólk en nokkurri annarri matartegund?

...að það er bannað að ropa og hnerra í kirkjum í Nebraska-ríki í Bandaríkjunum?

...að sumir ormar éta sjálfa sig ef þeir finna ekkert annað til að nærast á?

...að uglur eru eina fuglategundin sem sér bláan lit?

birta









## KAUPHÖLL ÍSLANDS [HLUTABRÉF]

**ICEX-15** 4.467,61 **-1,07%**

**Fjöldi viðskipta:** 410
**Velta:** 3.095 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Kögun** | 0,87% | **Landsbankinn** | -2,39% |
| **SÍF** | 0,84% | **Íslandsbanki** | -2,05% |
| **Atlantic Petroleum** | 0,83% | **Burðarás** | -1,70% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** Actavis 42,60 -1,62% ... Bakkavör 40,10 +0,00%... Burðarás 17,30 -1,70%... FL Group 14,65 -0,34% ... Flaga 4,40 +0,00% ...HB Grandi 8,50 +0,00% ... Íslandsbanki 14,65 -2,05% ... Jarðboranir 20,90 +0,00% ... KB banki 577,00 -0,35% ... Kögun 58,00 +0,87% ... Landsbankinn 20,40 -2,39% ... Marel 63,90 -0,93% ... SÍF 4,80 +0,84% ...Straumur 13,50 -0,37% ... Össur 87,00 +0,00%

# viðskipti

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Hagnaður töluvert undir væntingum

### Tekjur Og fjarskipta rúmlega tvöfaldast frá fyrra ári.

321 milljón króna hagnaður varð á rekstri Og fjarskipta á fyrstu sex mánuðum ársins samanborið við 222 milljóna króna hagnað í fyrra. Tekjur félagsins námu rúmum sjö milljörðum og hafa rúmlega tvöfaldast frá fyrra ári. Tekjuaukninguna má rekja til kaupa Og fjarskipta á 365 fjölmiðlum. Ef tekjur 365 ljósvaka- og prentmiðla eru taldar með fyrstu sex mánuði ársins 2004 þá er tekjuvöxtur samstæðunnar um átján prósent fyrstu sex mánuði ársins 2005.

Hagnaður Og fjarskipta er töluvert undir spám greiningardeilda bankanna. Í hálf fimmfréttum KB banka segir að helsta ástæða fráviksins frá spá sé nokkru hærri afskriftir vegna niðurfærslu óefnislegra eigna sem ekki hafi verið gert ráð fyrir.

„Sérlega ánægjulegt er að um 49 prósent tekjuaukning hefur orðið hjá 365-prentmiðlum. Þá hafa aðrar tekjustoðir samstæðunnar, ljósvakamiðlar og fjarskiptahluti, einnig skilað góðum vexti," segir Eiríkur S. Jóhannsson, forstjóri Og fjarskipta.

Handbært fé frá rekstri nam 1.247 milljónum króna á fyrstu sex mánuðum ársins. **- dh**

**TEKJUR FJARSKIPTAHLUTA OG FJARSKIPTA AUKAST UM 14,5 PRÓSENT MILLI ÁRA.** Ein af verslunum Og Vodafone.

**AFKOMA OG FJARSKIPTA Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI – Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| | |
|---|---|
| Hagnaður | 156 |
| Spá Íslandsbanka | 196 |
| Spá KB banka | 302 |
| Spá Landsbankans | 223 |





FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

**MAREL ER SPÁÐ RÚMUM 200 MILLJÓNUM Í HAGNAÐ** Hörður Árnason, forstjóri Marel.

# Tvö félög birta í dag

Actavis og Marel birta uppgjör annars ársfjórðungs í dag. Actavis er spáð 1.459 milljóna króna hagnaði að meðaltali. Hagnaður félagsins á sama tíma í fyrra var 1.219 milljónir króna.

Meðaltal spá bankanna um hagnað Marel er 214 milljónir króna. Hagnaður félagsins á sama tíma í fyrra var 113 milljónir króna. Annar ársfjórðungur var mjög góður í fyrra en afkoma Marels er mjög háð gengissveiflum íslensku krónunnar. **- dh**

**SPÁ UM AFKOMU ACTAVIS Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI – Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | 1.477 |
| Spá KB banka | 1.373 |
| Spá Landsbankans | 1.528 |

**SPÁ UM AFKOMU MAREL Á ÖÐRUM ÁRSFJÓRÐUNGI – Í MILLJÓNUM KRÓNA**

| | |
|---|---|
| Spá Íslandsbanka | 266 |
| Spá KB banka | 164 |
| Spá Landsbankans | 212 |

# Spá lækkun gengis

Gengi krónunnar gefur sennilega eftir að einhverju leyti á næstu dögum og jafnvel vikum að mati greiningardeildar Íslandsbanka. Gengið hefur hækkað mikið síðustu mánuði. Í Morgunkornum Íslandsbanka segir að svo virðist sem gengishækkun síðustu vikna megi að stórum hluta rekja til væntinga fjárfesta um innflæði gjaldeyris í tengslum við einkavæðingu Símans. Nú bendi flest til þess að af því innflæði verði ekki þar sem ríkissjóður hyggist nýta greiðsluna sem innt er af hendi í erlendu fé til að greiða niður erlendar skuldir sínar og því megi ætla að gengi krónunnar muni lækka nokkuð. **- dh**





SPRON Námskort –
bankaþjónusta fyrir allar tegundir námsmanna



**Nýjung í Námskortinu**

- Frítt EGO-kreditkort með 5000 kr. ferðaávísun og 2000 kr. bensíninneign hjá EGO-bensínstöðvunum*
- Tilboð á fartölvum hjá TASK og Hp-búðinni og frí fartölvutrygging
- Frítt Einkaklúbbskort
- 25% afsláttur af mánaðaráskrift hjá tonlist.is
- Ekkert árgjald . . .




. . . auk þess fylgja kortinu, námsstyrkir, bókastyrkir, tölvukaupalán, greiðsluþjónusta, ferðalán, frír GSM-banki og heimabanki, bankaábyrgð á LÍN, framfærslulán LÍN í erlendri mynt o.fl.



**Coldplay-tónleikar í USA!**
Notaðu Námskortið fyrir 10. sept. og taktu þátt í leik á spron.is – þú gætir unnið miða á Coldplay í USA, Ipod með 50 laga inneign á tónlist.is, árskort í bíó og margt fleira.

*Gildir til 17. september – bensíninneignin verður endurgreidd inn á kortið mánaðamótin september/október

www.spron.is • Sími 550-1200

spron – fyrir allt sem þú ert

**DIMITRÍ SJOSTAKOVÍTSJ**
(1906-1975) lést þennan dag.



*„Skapandi listamaður vinnur að næsta verki sínu því hann er ekki fyllilega sáttur við það síðasta.“*

***Rússneska tónskáldið Sjostakovitsj var einn af risum klassískrar tónlistar á 20. öld og síðar frægur fyrir dulið andóf sitt gegn Sovétríkjunum.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

## ÞETTA GERÐIST

### Kjarnorkusprengju varpað á Nagasaki

Á þessum degi árið 1945 vörpuðu Bandaríkjamenn kjarnorkusprengju á japönsku borgina Nagasaki.

Bandaríkjamenn höfðu gert ráð fyrir að varpa annarri kjarnorkusprengju á Japan féllust Japanir ekki á skilyrðislausa uppgjöf eftir árásina á Hiroshima. Fyrirhugað var að varpa seinni sprengjunni 11. ágúst, en vegna slæmrar veðurspár var því flýtt um tvo daga. Nagasaki var miðstöð skipasmíða í Japan og var yfirlýst markmið árásarinnar að granda skipaiðnaði landsins. Sprengjunni var sleppt klukkan rúmlega ellefu fyrir hádegi og sprakk í 500 metra hæð yfir borginni. Sprengikrafturinn var álíka mikill og í 220 þúsund tonnum af TNT-sprengiefni. Talið er að 60 til 80 þúsund manns hafið látið lífið en hæðir umhverfis borgina héldu eyðileggingunni að nokkru leyti í skefjum.

Leslie R. Groves hershöfðingi, sem skipulagði Manhattan-áætlunina svokölluðu um þróun kjarnorkusprengjunnar, taldi að hægt væri að sprengja enn eina kjarnorkusprengjuna yfir Japan ekki síðar en 17. eða 18. ágúst. Áður en til þess kom hafði Hirohito Japanskeisari hins vegar fallist á skilyrðislausa uppgjöf til að forða japönsku þjóðinni frá frekari mannfalli.



**9. ÁGÚST 1945**

## MERKISATBURÐIR

**1559** Vilhjálmur af Óraníu verður landstjóri yfir Hollandi, Zeeland, Utrecht og Búrgúnd.

**1655** Oliver Cromwell skiptir Englandi í ellefu héruð.

**1896** Svissneski sálfræðingurinn Jean Piaget fæðist þennan dag.

**1936** Hinn þeldökki Jesse Owens sigrar í 4x100 m hlaupi á Ólympíuleikunum í Berlín, leiðtogum nasista til mikillar armæðu.

**1965** Singapúr hlýtur sjálfstæði frá Malasíu.

**1969** Glæpaklíka Charles Manson myrðir leikkonuna Sharon Tate og fjóra aðra á heimili hennar í Los Angeles.

**1995** Jerry Garcia, söngvari hljómsveitarinnar The Grateful Dead, fær hjartaáfall og deyr á meðferðarstofnun í Kaliforníu.



✝

*Okkar ástkæri sonur og bróðir,*

**Hjörtur Sveinsson**

Grænatúni 6, Kópavogi,

lést fimmtudaginn 4. ágúst. Jarðarförin auglýst síðar.

**Margrét Samúelsdóttir, Sveinn Sveinbjörnsson,**
**Sveinbjörn Sveinsson, Grétar Már Sveinsson.**



✝

*Elskuleg eiginkona mín,*

**Ása Sigríður Ingvarsdóttir**

Hrafnistu í Hafnarfirði,
áður Hjarðarhaga 42, Reykjavík,

andaðist laugardaginn 6. ágúst á Hrafnistu í Hafnarfirði.
Útför fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 12. ágúst kl. 11.00.

**Gunnar H. Ólafsson**



✝

*Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Guðmundur Benediktsson**

fyrrverandi útgerðamaður, frá Árgerði,
Árskógssandi, til heimilis að Dalbæ, Dalvík,

verður jarðsunginn frá Stærri-Árskógskirkju föstudaginn 12. ágúst klukkan 14.00.

**Synir, tengdadætur, afa- og langafabörn.**



✝

*Ástkær frænka okkar og mágkona,*

**Guðfinna Júlíusdóttir**

lést 21. júlí síðastliðinn.
Útför hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu.

**Vigdís Sigurðardóttir og Árni G. Guðmundsson**
**Hanna Pétursdóttir**
**Auður Jörundsdóttir**
**Rita A. M. T. Júlíusson**
**Bræðrabörn og fjölskyldur.**



FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**EIRÍKUR SMITH** Eiríkur líkir listinni við áráttu sem fátt fær stöðvað, enda gerir hann ekki ráð fyrir að leggja nokkurn tímann frá sér pensilinn á meðan heilsan leyfir.

EIRÍKUR SMITH FINNBOGASON LISTMÁLARI ER ÁTTRÆÐUR:

# Stingur af í tilefni dagsins

„Ég ætla bara að stinga af í dag og veit ekki einu sinni hvert,“ segir Eiríkur Smith Finnbogason listmálari, sem er áttræður í dag. „Ég ætla annars ekki að gera neitt í tilefni dagsins,“ bætir hann við. „Ég þekki svo marga að það væri alveg ómögulegt að fara að bjóða öllum heim.“

Þó að Eiríkur sé að jafnaði ekki mikið afmælisbarn segist hann fagna því að vera enn við góða heilsu og hafa í nógu að snúast. „Ég er að fara að opna sýningu í Hafnarborg í haust og það fer heilmikill tími í að undirbúa hana, sem er ágætt.“ Hann nýtur þess að vera með vinnustofu á heimili sínu í Hafnarfirði og þarf ekki að fara langt til vinnu. „Ég velti mér bara úr rúminu og þá er ég kominn,“ segir hann og hlær. Eiríkur stundar líka golf af kappi til að halda sér við. „Ég dúlla mér í því og er heppinn með það að það eru golfvellir hér um allar trissur.“

Þó að árin færist yfir segir Eiríkur það aldrei hafa komið til greina að leggja pensilinn á hilluna. „Þetta er vani, eða árátta jafnvel. Maður fæddist svona og þetta fylgir manni þar til yfir lýkur.“ Eiríkur minnist þess að sem drengur hafi hann alltaf verið áhugasamur um allt sem viðkom myndum. „Ég man að ég suðaði í körlum sem reyktu Commander-sígarettur; það voru svo fínar skúffur í pökkunum og stundum fékk ég að teikna skip og báta á þær,“ rifjar hann upp.

Eiríkur fór á sínum tíma í Myndlistar- og handíðaskólann í Reykjavík, þaðan lá leiðin til Kaupmannahafnar og að lokum til Parísar. „Þetta var hefðbundna leiðin fyrir okkur sem höfðum áhuga á myndlist og við þurftum að leggja gífurlega mikið á okkur til að læra og finna leið til að halda áfram til að stunda list okkar. En þetta er árátta; ef maður fæðist með listina í sér stöðvar það ekkert nema veikindi eða eitthvað þaðan af verra.“ ■

## ANDLÁT

**Hjörtur Sveinsson**, Grænatúni 6, Kópavogi, lést fimmtudaginn 4. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

**Hilmar Þór Helgason** lést á Hrafnistu Sólvangi föstudaginn 5. ágúst. Útförin verður auglýst síðar.

## JARÐARFARIR

**13.00 Geir Jóhann Geirsson**, vélstjóri, verður jarðsunginn frá Neskirkju.

**13.00 Kristján Guðmundsson**, Gullsmára 11, verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju.

**14.00 Gunnar Jóhannsson**, smiður, Blikabraut 10, Keflavík, verður jarðsunginn frá Keflavíkurkirkju.

**15.00 Kristín Sigurðardóttir**, Álfaskeiði 100, Hafnarfirði, verður jarðsungin frá Hafnarfjarðarkirkju.

## AFMÆLI



**Höskuldur Jónsson**, fráfarandi forstjóri ÁTVR, er 68 ára.

Helgi Árnason, skólastjóri Rimaskóla, er 50 ára í dag.

**Jóhannes Viðar Bjarnason** veitingamaður er fimmtugur í dag. Hann fagnar deginum á Fjörukránni og býður vinum og vandamönnum til veislu klukkan 19.



Stefán Arngrímsson söngvari er 45 ára.

Hjartans þakkir til allra þeirra sem glöddu mig með samkvæmi í safnaðarheimili Breiðholtskirkju, með gjöfum og afmæliskveðjum í bundnu og lausu máli á 90 ára afmæli mínu.

**Guðni Guðnason**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfarir í smáletursdálkinn hér á síðunni má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

Auglýsingar á að senda á auglysingar@frettabladid.is eða hringja í síma 550 5000.

LEGSTEINAR
S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is





Bókaðu strax og tryggðu þér lægsta verðið og bestu gististaðina.

# Kúbuveisla

Tryggðu þér **10.000** kr. afsláttinn -180 viðbótarsæti.

## Vikulegt flug til Kúbu

## Þökkum frábærar viðtökur

Heimsferðir bjóða nú í fyrsta sinn á Íslandi vikulegt leiguflug til Kúbu í mars og apríl. Nú getur þú valið um einnar, tveggja eða þriggja vikna dvöl og skipt dvölinni á milli hinnar einstöku Havana og Varadero, einnar fegurstu baðstrandar Karíbahafsins. Einnig er í boði spennandi hringferð um Kúbu með íslenskum fararstjóra. Þetta er tækifæri sem ekki má láta framhjá sér fara.

Aldrei fyrr hafa viðtökur við vetraráætlun okkar verið viðlíka, enda hafa bókunarmetin fallið á hverjum degi liðinnar viku og hafa nú tæplega fjögur hundrað manns bókað ferðir þangað í mars og apríl. Sérferðin „Perlur Kúbu“ seldist upp á augabragði, en við höfum nú náð að bæta við 40 sætum.



Glæsilegir gististaðir



**Perlur Kúbu – 7. mars**
Fegurstu staðirnir í einni ferð
40 viðbótarsæti

**Þú velur**
1, 2 eða 3 vikur
Havana og/eða Varadero

### Lægsta verðið

Frá kr. **59.490**
Flugsæti með sköttum

Vikuferð frá
kr. **69.990***

2 vikur frá
kr. **89.890***

*Topphótel á ströndinni – allt innifalið

Kynntu þér Vetrarævintýri Heimsferða og taktu þátt.




*Þú getur sótt bæklinginn á skrifstofu okkar, til umboðsmanna eða fengið hann sendan. Þú getur líka kynnt þér málið á www.heimsferdir.is*



Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Heimsferðir

Skógarhlíð 18 • 105 Reykjavík • Sími 595 1000 • Fax 595 1001 • www.heimsferdir.is


Astra
Vectra
Astra
ÁSTAR
Fíton/SÍA FI013887


Opel. Þýski gæðingurinn.
Zafira
Meriva
Corsa
AKKIR!
Ísland nýtur sín vel út um gluggann á nýjum Opel
Umfangsmesta reynsluakstri sögunnar hérlendis er nú lokið. Fjöldi fólks þáði boð okkar um að reynsluaka nýjum Opel í heila þrjá daga. Starfsfólk Ingvars Helgasonar þakkar öllum þessum traustu ökumönnum frábærar undirtektir. Sérstakar hamingjuóskir fá þeir sem festu kaup á nýjum Opel í kjölfarið.
Þeir bílar sem voru notaðir í reynsluaksturinn fást nú á sérstökum vildarkjörum.
Ingvar Helgason
Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is
Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9:00–18:00 og laugardaga kl. 12:00–16:00



## Efast um heilindi Fram

Valsmenn voru æfareiðir yfir því að Bo Henriksen hafi fengið að spila með Fram gegn Val í gær en leikmaðurinn skipti yfir í Fram úr Val fyrr í sumar. Heiðursmanna-samkomulag mun hafa ríkt um að hann spilaði ekki gegn Völsurum og segja Valsmenn samkomulagið hafa verið brotið. Bo skoraði bæði mörk Fram í leiknum gegn Val í gær.

**sport**

sport@frettabladid.is

**ÓLAFUR INGI SKÚLASON:** FYRSTI DEILDARLEIKURINN EFTIR FJÖGUR ÁR Í ENGLANDI

# *Stuðningsmenn grófu upp gömul lög um Óla*

Ólafur Ingi Skúlason lék sinn fyrsta leik með nýju félagi á laugardaginn er hans lið, Brentford, bar sigurorð af Scunthorpe í fyrstu umferð ensku 2. deildarinnar. Þetta var fyrsti deildarleikur Ólafs Inga í Englandi þrátt fyrir að hafa starfað þar sem knattspyrnumaður síðan 2001. Hann fékk fá tækifæri með sínu gamla liði Arsenal og lék reyndar einn leik með liðinu – í deildarbikarkeppninni.



„Þetta voru fín úrslit, þótt svo að gæðin hafi kannski setið á hakanum," sagði Ólafur Ingi, sem lék allan leikinn fyrir Brentford. „Mikilvægast var að ná þremur stigum og byrja leiktíðina með því að vinna." Mótherjar liðsins, Scunthorpe, eru nýliðar í deildinni en þeir höfðu fyrir leikinn ekki tapað fimmtán deildarleikjum í röð.

Heimavöllur Brentford heitir Griffin Park og er í Lundúnum, innan um ekki minni risa en Chelsea, Arsenal og Tottenham. „Stemningin á vellinum var góð þó svo að ekki nema 6000 áhorfendur hafi verið á honum sem þykir frekar lítið. Scunthorpe þykja kannski ekki skemmtilegir andstæðingar og því vonar maður að sóknin á leikin eigi eftir að vera meiri," sagði Ólafur Ingi sem lék á miðjunni í 4-4-2 leikkerfi. Hann er fjórði Íslendingurinn sem leikur með félaginu á innan við áratug og því eru stuðningsmenn félagsins Íslendingum vel kunnugir. „Ég fékk ágæt viðbrögð og gaman að heyra að stuðningsmenn sungu lög um Óla sem þeir eiga sjálfsagt enn síðan að Ólafur Gottskálksson varði markið hjá þeim. Þeim finnst örugglega fínt að geta notað þau lög aftur."

Ólafur segir að stefna félagsins sé að gera betur en á síðustu leiktíð en þá lenti liðið í fjórða sæti. „Menn væru ósáttir við að vera fyrir utan sex efstu sætin. Þessi deild er svo jöfn og mörg lið sem geta vel barist á toppnum. Það verður örugglega spenna í deildinni fram á síðustu umferð."

### > Við finnum til með ...



... Framaranum Kristjáni Haukssyni sem fékk afar slæmt högg í andlitið er hann fékk fót Grétars Sigfinns Sigurðssonar í höfuðið af fullum krafti. Kristján var greinilega nefbrotinn eftir viðskiptin en kláraði engu síður hálfleikinn. Það er reyndar stórfurðulegt að honum hafi verið leyft að leika áfram en honum var blessunarlega skipt út af í hálfleik.

### > Við erum hræddir um ...



.... að nú sé nánast formsatriði eitt fyrir FH að tryggja sér Íslandsmeistaratitilinn annað árið í röð. Valur, sem tapaði, 2–1, fyrir Fram í gær, var eina liðið sem átti möguleika á að halda í við Hafnfirðinga en nú virðist bilið orðið einfaldlega of stórt.




# Bo gerði vonir Vals að engu

**Svo virðist sem hið árlega góðæristímabil Framara sé hafið en þeir unnu góðan 2–1 sigur á Val í gær. Fyrir vikið er sú litla spenna sem ríkti á toppi deildarinnar orðin að engu en botnbaráttan er að sama skapi í algleymingi.**

**Fram 2–1 Valur**

Laugardalsv., áhorf: 1002 — Ólafur Ragnarsson (6)

*1–0 Bo Henriksen (8.)*
*1–1 Garðar Gunnlaugsson, víti (17.)*
*2–1 Bo Henriksen (75.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–11 (3–5) |
| Varin skot | Gunnar 4 – Kjartan 1 |
| Horn | 4–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 11–5 |
| Rangstöður | 4–1 |

**FÓTBOLTI** Bo Henriksen var maður kvöldsins í gær, en hann skoraði bæði mörk Fram í 2-1 sigri liðsins á Val, en Bo fór til Fram frá Val fyrir skömmu.

Leikurinn fór fjörlega af stað og náði Fram að komast yfir strax á áttundu mínútu með marki frá Bo Henriksen, en hann kom til Fram frá Val þar sem hann fékk fá tækifæri með liðinu. Valsmenn náðu á koma sér inn í leikinn með góðri baráttu og uppskáru umdeilda vítaspyrnu á sautjánda mínútu, og úr henni skoraði Garðar Gunnlaugsson, en Ólafur Ragnarsson dómari leiksins taldi varnarmann Fram hafa handleikið knöttinn innan teigs. Bæði lið héldu áfram að sækja eftir þetta og voru Valsmenn nálægt því að bæta við marki í tvígang það sem eftir lifði hálfleiksins en Framarar náðu ekki að skapa sér opið marktækifæri þrátt fyrir að leika oft á tíðum ágætis sóknarleik.

Framarar gerðu tvær breytingar á liði sínu í hálfleik. Inn á komu Ómar Hákonarson og Johann Karlefjard, og út af fóru Kristján Hauksson, sem meiddist, og Daði Guðmundsson. Þessar breytingar skiluðu sér í meiri sóknarþunga, þar sem Ómar og Andri Fannar voru sérstaklega áberandi á upphafsmínútum hálfleiksins.

Sterk vörn Valsmanna gaf þó fá færi á sér, þótt Bo Henriksen hafi í eitt skipti komist nálægt því að skora sitt annað mark í leiknum en Steinþóri Gíslasyni, hægri bakverði Valsmanna, tókst að bjarga því á síðustu stundu. Kristinn Lárusson og Sigurður Þorsteinsson komu svo inn á hjá Valsmönnum, fyrir Guðmund Benediktsson og Sigþór Júlíusson, og í kjölfarið náði Valur betri tökum á miðjunni.

Á 75. mínútu leiksins tókst Bo Henriksen að skora annað mark Fram eftir fallegan undirbúning Andra Fannars Ottósonar, sem var í ákjósanlegri stöðu sjálfur en valdi betri kostinn, að renna boltanum til Bo sem var í dauðafæri sem hann nýtti. Vel gert hjá Andra og Bo. Valsmenn sóttu síðan töluvert næstu mínútur á eftir markinu, en náðu ekki að brjóta sterka vörn Fram á bak aftur.

Framarar léku skynsamlega það sem eftir lifði leiks og náðu að halda boltanum ágætlega innan liðsins meðan leikmenn Vals pressuðu stíft. Valsmenn voru hins vegar ólíkir sjálfum sér í seinni hálfleik og sýndu ekki þá baráttu og samstöðu sem einkennt hefur leik liðsins í sumar. Miðjan var ekki hjá Valsmönnum í dag, og var greinilegt að liðið saknaði sárlega fyrirliðans Sigurbjörns Hreiðarssonar.

Leikur Fram hefur farið batnandi í síðustu leikjum. Sagan virðist ætla að endurtaka sig eina ferðina enn. Fram hefur náð að rétta úr kútnum í ágústmánuði síðustu sex ár og miðað við leik liðsins í gærkvöldi verður það raunin að þessu sinni líka. Bo gerði titilvonir Vals að engu.

**- mh**

Stuðningsmenn Manchester United anda léttar:

# Rio skrifaði loksins undir nýjan samning

**FÓTBOLTI** Rio Ferdinand, varnarmaðurinn sterki hjá Manchester United, batt í gær enda á margra vikna óvissu um framtíð sína hjá félaginu er hann undirritaði framlengingu á samningi sínum sem nú gildir út leiktíðina 2009. Forsaga málsins er sú að í vor mun Ferdinand hafa hafnað samningstilboði United sem hefði tryggt honum laun upp á hundrað þúsund pund á viku. Stuðningsmönnum félagsins gramdist það mjög að hann skyldi ekki skrifa undir, sérstaklega eftir að félagið sýndu honum mikla tryggð er hann tók út átta mánaða langt keppnisbann sem hann fékk fyrir að mæta ekki í lyfjapróf.

„Ég hef alltaf sagt að ég vilji vera um kyrrt á Old Trafford og nú er þessu máli lokið," sagði Ferdinand í viðtali við heimasíðu félagsins í gær. „Ég hlakka til þess að hefja keppni á nýrri leiktíð og núna get ég loksins einbeitt mér að því að spila fyrir Manchester United." Knattspyrnustjóri liðsins Sir Alex Ferguson sagði að sér væri mjög létt að þetta mál hafi loksins verið til lykta leitt.

**- esá**



Fylgst með Garðari Jóhannssyni, KR-ingi:

# Enn í myndinni hjá Lyn

**FÓTBOLTI** Garðar Jóhannsson, leikmaður KR, er enn í myndinni hjá forráðamönnum norska úrvalsdeildarliðsins Lyn sem hafa undanfarnar vikur verið að skoða Garðar með kaup í huga. Fyrirspurn barst fyrst fyrir nokkrum vikum síðan og svo tilboð sem KR-ingar svöruðu með gagntilboði. Því hafa Norðmennirnir ekki enn svarað en Garðar hefur haldið utan til félagsins, sem landsliðsmaðurinn Stefán Gíslason leikur með, og æft með liðinu og gengist undir læknisskoðun.

„Læknunum leist bara mjög vel á mig,“ sagði Garðar í samtali við Fréttablaðið í gær. „Ég mætti líka á þrjár æfingar með liðinu og vildu þeir skoða mig betur áður en eitthvað meira gerðist.“ Útsendarar frá Lyn mættu svo í Kaplakrika á sunnudagskvöldið þar sem lið KR var í heimsókn. Garðar sat hins vegar á bekknum bróðurpart leiksins og varð því sjálfsagt minna úr ferðinni en til var ætlast.“

Arnór Guðjohnsen er umboðsmaður Garðars og segir áhuga Lyn enn vera til staðar. „Þeir eru með Garðar í huga sem framtíðarmann og þó svo að hann gangi ekki til liðs við liðið nú er allt eins líklegt að það gerist næst þegar félagsskiptaglugginn er opinn.“



**FÉKK 25 MÍNÚTUR** Garðar Jóhannsson gegn Auðuni Helgasyni í leik FH og KR um helgina. Garðar kom inn á sem varamaður á 65. mínútu.



**HETJAN BO** Daninn Bo Henriksen skoraði bæði mörk Fram gegn sínum gömlu félögum í Val. Forráðamenn Vals fengu hann til félagsins í vor en hann fékk fá tækifæri að Hlíðarenda og skipti yfir í Fram um mitt sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL.

| **FRAM** 4–4–2 | | **VALUR** 4–4–2 | |
|---|---|---|---|
| Gunnar | 6 | Kjartan | 5 |
| Eggert | 7 | Steinþór | 6 |
| Þórhallur Dan | 6 | Grétar | 6 |
| Kristján | 5 | Atli Sveinn | 5 |
| (46. Karlefjard | 6) | Bjarni Ólafur | 6 |
| Gunnar | 6 | Sigþór | 5 |
| Daði | 5 | (53. Kristinn Ingi | 5) |
| (46. Ómar | 7) | Stefán Helgi | 6 |
| Mathiesen | 7 | Baldur | 6 |
| Ingvar | 6 | (82. Hálfdán | –) |
| Víðir | 6 | Matthías | 6 |
| (72. Viðar | 5) | Guðmundur | 6 |
| ***Henriksen** | **8** | (60. Sigurður S. | 5) |
| Andri Fannar | 7 | Garðar | 6 |

*MAÐUR LEIKSINS

*Landsbankadeild karla:*

FRAM–VALUR 2–1

**STAÐAN:**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **FH** | **12** | **12** | **0** | **0** | **31–5** | **36** |
| VALUR | 12 | 9 | 0 | 3 | 25–8 | 27 |
| **ÍA** | **12** | **6** | **2** | **4** | **15–14** | **20** |
| KEFLAVÍK | 13 | 5 | 5 | 3 | 24–27 | 20 |
| **FYLKIR** | **13** | **5** | **2** | **6** | **23–22** | **17** |
| FRAM | 13 | 4 | 2 | 7 | 13–19 | 14 |
| **KR** | **13** | **4** | **1** | **8** | **14–21** | **13** |
| ÞRÓTTUR | 13 | 2 | 4 | 7 | 15–21 | 10 |
| **ÍBV** | **12** | **3** | **1** | **8** | **10–24** | **10** |
| GRINDAVÍK | 11 | 2 | 3 | 6 | 11–20 | 9 |

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

ÁGÚST

6 7 8 **9** 10 11 12

**Þriðjudagur**

### LEIKIR

- 19.00 **KR** og **Breiðablik** mætast í Frostaskjóli í Landsbankadeild kv.
- 19.00 **ÍBV** tekur á móti **Keflavík** á Hásteinsvelli í Landsbankadeild kv.
- 19.00 **Stjarnan** fær **FH** í heimsókn í Garðabæinn í Landsbankadeild kv.

### SJÓNVARP

- 07.00 Olíssport á Sýn.
- 07.30 Olíssport á Sýn.
- 08.00 Olíssport á Sýn.
- 08.30 Olíssport á Sýn.
- 15.30 HM í frjálsum íþróttum á RÚV.
- 16.15 Olíssport á Sýn.
- 16.45 Landsbankadeildin á Sýn.
- 18.35 X-Games ofurhugaleikar á Sýn.
- 19.30 Strandblak á Sýn.
- 20.30 Toyota-mótaröðin í golfi á Sýn.
- 21.30 Mótorsport 2005 á Sýn.
- 22.00 Olíssport á Sýn.
- 22.30 NBA körfuboltinn á Sýn.
- 00.10 Ensku mörkin á Sýn.

## LEIKIR GÆRDAGSINS

*Enska 1. deildin:*

PRESTON NORTH END–DERBY 1–1
1–0 Nugent (16.), 1–1 Idiakez, víti (43.).

*Norska úrvalsdeildin:*

XXX–XXX x–x
**xxxxn** skoraði x mörk fyrir xxxx í leiknum..


Garðhús Eskola 2
- 11,36fm
Fyrir Grillið -
fyrir Heita pottinn
Tilboðsverð -
Fáein hús eftir



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

Salla Sumarhús
- Gestahús
13,1 fm með yfirbyggðri
verönd 388x205 cm



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

Fallegar þakflísar



KATEPAL þakflísar skapa kórónu hverrar byggingar.
Yfir 60 ára reynsla um allan heim.
Viðhaldsfrítt. Fjórir sanseraðir litir.
Mjög auðveld lagning á margbrotin þök.
Ekkert tjörumak.
Gerið verðsamanburð.
goddi.is, Auðbrekka 19, 200 Kópavogi, sími 544 5550



BÁTAKERRA LCI-887
548x170cm. galv. með spili. Burðarg. 545 kg.
Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

KERRA
LCI-880
392x134cm, galv.
Burðarg. 270 kg.



Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

Áklæðaúrvalið er hjá okkur.
Leður og leðurlíki. Auk þess pöntunarþjónusta eftir ótal sýnishornum.
Goddi.is, Auðbrekku 19, Kóp. s: 544-5550

ÍSLANDSBANKA
REYKJAVÍKUR MARAÞON
20. ÁGÚST 2005

ÍSLANDSBANKI | 100%

ÁSKRIFT: 515 6100 | WWW.STOD2.IS | SKÍFAN | OG VODAFONE

Hörkuspennandi myndaflokkur sem gerist á alþjóðlega flugvellinum í LA. Öryggismálin eru í öndvegi enda vofir ógn hryðjuverka stöðugt yfir. Meðal daglegra áhyggjuefna eru sprengjuhótanir og drukknir flugmenn. Heather Locklear fer með aðalhlutverk í þessari mögnuðu þáttaröð.

LAX
Í kvöld kl. 21:35



GOTT FÓLK McCANN

# STUÐ MILLI STRÍÐA | Hið fullkomna sparnaðarráð

**MARTA MARÍA JÓNASDÓTTIR** ER AÐ TAKA SIG Á Í EYÐSLUNNI.



MYND: HELGI SIGURÐSSON

Ég verð að viðurkenna að ég er í eðli mínu eyðslukló. Því miður fattaði ég það ekki fyrr en ég byrjaði í sambúð. Ég hafði alltaf haldið því fram að ég væri sparsöm snót sem kynni vel með fé að fara. Þegar í sambúðina var komið komst ég hins vegar að því að hlutir sem mér fannst sjálfsagðir að kaupa fannst honum bruðl. Í stað þess að taka mig á og læra af manninum kallaði ég hann „Nenna níska“ og hló dátt að eigin húmor. Hann hló ekki. Í sumar gerðist hins vegar eitthvað í kollinum á mér og ég ákvað að taka mig taki. Ég hringdi í föðursystur mína, sem er ein sú hagsýnasta sem ég þekki, og fékk góð sparnaðarráð. Hún benti mér á að fylgjast vel með öllum verðmerkingum í matvöruverslunum, stundum væri ódýrara að tína tómatana sjálfur og stundum væri mun hagstæðara að kaupa þá saman í pakka. Við þetta opnaðist nýr heimur. Ég fór að taka eftir því að vanilluskyr sem mér þykir mjög gott kostar nánast aldrei það sama, stundum kostar stór dolla 160 kall og stundum 142 krónur. Undanfarna daga hefur kílóið af lauk kostað eina krónu, sem gerir það að verkum að það er nánast hægt að borða frítt með því að búa sér til lauksúpu eða indverska rétti sem samanstanda af linsubaunum og lauk. Með þessa vitneskju í farteskinu náði ég að lækka matarreikninginn um 30 þúsund krónur. Til að halda sparnaðaráætlunina út ákvað ég að setja þetta í annan búning. Ég gæti keypt 60 bjóra, tvennar gallabuxur, þrjú pör af pæjuskóm, skroppið í helgarferð til Köben, keypt mér tuttugu augnskugga frá MAC, sofið eina nótt á Hótel Búðum, fyllt bílinn minn sex sinnum af bensíni og farið í sjö nuddtíma.

Þegar maður hugsar þetta svona er ekkert mál að spara þegar maður kaupir í matinn. Þetta gæti líka flokkast sem megrunarráð því allar sjoppuferðir eru rándýrar og svo sannarlega ekki inni á fjárhagsáætluninni.

# myndasögur

## PONDUS

Eftir Frode Överli




## GELGJAN

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## PÚ OG PA

Eftir SÖB




## KJÖLTURAKKAR

Eftir Patrick McDonnell




## BARNALÁN

Eftir Kirkman/Scott





FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

**ÓTTAR GUÐMUNDSSON** Stjórnarmaður í Félagi áhugamanna um sögu læknisfræðinnar, sem stendur fyrir þinginu, en meiri upplýsingar er að fá á heimasíðunni www.icemed.is/saga/

# Saga læknisfræðinnar

**Saga læknisfræðinnar er jafn löng og saga mannsins. Í henni er margt bæði lærdómsríkt og forvitnilegt en Óttar Guðmundsson fræddi *Sóleyju Kaldal* um ýmsar hliðar hennar.**

Dagana 10. til 13. ágúst verður haldið í Aðalbyggingu Háskóla Íslands tuttugasta Norræna þingið um sögu læknisfræðinnar. Þingið er haldið annað hvert ár og þetta er í þriðja sinn sem það er haldið á Íslandi. Sú nýbreytni hefur verið tekin upp í ár, vegna fjölþjóðlegrar þátttöku, að allir fyrirlestrar verða fluttir á ensku í stað Norðurlandamála. Aðalfyrirlestradagarnir eru fimmtudagurinn 11. ágúst og laugardagurinn 13. ágúst en á föstudeginum er farið í læknissögulega ferð um Snæfellsnesið.

Félag áhugamanna um sögu læknisfræðinnar stendur fyrir þinginu og eru fyrirlestrarnir fyrst og fremst fyrir félagsmenn þess. Aðrir gestir eru þó velkomnir svo lengi sem húsrúm leyfir.

### Persónuleikaraskanir í Njálu

„Tilgangur félagsins og þessa þings er að auka áhuga manna á sögu. Það er mjög algengt að íslenskir læknar haldi að saga læknisfræðinnar hefjist þegar þeir útskrifist úr læknadeild og endi þegar þeir hætti störfum," segir Óttar Guðmundsson, læknir og stjórnarmaður í FÁSL. „Við viljum vekja athygli fólks á því að við erum bara hluti af afar langri þróun."

Óttar segir fyrirlestrana verða mjög fjölbreytta. „Meðal annars koma tveir útlendingar sem hafa báðir skrifað doktorsritgerðir sínar um sjúkdóma í Íslendingasögunum. Annars vegar er það þýsk kona sem skrifaði ótrúlega merkilega og nákvæma bók um þetta efni þar sem hún gerir grein fyrir nánast hverjum einasta sjúkdómi þessa tíma, en þar kemur ýmislegt í ljós sem maður vissi ekki," segir hann. „Svo verður norskur maður með fyrirlestur um persónuleikaraskanir í Njálu. Það fjallar hann meðal annars um bága geðheilsu og sveiflukennda lund Hallgerðar Langbrókar."

Á föstudeginu verður komið víða við og Óttar segir margt áhugavert að sjá á Íslandi. „Svo förum við á slóðir Egils Skallagrímssonar, sem var náttúrlega fyrsti íslenski geðlæknirinn. Hann var geðveikur sjálfur en það tvennt fer oft saman."

### Allt slæmt kemur frá Svíþjóð

Óttar mun sjálfur flytja fyrirlestur á þinginu en hann ætlar að fjalla um berserki. „Ég hef stúderað þá talsvert. Þeir virðast ávallt koma út úr tóminu og eru ættlausar persónur sem heita mjög sérstökum nöfnum. Þegar uppruni þeirra er hins vegar rakinn eru þeir gjarnan sænskir. Þeir eru ósæranlegir, ódrepandi og lifa samkvæmt öðru siðferðislögmáli en hinar persónur Íslendingasagnanna. Þeir eru málaliðar sem drepa gegn kaupi en eru svo drepnir af hetjum sagnanna til að undirstrika þeirra getu," segir Óttar. „Ég veit ekki af hverju þeir tengjast Svíþjóð en á árunum kringum 1970 sagði Mogginn allt slæmt koma frá Svíþjóð. Þetta hefur því loðað við landið og Mogginn var ekki fyrstur að komast að þessu," segir hann kíminn. „Þetta er nú sennilega vegna þess að menn vissu mjög lítið um Svíþjóð á tíma Íslendingasagnanna."

### Íslenskar konur frumkvöðlar læknavísindanna

Að sögn Óttars hafa íslensk læknavísindi skemmtilega femíníska sérstöðu. „Íslendingasögur segja frá ýmsum einstaklingum sem voru „læknar góðir" eins og sagt er. Það sem var mjög einkennandi fyrir þessa lækna var að þeir voru flest allir konur. Konur voru því í miklum meirihluta í læknastéttinni á Íslandi og það er nokkuð merkilegt að norræna lækningagyðjan er kona, Eir. Í grískri og rómverskri goðafræði eru lækningaguðirnir karlmenn svo þetta er alveg sérstakt," segir hann. „Á þinginu verður einmitt mjög áhugaverður fyrirlestur um konur í læknisfræði þar sem einnig er rætt um þetta frumkvöðlastarf íslenskra kvenna."

### Ógn fuglaflensunnar

Einn af helstu kostum góðrar söguþekkingar er fordæmis- og lærdómsgildi hennar og á það ekki síður við í læknisfræðinni. „Haraldur Briem ætlar að tala um farsóttir sem fóru hér yfir, eins og Spánsku veikina, Stóru bólu og Svarta dauða. Hann mun síðan tengja þær við fuglaflensufaraldurinn sem öllum stendur mikil ógn af núna," segir Óttar. „Það er ástæða til að óttast hann því ef vírusinn breiðist út eða tekur stökkbreytingum þá er það mjög alvarlegt mál," segir hann að lokum.

ALGJÖRT VERÐHRUN
60% til 70% afsláttur
af öllum vörum
hjá Hafnhildi
Engjateigi 5, sími 581 2141
Opið virka daga frá kl. 10.00-18.00, laugardaga frá kl. 10.00-16.00.

# Kertum fleytt til friðar

Hin árlega kertafleyting fer fram í tuttugasta sinn á Reykjavíkurtjörn í kvöld. Íslenskar friðarhreyfingar standa að athöfninni, sem er í minningu fórnarlamba kjarnorkuárásanna á Hiroshima og Nagasaki árið 1945.

Safnast verður saman við suðvesturbakka Tjarnarinnar klukkan 22.30 en þá hefst dagskrá sem Páll Óskar Hjálmtýsson söngvari heldur utan um. Ingibjörg Haraldsdóttir kennari flytur ávarp og Felix Bergsson leikari flytur ljóð.

Fyrir fleytinguna efnir Samstarfshópur friðarhreyfinga til samkomu í Tjarnarsal Ráðhússins klukkan 20.30 í tilefni af því að í ár eru sextíu ár liðin frá árásunum.



**FRIÐARLJÓS** Íslensk friðarsamtök minnast fórnarlamba kjarnorkuárása með kertafleytingu á Reykjavíkurtjörn í kvöld.

VETRARPERLUR ERU KOMNAR ÚT




Einstaklega spennandi ferðir – vetur og vor

Terra Nova er stolt af að kynna glæsilegt framboð ferða í vetur og næsta vor. Meðal nýjunga sem við bjóðum eru ferðir til Madeira og Azoreyja auk ferðar til Malasíu yfir jólin. Einnig bjóðum við spennandi páskaferð til Miðjarðarhafsperlunnar Kýpur.

Terra Nova byggir á yfir aldarfjórðungs reynslu og því getur þú í öllum okkar ferðum reitt þig á trausta þjónustu reyndra fararstjóra okkar, sem þekkja land, þjóð og staðhætti og tryggja þér ánægjulega dvöl á meðan þú ert í fríinu.

Við óskum þér ánægjulegs og spennandi ferðaárs.

Bókaðu beint á netinu á www.terranova.is


Madeira frá 139.990 kr.


Azoreyjar frá 129.990 kr.


Malasía Jól frá 198.990 kr.


Kýpur Páskar frá 98.900 kr.

Septembersól:
Salou frá 29.990 kr.
Portúgal frá 29.990 kr.

Sérferðir
Tékkl./Þýskal./Austurríki - 3. okt.
Tyrkland, fyrr og nú - 23. sept.
Norður-Spánn - 2. sept.

Mundu MasterCard ferðaávísunina!

Skógarhlíð 18 · 105 Reykjavík · Sími: 591 9000
www.terranova.is · Akureyri Sími: 461 1099
Hafnarfjörður Sími: 510 9500

TERRA NOVA -SPENNANDI VALKOSTUR




BORGARLEIKHÚSIÐ
Leikfélag Reykjavíkur • Listabraut 3, 103 Reykjavík

KALLI Á ÞAKINU

*e. Astrid Lindgren • Í samstarfi við Á þakinu*

Lau 13/8 kl 14, Su 14/8 kl 14, Lau 20/8 kl 14, Su 21/8 kl 14

**Miðasölusími 568 8000 • midasala@borgarleikhus.is**

Miðasala á netinu www.borgarleikhus.is Miðasalan í Borgarleikhúsinu er opin:
5/7, 11/7, 12/7, 13/7 kl. 14-18 6/7, 7/7, 8/7, 14/7, 15/7, 17/7, 22/7, 28/7 kl. 14-20
10/7, 17/7 kl. 12-18 LOKAÐ 18/7 - 21/7, 23/7-27/7, 29/7-11/8




# Hjálmar taka upp á Flúðum

Reggísveitin Hjálmar ætlar að hefja upptökur á næstu plötu sinni í félagsheimilinu á Flúðum í næstu viku. „Við fórum og skoðuðum aðstæður þarna og það gekk allt upp. Þannig að við ætlum að pakka niður öllu stúdíóinu og vera þar yfir vikuna," segir Kiddi úr Hjálmum. „Við ætlum síðan að enda með því að vera góðir við þá sem verða þarna í kringum okkur og spila á Útlaganum, sem er um það bil 200 manna staður."

Platan er væntanleg fyrir jólin en fyrsta plata Hjálma, Hljóðlega af stað, sem kom út síðasta sumar hefur notið mikilla vinsælda hér á landi. Hjálmar, sem hituðu upp fyrir rapparann Snoop Dogg á dögunum, hita upp fyrir upptökulotuna á Flúðum með tónleikum á Nasa næsta laugardagskvöld. Því næst spilar sveitin á hafnarbakkanum á Menningarnótt þar sem sérstakir gestir frá Svíþjóð stíga með þeim á stokk. ■



**HJÁLMAR**
Reggísveitin Hjálmar spilar á Nasa næsta laugardagskvöld.

# Brian úr East 17 hlakkar til að ganga á ný

Söngvarinn Brian Harvey, sem er þekktastur fyrir að vera meðlimur í strákabandinu East 17, lenti í hörmulegu bílslysi í maí og hefur enn ekki náð sér. Brian hlaut alvarleg innvortis meiðsl og mörg beinbrot þegar hann þeyttist út úr bílnum í slysinu og lenti undir honum. Hann var í dái í nokkrar vikur. „Ég var nýbúinn að borða fullt af kartöfluflögum þegar mér varð óglatt. Ég opnaði hurðina á bílnum til að æla, en í stað þess að ýta á bremsuna steig ég á bensíngjöfina og bíllinn þeyttist áfram. Ég hlýt að hafa lent á fjórum eða fimm kyrrstæðum bílum," sagði Brian á dögunum en hann situr heima við með járngrind um sig til að halda brotinni mjaðmagrindinni í skefjum. Brian hefur reynt að svipta sig lífi tvisvar fyrir slysið en hann segir að þetta hafi ekki verið sjálfsmorðstilraun. Læknar segja að hugsanlegt sé að hann nái sér að fullu, en söngvarinn vonast til þess að geta gengið um jólin. ■



**BRIAN HARVEY**
Frægðarstjarna Brians hefur ekki risið hátt síðustu misseri en hann hefur verið þunglyndur um skeið.



HÁDEGISBÍÓ 400 kr. MIÐAVERÐ Á ALLAR MYNDIR kl: 12 UM HELGINA Í SAMBÍÓUNUM KRINGLUNNI




**ÁLFABAKKI**

| | | |
|---|---|---|
| THE ISLAND | KL. 3-4-6-7-8-10-10.45 | B.I. 16 |
| THE ISLAND VIP | KL. 4.30-8-10.45 | |
| KICKING AND SCREAMING | KL. 2-4-6-8-10 | |
| DARK WATER | KL. 8.40-10.45 | B.I. 16 |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 2-4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 2-4-6 | |
| SVAMPUR SVEINSSON ísl. tal | KL. 2 | |

**KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| THE ISLAND | KL. 8-10.40 | B.I. 16 |
| KICKING & SCREAMING | KL. 8 | |
| THE PERFECT MAN | KL. 10 | |

**AKUREYRI**

| | |
|---|---|
| THE ISLAND | KL. 8-10.20 |
| KICKING & SCREAMING | KL. 6-8 |
| DARK WATER | KL. 10 |
| MADAGASKCAR ísl. tal | KL. 6 |

**KRINGLAN**

| | | |
|---|---|---|
| THE ISLAND | KL. 3-5.30-8.30-11.15 | B.I. 16 |
| THE PERFECT MAN | KL. 4-6-8-10 | |
| MADAGASCAR ísl. tal | KL. 4.30-6.30 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 8.30-11.15 | B.I. 16 |

FRÁBÆR SKEMMTUN SAMBÍÓIN

| | | |
|---|---|---|
| THE ISLAND | KL. 5.45-8.30-10-11.20 | B.I. 16 ára |
| DARK WATER | KL. 5.50-8-10.15 | B.I. 16 ára |
| MADAGASCAR enskt tal | KL. 6-8-11.20 | |
| BATMAN BEGINS | KL. 6-8.30 | B.I. 12 ára |

Háskólabíó


# Alpastemning á Broadway

Tónlistarskemmtun með þekktum listamönnum frá Alpalöndunum Þýskalandi, Austurríki og Sviss, undir nafninu „Musikantenstadl Unterwegs," verður haldin 5. september á Broadway.

Í tengslum við þessa sýningu koma hundruð Þjóðverja til Íslands og skoða þeir landið vikurnar á undan og eftir sýninguna. Hápunktur ferðarinnar verður síðan skemmtunin á Broadway, sem er meðal annars framhald á mikilli tónlistar- og ferðakynningu Íslands í hinum þýskumælandi heimi í Evrópu.

„Þetta er held ég í fyrsta skipti sem svona alpatónlist er spiluð á tónleikum hér," segir Guðmundur Kjartansson hjá Island Pro Travel, sem skipuleggur skemmtunina. „Þarna koma 35 tónlistarmenn með sjö atriði, allt frá litlum atriðum upp í heilu hljómsveitirnar."

Skemmtunin er byggð á þjóðlaga og „slagara" tónlist í tengslum við sjónvarpsþáttinn „Musikantenstadl" sem sendur er út í ríkissjónvarpsstöðunum í öllum þýskumælandi löndum Mið-Evrópu. Þátturinn er eitt vinsælasta sjónvarpsefni þessara landa og horfa átta til tíu milljónir manna á hann á laugardagskvöldum. Stjórnandi þáttarins Karl Moik er orðinn goðsögn í lifanda lífi enda nýtur hann mikilla vinsælda í þessum löndum. Hann verður kynnir á skemmtuninni.



**KARL MOIK** Einn þekktasti sjónvarpsmaður Þýskalands Karl Moik kemur fram á sýningunni Musikantendstadl Unterwegs hinn 5. september.

„Þetta snýst allt í kringum þennan sjónvarpsþátt sem er búinn að ganga í 25 ár," segir Guðmundur. „Í þessum þætti hefur Ísland fengið gríðarlega kynningu, en þessi markhópur sem horfir á þáttinn sækir Ísland mest heim." Guðmundur telur jafnframt að koma fólksins hingað til lands sé eitt stærsta einstaka túristaverkefnið sem hefur verið sett í gang hérlendis.

Í mars var sýnt myndskeið í þættinum með tónlistar- og leiðsögumanninum Inga Gunnari Jóhannssyni og í þættinum í apríl var annað með Stuðmönnum. Bæði myndböndin voru tekin upp á Íslandi og sýna landið í sinni fegurstu mynd. Í júní-þættinum tróðu síðan Stuðmenn upp með ensku útgáfunni af laginu „Manstu ekki eftir mér," við góðar undirtektir 3000 áhorfenda í ísknattleikshöllinni í Bolzano í Suður-Týról.

Auk þýskra skemmtiatriða verða þrjú íslensk tónlistaratriði á sýningunni. Stuðmenn og Islandica koma fram auk þess sem hjónin Ásta Begga og Gísli frá Hestheimum við Hellu syngja tvísöng. Aðstoðarkynnir Karl Moik verður Ingi Gunnar Jóhannsson.

Forsala á tónleikana 5. september fer fram í 12 Tónum. Miðaverð er 3.000 krónur og með 3ja rétta kvöldverði kostar miðinn kr. 7.500. ■



**CLINT EASTWOOD** Skyldi íslenska fjallaloftið veita Óskarsverðlaunahafanum nægilegan innblástur til þess að hann hljóti Óskarinn fyrir Flagg feðranna?

# Eastwood til landsins í dag

Tökur á kvikmyndinni Flags of Our Fathers, eða Flaggi feðranna, hefjast í lok vikunnar, nánar tiltekið á föstudaginn. Að sögn Alexíu Bjargar Jóhannesdóttur hjá Casting hefur allur undirbúningur gengið framar vonum. „Það er allt í góðu hjá okkur og enginn aukaleikaranna hefur hætt við," segir Alexía en áætlað er að stærstu atriðin verði tekin upp um helgina í Krýsuvík.

Leikstjórinn sjálfur Clint Eastwood er væntanlegur til landsins í dag en áformað er að tökum ljúki hér á landi hinn 8. september. ■

# Nylon syngur í sumarveislu

Stúlknasveitin Nylon syngur í sumarveislu á Select við Smáralind næstkomandi laugardag í tilefni af útkomu Nylon-vinabandanna.

Allur ágóði af sölu bandanna rennur til krabbameinssjúkra barna á Íslandi. Böndin fást einungis í Select og í völdum verslunum Shell í ágúst og september. Veislan á laugardaginn hefst klukkan 14.00. Auk þess að syngja gefa Nylon-stúlkurnar áhugasömum gestum Nylon-póstkort og veggspjöld. ■



**NYLON** Stúlknasveitin Nylon syngur á laugardaginn í tilefni af útkomu Nylon-vinabandanna.

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Jessica Simpson reynir nú að þagga niður orðróm þess efnis að hún hafi farið í brjóstastækkun. Brjóstin hennar Jessicu fá að njóta sín í myndbandinu við lagið These Boots Are Made for Walking, en hún neitar því að hafa farið í aðgerð. „Brjóstin mín eru hundrað prósent alvöru. Þegar ég var í skóla voru brjóstin stærri en á öllum vinkonum mínum og ég var hrædd við að sýna þau," segir hún. „Núna finnst mér að þau geri fötin mín flottari. Þau eru eins og aukahlutur," segir Jessica.



Aldrei hefur nokkur bók selst jafnhratt og nýjasta Harry Potter-bókin. Ríflega 8,9 milljónir eintaka voru seldar á Bretlandi og í Bandaríkjunum fyrsta sólarhringinn, sem er sölumet. Útgefandinn í Bretlandi sagði að sjötta Harry Potter-bókin hefði selst þrettán prósentum meira en sambærilegar tölur fyrri Harry Potter-bóka á fyrsta söludegi.



Jennifer Lopez segir að frægðin og ríkidæmið hindri feril hennar í kvikmyndum. Hún telur að ef hún væri bara efnileg leikkona sem berðist í bökkum væru meiri líkur á að hún krækti í bitastætt leikhlutverk. „Til að byrja með var ég óskrifað blað. Ég fékk að vinna með mörgum frábærum leikstjórum því að ég var bara stelpa sem stóð sig vel í áheyrnarprufunni," segir Jennifer. Dívu-orðsporið virðist koma í veg fyrir að hún fái góð hlutverk. „Stóru leikstjórarnir taka mig ekki einu sinni til greina. Þeir sjá mig sem kynþokkafullan söngvara sem er allt of mikið í fjölmiðlum."




## ÚR BÍÓHEIMUM

Í hvaða kvikmynd hljómaði þessi setning:

**„Taste the darkness, D'Amour, it's been waiting for you.“**

**Svar:** Andsetinn strákur úr kvikmyndinni Lord of Illusions árið 1995.

# dagskrá

**VIÐ TÆKIÐ RÓSA SIGNÝ GÍSLADÓTTIR horfir á sjónvarpið í ræktinni.**

## *Fjölvarpið á hlaupabrettinu*

Ég er búin að halda því fram í allt sumar að ég horfi lítið á sjónvarp. Svo áttaði ég mig á því að það er bara alls ekki rétt. Þannig er mál með vexti að ég fer nokkuð oft í líkamsræktarstöð sem hefur marga sjónvarpsskjái fyrir framan tækin. Á einni kvöldæfingu næ ég því helsta á Sjónvarpinu, Stöð 2, Skjá einum, Sirkus, Bíórásinni, Sky News og hvað þetta heitir allt saman á einu (hlaupa)bretti. Ég næ fæstum af þessum stöðvum heima hjá mér og þess vegna er ég bara nokkuð sátt við að glápa á þetta í ræktinni. Reyndar hlusta ég aldrei á hljóðið heldur hleyp við lagasafnið mitt á Ipodinum, en það gerir ekkert til. Núna á föstudag til dæmis var það lagið á Stöð 2. Þó að nafnið gefi til kynna að tónlistin sé aðalatriðið var þetta ágætissjónvarpsefni svona „mute“. Ég dáðist að leikurunum sem komu fram í þættinum enda útgeislun Þórunnar Lár, Felix Bergssonar, Selmu Björns og Rúnars svo mögnuð að það var unun að fylgjast með þeim (þó ég viðurkenni að þetta var orðið svolítið þreytt þegar ég sá endursýninguna í ræktinni næsta dag). Af og til reikuðu augun yfir á nálæga skjái; Skjár einn og Sirkus voru með eitt hvert sápurusl sem ágætt var að fylgjast með, rómantíska gamanmyndin með J-Lo á Bíórásinni orsakaði nokkrar brosviprur og Sky News kippti mér inn í alvöru lífsins aftur með því að tilkynna mér að flugslys hefði orðið við Sikiley. Það er því nokkuð ljóst að ég missti ekki af neinu í sjónvarpinu á föstudagskvöldið og í kaupbæti fékk ég smá íhugun og púl á hlaupabrettinu. Ég er bara mjög ánægð með þessa tilhögun á sjónvarpsáhorfi mínu – nú er bara að vona að ég gleymi mér ekki í glápinu og slaki á í hlaupunum.





▶ 20.00 *Gaman*

EVERWOOD



▶ 21.30 *Spenna*

LAX



▶ 23.30 *Drama*

RESCUE ME



▶ 22.45 *Spjall*

JAY LENO



▶ 18.00 *Íþróttir*

GOLF

### SJÓNVARPIÐ

**15.20** Táknmálsfréttir **15.30** HM í frjálsum íþróttum. Bein útsending frá mótinu sem fram fer í Helsinki.

**19.00 Fréttir og íþróttir**
**19.35 Kastljósið**
**20.00 Everwood (17:22)**
**20.45 Stríðsárin á Íslandi (2:6)** Umsjónarmaður er Helgi H. Jónsson og um dagskrárgerð sá Anna Heiður Oddsdóttir. Þátturinn er textaður á síðu 888 í Textavarpi.
**22.00 Tíufréttir**
▶ **22.20 Rose og Maloney (3:8)** (Rose and Maloney) Bresk þáttaröð um rannsóknarlögreglukonuna Rose og félaga hennar Maloney sem glíma við dularfull sakamál. Hver saga er sögð í tveimur þáttum. Aðalhlutverk leika Sarah Lancashire og Philip Davis.

**23.10** Kastljósið **23.30** Dagskrárlok

### STÖÐ 2

**6.58** Ísland í bítið **9.00** Bold and the Beautiful **9.20** Í fínu formi **9.35** Oprah Winfrey **10.20** Ísland í bítið

**12.20** Neighbours **12.45** Í fínu formi **13.00** Perfect Strangers **13.25** Married to the Kellys (14:22) (e) **13.50** Extreme Makeover (16:23) (e) **14.35** Monk **15.35** Tónlist **16.00** Barnatími Stöðvar 2 **17.53** Neighbours **18.18** Ísland í dag

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 Ísland í dag**
**19.35 Simpsons**
**20.00 Fear Factor (17:31)**
**20.45 Eyes (5:13)** J
▶ **21.30 LAX (2:13)** Myndaflokkur sem gerist á alþjóðlega flugvellinum í Los Angeles, LAX. Um flugvöllinn fara árlega milljónir farþega og stjórnendur hans hafa í mörg horn að líta. Aðalhlutverkið leikur Heather Locklear.
**22.15 Navy NCIS (21:23)** Sjóhernum er svo annt um orðspor sitt að starfandi er sérstök sveit sem rannsakar öll vafasöm mál sem tengjast stofnuninni. Bönnuð börnum.

**23.00** Tuck Everlasting **0.30** Revelations (5:6) (Bönnuð börnum) **1.15** Fréttir og Ísland í dag **2.35** Ísland í bítið **4.15** Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí

### SIRKUS

**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**19.00 The Newlyweds (8:30)** (Video Shoot)
**19.30 Game TV**
**20.00 Seinfeld 3**
**20.30 Friends 2 (8:24)**
**21.00 Joan Of Arcadia (6:23)** Táningsstelpan Joan er nýflutt til smábæjarins Arcadia þegar skrítnar uppákomur fara að henda hana.
**22.00 Kvöldþátturinn** Beinskeyttur spjall- og skemmtiþáttur þar sem viðburðir dagsins eru hafðir að háði og spotti..
**22.45 David Letterman** Það er bara einn David Letterman. Góðir gestir koma í heimsókn og Paul Shaffer er á sínum stað.

▶ **23.30** Rescue Me (6:13) **0.45** Kvöldþátturinn **1.30** Seinfeld 3

### SKJÁREINN

**17.55** Cheers **18.20** Center of the Universe (e)

**19.15 Þak yfir höfuðið (e)**
**19.30 According to Jim (e)**
**20.00 The Biggest Loser** Í þáttunum keppa offitusjúklingar, með hjálp sérvalinna einkaþjálfara um hverjum gengur best að megra sig og halda reglurnar.
**20.50 Þak yfir höfuðið** Umsjón hefur Hlynur Sigurðsson.
**21.00 Brúðkaupsþátturinn Já**
**22.00 CSI: Miami** Horatio Cane fer fyrir fríðum flokki réttarrannsóknafólks sem rannsakar morð og limlestingar í Miami.
▶ **22.45 Jay Leno** Jay Leno tekur á móti gestum af öllum gerðum í sjónvarpssal.

**23.30** The Contender (e) **0.15** Cheers (e) **0.40** The O.C. **1.20** Hack **1.35** Óstöðvandi tónlist

### SÝN

**7.00** Olíssport

**14.15** Landsbankadeildin (Fram – Valur) **16.05** X-Games **17.00** 2005 AVP Pro Beach Volleyball ▶**18.00** Toyota-mótaröðin í golfi

**18.55 UEFA Champions League** (Man. Utd. – Debreceni) Bein útsending frá fyrri leik Manchester United og Debrecen frá Ungverjalandi í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Seinni leikur liðanna fer fram 24. ágúst og verður sömuleiðis í beinni á Sýn. Debrecen vann Hajduk, samanlagt 8-0, í síðustu umferð.
**21.00 UEFA Champions League** (Everton – Villarreal) Útsending frá fyrri leik Everton og Villarreal í 3. umferð forkeppni Meistaradeildar Evrópu. Seinni leikur liðanna fer fram 24. ágúst og verður sömuleiðis sýndur á Sýn.
**22.40 Olíssport** Fjallað er um helstu íþróttaviðburði heima og erlendis. Það eru starfsmenn íþróttadeildarinnar sem skiptast á að standa vaktina en kapparnir eru Arnar Björnsson, Hörður Magnússon, Guðjón Guðmundsson og Þorsteinn Gunnarsson.

**23.10** UEFA Champions League (Man. Utd. – Debreceni) **0.50** Ensku mörkin

### STÖÐ 2 BÍÓ

**6.00** Edward Scissorhands **8.00** Summer Catch **10.00** Kissing Jessica Stein **12.00** Get Over It **14.00** Summer Catch **16.00** Kissing Jessica Stein **18.00** Get Over It **20.00** Edward Scissorhands **22.00** Men With Brooms **0.00** The Musketeer (Bönnuð börnum) **2.00** Vanilla Sky (Bönnuð börnum) **4.15** Men With Brooms (Bönnuð börnum)

### OMEGA

**8.00** Barnaefni **9.00** Blandað efni **10.00** Joyce M. **10.30** Benny Hinn **11.00** T.D. Jakes **11.30** Acts Full Gospel **12.00** Samverustund (e) **13.00** Global Answers **13.30** Jimmy Swaggart **14.30** Blandað efni **16.00** The Way of the Master **16.30** Barnaefni **17.30** LifeLine **18.30** Extreme Prophetic **19.00** CBN fréttastofan **20.00** Um trúna **20.30** Gunnar Þorsteinsson **21.00** Ron Phillips **21.30** Miðnæturhróp **22.00** Joyce Meyer **22.30** Benny Hinn **23.00** T.D. Jakes **23.30** Travellers for Christ **0.00** The Way of the Master **0.30** CBN fréttastofan

### E! ENTERTAINMENT

**12.00** E! News **12.30** Love is in the Heir **13.00** The E! True Hollywood Story **14.00** Style Star **14.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **15.00** The Daily Blend **16.00** 101 Biggest Celebrity Oops! **17.00** Jackie Collins Presents **18.00** E! News **18.30** The Soup **19.00** Hottest Hollywood Style **20.00** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **20.30** My Crazy Life **21.00** The Soup **21.30** Life is Great with Brooke Burke **22.00** Wild On **23.00** E! News **23.30** Hotspot Hollywood Roosevelt Hotel **0.00** Wild On **1.00** Uncut

### AKSJÓN

**7.15** Korter

### POPP TÍVÍ

Tónlist allan daginn - alla daga




















Sjónvarpsstöðin Sirkus er alltaf í ólæstri dagskrá. Stöðin er á rásinni þar sem Popp Tíví var áður. Popp Tíví er á annarri rás á Digital Ísland.

## VIÐ MÆLUM MEÐ...

Rose & Maloney — Sjónvarpið **kl. 22.20.**

*Þetta er þriðji þáttur.*

### *Ólíkir vinnufélagar*

Bresk þáttaröð um rannsóknarlögreglukonuna Rose og félaga hennar Maloney sem taka upp eldri mál ef grunur leikur á að saklaust fólk hafi verið dæmt og réttarmorð framin. Þau Rose og Maloney eru afar ólík. Hún er svolítið villt og lendir stundum í vandræðum vegna þess að hún gerir bara það sem henni sýnist og svo er hún sykursjúk en drykkfelld, afskaplega ósnyrtileg og reykir eins og strompur. Maloney er eins ólíkur Rose og hugsast getur. Hann er reglusamur, rökvís, vill gera allt eftir bókinni og er algjör andhetja.



Maloney og Rose.

## TALSTÖÐIN FM 90,9

**7.03** Morgunútvarpið **9.03** Margrætt með Elísabetu Brekkan. **10.03** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni.

**12.15** Hádegisútvarpið – Fréttatengt efni. **13.01** Hrafnaþing **14.03** Fótboltavikan með Hansa **15.03** Allt og sumt **17.59** Á kassanum. Illugi Jökulsson.

**19.30** Úrval úr Morgunútvarpi e. **20.00** Margrætt með Elísabetu Brekkan e. **21.00** Morgunstund með Sigurði G. Tómassyni e. **22.00** Á kassanum e. **22.30** Hádegisútvarpið e. **23.00** Úrval úr Allt & sumt e. **0.00** Hrafnaþing Ingva Hrafns e.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**7.05** Árla dags **7.30** Morgunvaktin **9.05** Laufskálinn **9.40** Sögumenn samtímans **9.50** Morgunleikfimi **10.13** Sáðmenn söngvanna **11.03** Samfélagið í nærmynd

**13.00** Sakamál., Mærin í snjónum **13.15** Sumarstef **14.03** Útvarpssagan: Einbjörn Hansson **14.30** Ekki hlusta á þetta **15.03** Hljómsveit Reykjavíkur **16.13** Hlaupanótan

**17.03** Víðsjá **18.25** Spegillinn **19.00** Íslensk dægurtónlist í eina öld **21.00** Á sumargöngu **21.55** Orð kvöldsins **22.15** Kvöldsagan, Ragtime

**23.00** Djassgallerí New York

## RÁS 2 FM 90,1/99,9

**7.30** Morgunvaktin **8.30** Einn og hálfur með Gesti Einari Jónassyni **10.03** Brot úr degi

**12.20** Hádegisfréttir **12.45** Poppland **16.10** Dægurmálaútvarp Rásar 2

**18.00** Kvöldfréttir **18.25** Spegillinn **20.00** Músík og sport **22.10** Rokkland

**1.10** Ljúfir næturtónar

## BYLGJAN FM 98,9

**5.00** Reykjavík Síðdegis. **7.00** Ísland Í Bítið **9.00** Ívar Guðmundsson

**12.00** Hádegisfréttir **12.20** Óskalagahádegi Bylgjunnar **13.00** Bjarni Arason **16.00** Reykjavík Síðdegis

**18.30** Kvöldfréttir og Ísland Í Dag. **19.30** Bragi Guðmundsson - Með Ástarkveðju

## ÚTVARP SAGA FM 99,4

**8.00** Adda **10.00** Rósa **11.00** Bláhornið

**12.25** Meinhornið **14.00** Kjartan G **15.00** Hildur H **17.00** Gústaf **18.00** Meinhornið **19.00** Bláhornið

**20.00** Adda **22.00** Rósa **23.00** Kjartan **G0.00** Hildur H **1.00** Kynjastríðið **2.00** Gústaf **3.00** Rósa **4.00** Kjartan G **5.00** Adda

## AÐRAR STÖÐVAR

**FM 95,7 Effemm** / Zúúber tónlistarstöðin
**FM 102,2 Útvarp Latibær** / Fjölskyldu útvarp
**FM 102,9 Lindin** / Kristilegt efni
**FM 96,7 Létt** / Tónlist og afþreying
**FM 105,5 Útvarp Boðun** / Kristilegt efni
**FM 89,5 Kiss** / Nýja bítið í bænum
**FM 88,5 XA-Radíó** / 12 spora efni
**FM 91,9 XFM** / Tónlist og afþreying
**FM 104,5 Radíó Reykjavík** / Tónlist og afþreying

## ERLENDAR STÖÐVAR

**SKY NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**CNN INTERNATIONAL**
Fréttir allan sólarhringinn.

**FOX NEWS**
Fréttir allan sólarhringinn.

**EUROSPORT**
**12.30** Athletics: World Championship Helsinki Finland **13.30** Cycling: UCI Protour Eneco Tour **14.30** Athletics: World Championship Helsinki Finland **18.45** Boxing: Ibf World Title Milan **20.00** Athletics: World Championship Helsinki Finland **22.00** News: Eurosportnews Report **22.15** Rally: World Championship Finland

**BBC PRIME**
**12.00** Miss Marple **12.55** Teletubbies **13.20** Tweenies **13.40** Fimbles **14.00** Balamory **14.20** El Nombre **14.25** Bill and Ben **14.35** The Raven **15.00** Antiques Roadshow **15.30** Vets in Practice **16.00** Animal Park **17.00** Bargain Hunt **17.30** EastEnders **18.00** Wildlife Specials **19.00** Sahara **20.00** Body Hits **20.30** Human Race **21.00** Casualty **21.50** Holby City **23.00** Doris Lessing - A Part of Me **0.00** The Further Adventures of Don Quixote **1.00** Richard II

**NATIONAL GEOGRAPHIC**
**12.00** Pests from Hell **13.00** Paranormal? **14.00** Air Crash Investigation **15.00** Seconds From Disaster **16.00** Battlefront **17.00** Animal Nightmares **17.30** Monkey Business **18.00** Pests from Hell **19.00** Paranormal? **20.00** The Hunt For Hitler's Scientists **21.00** The Mafia **22.00** Paranormal? **23.00** The Hunt For Hitler's Scientists **0.00** The Mafia

**ANIMAL PLANET**
**12.00** The Natural World **13.00** Pet Star **14.00** Animal Precinct **15.00** Pet Rescue **15.30** Wildlife SOS **16.00** Amazing Animal Videos **16.30** Big Cat Diary **17.00** Monkey Business **17.30** Animals A-Z **18.00** Weird Nature **18.30** Nightmares of Nature **19.00** Island of the Monkey God **20.00** Crocodile Hunter **21.00** Animal Cops Detroit **22.00** Monkey Business **22.30** Animals A-Z **23.00** Pet Rescue **23.30** Wildlife SOS **0.00** Island of the Monkey God **1.00** Weird Nature

**DISCOVERY**
**12.00** Rex Hunt Fishing Adventures **12.30** Fishing on the Edge **13.00** Extreme Engineering **14.00** Extreme Machines **15.00** Junkyard Mega-Wars **16.00** Ultimate Cars **17.00** American Chopper **18.00** Mythbusters **19.00** Comet Impact **20.00** Massive Machines **20.30** One Step Beyond **21.00** Pompeii of the East **22.00** Forensic Detectives **23.00** Mythbusters **0.00** Weapons of War

**VH1**
**15.00** So 80s **16.00** VH1's video jukebox **17.00** 100 Most Outrageous Celebrity Moments **21.00** VH1 Rocks **21.30** Flipside **22.00** Loves Me not Top 5 **22.30** The Fabulous Life of... **23.00** VH1 Hits

**MTV**
**13.00** SpongeBob SquarePants **13.30** Wishlist **14.00** TRL **15.00** Dismissed **15.30** Just See MTV **16.30** MTV:new **17.00** The Rock Chart **18.00** Newlyweds **18.30** My Super Sweet 16 **19.00** Power Girls **19.30** The Osbournes **20.00** Top 10 at Ten **21.00** Punk'd **21.30** Wonder Showzen **22.00** Alternative Nation **23.00** Isle of MTV - Pimp My Festival **23.30** Just See MTV

**CLUB**
**12.10** Retail Therapy **12.35** The Stylists **13.00** Staying in Style **13.30** Hollywood One on One **14.00** Fashion House **14.25** Cheaters **15.10** The Roseanne Show **16.00** Yoga Zone **16.25** The Method **16.50** The Race **17.40** Fantasy Open House **18.05** Come! See! Buy! **18.30** Hollywood One on One **19.00** Matchmaker **19.25** Cheaters **20.15** Sextacy **21.10** My Messy Bedroom **21.35** Sex and the Settee **22.00** Ex-Rated **22.30** Men on Women **23.00** Backyard Pleasures **23.30** Anything I Can Do **23.55** Arresting Design **0.25** Retail Therapy **0.50** The Stylists **1.15** Staying in Style

**CARTOON NETWORK**
**12.20** Samurai Jack **12.45** Foster's Home for Imaginary Friends **13.10** Ed, Edd n Eddy **13.35** Codename: Kids Next Door **14.00** Viva Las Bravo **16.05** Samurai Jack **16.30** Foster's Home for Imaginary Friends **16.55** Ed, Edd n Eddy **17.20** Dexter's Laboratory **17.45** Codename: Kids Next Door **18.10** The Powerpuff Girls **18.35** The Grim Adventures of Billy & Mandy

**JETIX**
**12.10** Lizzie Mcguire **12.35** Braceface **13.00** Spider-Man **13.25** Moville Mysteries **13.50** Pokémon VI **14.15** Digimon I **14.40** Spider-Man **15.05** Sonic X **15.30** Totally Spies

**MGM**
**12.20** Secret Invasion, the **14.00** Killer Klowns from Outer Space **15.25** Terror at London Bridge **17.00** Madhouse (1990) **18.30** Far North **20.00** Betsy, the **22.05** By Duty Bound **23.35** Toy Soldiers **1.25** Men's Club, the **3.05** Sibling Rivalry

**TCM**
**19.00** Some Came Running **21.15** Anchors Aweigh **23.30** Sitting Target **1.00** The Man Who Laughs **2.40** Murder at the Gallop

**HALLMARK**
**12.45** Winter Solstice **14.15** Wounded Heart **16.00** Touched by an Angel IV **16.45** The Ascent **18.30** Taking Liberty **20.00** Law & Order Viii **20.45** Jessica **22.30** Teen Knight **0.00** Law & Order Viii **0.45** Taking Liberty **2.15** Jessica

**BBC FOOD**
**12.00** Douglas Chew Cooks Asia **12.30** Ready Steady Cook **13.00** Madhur Jaffrey's Far Eastern Cookery **13.30** James Martin Sweet **14.00** The Naked Chef **14.30** The Tanner Brothers **15.30** Ready Steady Cook **16.00** Rocco's Dolce Vita **16.30** The Italian Kitchen **17.00** Coxon's Royal Feast **17.30** Kitchen Takeover **18.30** Ready Steady Cook **19.00** James Martin: Yorkshire's Finest **19.30** Made to Order **20.00** Nigella Bites **20.30** Neil Perry Fresh and Fast **21.30** Ready Steady Cook

**DR1**
**12.20** Bobler i blodet **12.50** Livet ombord **13.20** I f¢rste række **13.50** Nyheder på tegnsprog **14.00** Livet ombord **14.30** DR-Derude: Rejsen til Orkney **15.00** Trafikdengsen **15.10** Lovens vogtere **15.30** Orkanens •je **16.00** Y's Fantom Farmor **16.15** Thomas og Tim **16.30** TV Avisen med Sport og Vejret **17.00** 17 år med Anders og Julius **17.30** Hvad er det værd? **18.00** Hokus Krokus **18.30** Sommertid **19.00** TV Avisen **19.25** SportNyt **19.30** Fjender og venner **21.00** En sag for Frost **22.15** Fyret! **22.45** Den gode samtale

**SV1**
**12.20** Rosen på Tistelön **14.00** Rapport **14.05** På fisketur med Lars & Bård **14.35** Familjen Anderson **15.00** Strömsö **15.40** Boken i mitt liv **15.45** Levade Noble Horse Show Gala **16.30** Kipper **16.40** Brum **16.50** Berättelser från hönsgården **17.00** Stallkompisar **17.25** Reas boktips **17.30** Rapport **18.00** Allsång på Skansen **19.00** Morden i Midsomer **20.35** Vet hut! **21.25** Rapport **21.35** Sommartorpet **22.05** Uppdrag granskning - vad hände sen? **23.05** Sändning från SVT24

sena

TÓNVINNSLUSKÓLI
ÞORVALDAR BJARNA

Í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er notast við tækjabúnað frá Hljóðfærahúsi Reykjavíkur.

Innskráning í haustönn Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna er hafin. Námskeiðin sem haldin eru í skólanum eru um margt frábrugðin öðru tónlistarnámi, þar sem námsskráin miðar út frá því að miðla þekkingu um tónlistarbransann. Áhersla er lögð á hljóðversvinnu og miðlun gagnlegra upplýsinga sem nýtist þeim sem vilja starfa við tónlist í framtíðinni. Leiðbeinendur við skólann eru allt valinkunnir fagmenn úr íslenskri tónlistarflórunni.

SKRÁNING Á NÁMSKEIÐIN FER FRAM Á
WWW.TONVINNSLUSKOLI.IS
OG Í SÍMA 534 9090

LÆRÐU **TÓNVINNSLU** AF FAGMÖNNUM!



Í fyrsta sinn á Íslandi er í boði alhliða nám í vinnslu dægurtónlistar frá fyrsta skrefi til þess síðasta með þeim aðferðum sem notaðar eru í dag. Skráðu þig á námskeið í Tónvinnsluskóla Þorvaldar Bjarna og lærðu af einum reyndasta upptökustjóra landsins, auk margra annarra, leiðina að fullkláruðu dægurlagi tilbúnu til útgáfu eða útvarpsspilunar. Kennsla mun fara fram eftir vinnu- og skólatíma, því er hægt að stunda nám í skólanum jafnvel þótt nemendur séu í fullri vinnu eða í hefðbundnu dagskólanámi.

Tónvinnslunám – **námsbraut A**

Allir helstu þættir tónvinnslu eru kenndir; lagasmíðar, hljómfræði, upptökur og upptökustjórn, útsetningar og eftirvinnsla (mix & mastering). Námsbrautin hentar þeim sem vilja læra framleiðsluferli tónlistar og þróa hæfileikann til að semja sína eigin tónlist.

**Lengd námskeiðs:** 160klst.
**Kennarar:** Þorvaldur Bjarni, Vignir Snær Vigfússon, Hrannar Ingimarsson, Róbert Þórhallsson, Kjartan Valdemarsson og Roland Hartwell
**Verð: 310.000 kr.** (15% staðgreiðsluafsláttur)

Tónvinnslunám – **námsbraut B**

Hér er um að ræða tækniþátt tónvinnslunnar, þ.e.a.s. upptökur, upptökustjórn útsetningar og eftirvinnslu (mix & mastering). Þessi námsleið hentar þeim sem vilja sækja sér frama við framleiðslu tónlistar.

**Lengd námskeiðs:** 120klst.
**Kennarar:** Þorvaldur Bjarni, Vignir Snær Vigfússon, Hrannar Ingimarsson, Róbert Þórhallsson, Kjartan Valdemarsson og Roland Hartwell
**Verð: 268.000 kr.** (15% staðgreiðsluafsláttur)

Létt tónvinnslunám **fyrir unglinga**

Farið verður í grunntæknina við hönnun tónlistar fyrir auglýsingar, kvikmyndir og eigin lagasmíðar. Stuðst verður algjörlega við tónlistarforritið Reason og farið yfir möguleika þess. Forritið er þeim kostum búið að það er hægt að setja upp á öllum "venjulegum" heimilistölvum og ekki þarf að versla annan búnað.

**Lengd námskeiðs:** 10 vikur
**Aldur:** 10-16 ára
**Kennarar:** Þorvaldur Bjarni, Vignir Snær og Gunnar Þór
**Verð: 46.000 kr.** (15% staðgreiðsluafsláttur)

Létt tónvinnslunám **fyrir 17 ára og eldri**

Á þessu námskeiði er farið ofan í helstu sálma framleiðslu auglýsingastefja, kvikmyndatónlistar og eigin tónsmíða. Stuðst er við tónlistarforritið Reason og farið yfir möguleika þess frá A-Z.

**Lengd námskeiðs:** 3 mánuðir
**Kennarar:** Þorvaldur Bjarni, Vignir Snær og Gunnar Þór
**Verð: 120.000 kr.** (15% staðgreiðsluafsláttur)

VATIKANID

Reykjavík Music Productions • Kringlan 7 • 103 Reykjavík • Iceland • Tel.: +354 534-9090 • Fax +354 534-9091 • info@reykjavikMP.com • www.reykjavikMP.com



## HRÓSIÐ

*...fær Reykvíska listaleikhúsið fyrir framúrskarandi frumsýningu á verkinu Penetreitor sem sýnt er í Klink og Bank út vikuna.*

## DÓTAKASSINN






**Sem er?** Í American Psycho rífust Patrick Bateman og samstarfsmenn hans um hver hefði flottasta nafnspjaldið. Í dag myndu þeir rífast um hver væri með flottasta farsímann. Nýjasta afrek Nokia í þeirri tækni er N90, sem nú er að koma á markaðinn. Það er óhætt að segja að Nokia-aðdáendur um allan heim eigi eftir að berjast um þennan og ef íslenska gemsaþjóðin er söm við sig verður hann rifinn út hér á landi.

**Hvernig virkar það?** Það sem er óvenjulegt við þennan síma er að það er hægt að snúa hausnum á honum. Þá hafa gæði myndanna sem hann tekur verið aukin töluvert, myndavélalinsurnar enda gerðar í samstarfi við Carl Zeiss, einhvern fremsta linsuframleiðanda heims. Hann tekur því gæðaljósmyndir sem hægt er að prenta út með Bluetooth-tækninni. N90 er einnig mjög góð myndbandsupptökuvél og minni símans verður stækkanlegt.

**Hvar fæst það?** Síminn er væntanlegur til Íslands á næstu vikum. Honum hefur verið gefin einkunn á nokkrum farsímanetsíðum og víðast hvar fengið góða dóma.

**Hvað kostar það?** Ekki er komið neitt verð á símann. Hann mun þó sennilegast kosta nokkra þúsundkalla.

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | 2 | 3 | | 4 | 5 |
| 6 | | | ■ | 7 | |
| 8 | | ■ | 9 | | |
| | ■ | 10 | | | ■ |
| ■ | 11 | ■ | 12 | | 13 |
| 14 | | | ■ | 15 | |
| 16 | | ■ | 17 | | |
| 18 | | | | ■ | |

**Lárétt:** **1** biskupsstafur, **6** á barnsaldri, **7** sérhljóðar, **8** tónn, **9** sprauta, **10** fæddu, **12** í röð, **14** fraus, **15** tveir eins, **16** belti, **17** reiðihljóð, **18** ósiðlegt tal.
**Lóðrétt:** **1** þvaður, **2** flana, **3** tveir eins, **4** fimur, **5** biblíunafn, **9** rándýr, **11** hæð, **13** dyr, **14** svaladrykkur, **17** varðandi.

**LAUSN**

**Lárétt:** **1** bagall, **6** ung, **7** ie, **8** la, **9** úða, **10** ólu, **12** fgh, **14** kól, **15** uu, **16** ól, **17** urr, **18** klám.
**Lóðrétt:** **1** bull, **2** ana, **3** gg, **4** liðugur, **5** lea, **9** úlf, **11** hóll, **13** hurð, **14** kók, **17** um.

## [ VEISTU SVARIÐ ]

Svör við spurningum á bls. 8

1. Vegna andstöðu við brottflutning ísraelskra gyðinga frá Gaza.
2. Agnes Sigurðardóttir.
3. 43 metrar á sekúndu.

LANDSBANKADEILDIN
DRAUMALIÐIÐ
TAKTU ÞÁTT Á VISIR.IS



**EDDA OG CONNERY** Vel fór á með Eddu Hrund, sem er önnur frá hægri, og Sean Connery í Skotlandi síðasta haust.

### SÓPRANSÖNGKONAN EDDA HRUND: DAÐRAÐI VIÐ SEAN CONNERY

# Sagðist ekki vera Bond-stúlka

Sópransöngkonan Edda Hrund Harðardóttir hefur verið ráðin til að syngja fyrir hið virta óperuhús í Zürich. Edda Hrund, sem er aðeins 26 ára, útskrifaðist fyrir skömmu úr mastersnámi í tónlist frá The Royal Scottish Academy of Music and Drama í Glasgow. Í kjölfarið var hún ein af tíu söngvurum sem fengu boð um að syngja í Zürich eftir að hafa komist í gegnum fjölmennt áheyrnarpróf sem var haldið í London, New York og Zürich.

„Mér gekk rosalega vel í áheyrninni og var eiginlega boðið starfið á staðnum. Þeir báðu mig samt um að halda mér frírri ef eitthvað myndi bjóðast. Ég hélt að þeir hlytu að fá mikið úrval af góðum söngvurum í London og New York en síðan fékk ég tilboð um að byrja í september,“ segir Edda Hrund, sem er fyrsti Íslendingurinn sem fær þennan samning.

Edda hefur sungið fyrir ýmis fyrirmenni í Skotlandi undanfarin tvö ár. Hún hefur margoft sungið fyrir borgarstjórann í Glasgow, þar á meðal í fámennu hófi sem var haldið síðasta haust. Á meðal fleiri fyrirmenna þar var forsætisráðherra Skotlands og kvikmyndastjarnan Sean Connery.

Edda spjallaði við Connery eftir tónleikana og tekin var mynd af þeim saman. „Hann sagði að ég væri svo myndarleg stúlka og að hann hefði verið hrifinn af söngnum,“ segir Edda. „Ég sagði þá að þó að ég væri ágætlega myndarleg væri ég nú engin Bondstúlka.“

Að sögn Eddu þróaðist spjall þeirra út í hálfgert daður og fór Connery að hvísla ýmsu í eyra hennar. „Hann var mjög skemmtilegur. Þegar ég var að kynna eitt af lögum um ungar meyjar bað hann mig um að bíða á meðan hann færi úr jakkanum,“ segir hún og hlær. Connery talaði einnig um vinskap sinn við Ólaf Ragnar Grímsson forseta og um íslensku sýninguna Rómeó og Júlíu sem þeir sáu saman í London. Connery sagðist aldrei hafa komið til Íslands en að hann hefði mikinn áhuga á því í framtíðinni.

Aðspurð segir Edda Hrund að óperuhúsið í Zürich ráði til sín efnilegt fólk sem sé nýútskrifað úr óperuháskólum eins og hún. Þar fær hún tækifæri til að sýna sig og sanna fyrir umboðsmönnum þekktra óperuhúsa af meginlandinu. „Ég vonast í framtíðinni til að geta komist á góðan samning og verið gestasöngvari í óperuhúsunum. Það væri gaman að geta flakkað um heiminn og þannig fær maður líka betra tækifæri til að semja við fleiri óperuhús,“ segir Edda, sem á framtíðina fyrir sér.

freyr@frettabladid.is

# Útgáfutónleikar í Danmörku

Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns stefnir á að halda útgáfutónleika vegna næstu plötu sinnar í Danmörku í lok október. Ekki er enn komið á hreint hvar tónleikarnir verða haldnir.

Sálin fór á dögunum í upptökuferð til Jótlands vegna plötunnar, sem kemur út um miðjan október, og fékk þá þessa hugmynd um að halda tónleika í Danmörku. „Ferðin gekk ljómandi vel og við tókum þarna upp bróðurpartinn af plötunni. Við verðum síðan að ljúka þessum upptökum smátt og smátt í sumar,“ segir Stefán Hilmarsson, söngvari Sálarinnar.

Til stendur að bjóða upp á pakkaferð fyrir Íslendinga á tónleikana en allar upplýsingar um hana eiga eftir að koma betur í ljós síðar.

Sálin spilar á Eskifirði næstkomandi laugardag og verða það einu tónleikar sveitarinnar á Austfjörðum á þessu ári. ■



**SÁLIN** Hljómsveitin Sálin hans Jóns míns er að ljúka upptökum á nýrri plötu.




FYLGSTU MEÐ!
SIRKUS

# SVARTI DREKINN ER MÆTTUR







## MEDION

MD95333

**MEDION X1 BLACK DRAGON**
- Intel® Celeron® M 360 örgjörvi
- 512MB DDR minni
- 40GB harður diskur
- Combo drif
- 802.11G 54Mbps þráðlaust net
- VGA tengi, 4x USB 2.0
- Lithium-Ion rafhlaða
- Þyngd 2,2 kg

**Örgjörvi Intel Celeron Mobile 1.4**
Öflugur en jafnframt hagkvæmur örgjörvi byggður á orkusparandi Centrino tækninni.

**Þráðlaust net**
Innbyggt 54Mbps netkort, vélin dettur beint inn á þráðlausa netið - ekkert snúruvesen.

**Létt og nett!**
Ótrúlega nett og létt vél. Geisladrifið er ekki mikið notað í dag og er því útvært – tölvan er því aðeins 2.2 kg!

**Notaðu tvo skjái**
Með þessari tækni getur þú stækkað skjáplássið til muna. Þægilegt ef verið er að vinna í mörgu í einu.

*2.168

FYRSTA GREIÐSLA 1.OKT

| 2.168* | 5.799 ** | 69.588 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## TOSHIBA Satellite




PSM40E-05001QED

**Toshiba Satellite M40-133**
- Intel® Centrino™ mobile tækni
- Intel® Pentium® M 730 (Dothan)
- 512MB DDR minni (Mest 2048MB)
- 60GB S.M.A.R.T. drif
- 15.4" Breiðtjaldsskjár (1280 x 8 00 upplausn)
- ATI MOBILITY RADEON X300 64MB DDR skjástýring
- Super DVD Multi brennari
- Sjónvarpsútganur, i.LINK® (IEEE 1394), Kortalesari
- Harman Kardon víðóma hátalarar
- 360 x 270 x 25 mm, 2.78 kg
- Lithium-ion, Allt að 3.7 klst. (Mobile Mark™)
- Intel® PRO/Wireless 2200 b/g 54Mbps
- 2 ára alþjóðleg ábyrgð á vinnu og varahlutum

**ATI X300 skjástýring**
ATI X300 er eitt öflugasta skjákortið sem fáanlegt er í fartölvur!

**Intel Pentium Centrino Dothan örgjörvi** Ný útgáfa af Centrino örgjörvanum sem afkastar allt að 22% meira

**15,4 Breiðtjaldsskjár**
Sjáðu alla myndina í góðri upplausn en hámarksupplausn er 1280 x 800 punktar.

**S.M.A.R.T**
Verndar gögnin þín. Með þessari tækni eru gögnin þín öruggari. Lætur þig vita af yfirvofandi bilun harða disksins.

**Super DVD skrifari**
Auðvelt er að afrita DVD. Skrifanlegir DVD diskar rúma allt að 7 falt gagnamagn miðað við eldri geisladiskana

**Harman Kardon hátalarar**
Harman Kardon er gæðamerki. Toshiba hefur notast við Harman Kardon hátlarar í sínum fartölvum í gegnum tíðina. Betri hljóm færð þú varla.

**SRS® TruSurround XT™**
Öflugir hátalarar sem gefa þér ríkt og vandað hljóð

**Flýtihnappar**
Hentugir flýtihnappar fyrir tónlist, MP3 og DVD afspilun

20th Toshiba Notebook PC

**Árið 1985 var fyrsta fartölva heimsins sett á markað af Toshiba. Toshiba hefur verið leiðandi í framleiðslu og þróun fartölva í 20 ár**

FYRSTA GREIÐSLA 1.OKT

4.473

| 4.473* | 12.999** | 155.988 |
|---|---|---|
| Tölvukaupalán 48 mán. | Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |




# BT

**Miðað við jafnar vaxtalausar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.

BT Skeifan • BT Kringlan • BT Smáralind • BT Hafnarfjörður • BT Spönginni • BT Akureyri • BT Egilsstaðir • BT Selfoss • BT Ísafjörður • www.bt.is • Sími 550 4444

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 550 5006, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**



**Trúlofunar- og giftingarhringir**



20% afsláttur
www.gunnimagg.is
Strandgötu 37 • Hafnarfirði • 565 4040

Talstöðin




**BAKÞANKAR**


**KRISTÍNAR HELGU GUNNARSDÓTTUR**


## *Útrásin*

Loks eru okkar menn komnir til Köben til að endurheimta eigurnar – ná til baka broti af því sem forfeður okkar lögðu af mörkum í dönsku samfélagi á sínum tíma. Illum og Magasín eru aðeins upphafið. Íslensku víkingarnir hafa tekið land í kóngsins Köben. Næst taka þeir Tívólí. Ekki væri heldur úr vegi að fjárfesta í Amalienborg og gera hana að sumarhöll víkinganna. Hún gæti verið orlofshús fyrir Bingófeðga eða heilsuhæli fyrir bugaða bankafursta.

**LITLA HAFMEYJAN** hlýtur líka að vera til sölu fyrir rétta verðið. Hana væri svo ósköp gaman að fá hingað heim og finna henni stað í öndvegi. Til dæmis mætti koma henni fyrir framan við Hringluna eða Sómalind eða leggja hana að fótskör Jóns Sigurðssonar á Austurvelli. Menn verða jú að fá útrás og ánægjulegust verður útrásin ef hún er til komin af uppsöfnuðum pirringi vegna aldalangrar kúgunar og einokunar. Sómadrengir þjóðarinnar, sverð hennar og skildir þurfa útrás og fylla vasa sína af gulli í leiðinni- hæ og hó og rommflaska með.

**LÁGLAUNALUFSURNAR** standa og góna- gapa yfir Tekjublaðinu sem sýnir lífsgæði hins íslenska aðals. Aumingjarnir eiga varla fyrir blaðinu- sameinast um eintök og dæsa yfir tölunum. Hvernig eru mannanna verk metin í okkar samfélagi? Er einhver einn einstaklingur svo dýrmætur að hann svitni fyrir tíu milljóna mánaðarlaunum? Er einhver svo ómetanlegur starfskraftur að dagsverk hans er hálfrar milljónar króna virði?

**LAUNARÆFILLINN** lítur í eigin barm og gerir sér vonandi grein fyrir því að dagsverk sumra er verðmætara en annarra. Að annast aldraða og sjúka, ræsta og kenna börnum lestur og lífsleikni er dútl og dundur sem menn eiga að stunda sér til skemmtunar. Þó má telja víst að útrásarvíkingarnir lenda flestir að lokum í fangi þeirra sem hlú að sjúklingum og gamalmennum. En hvað kemur það einum við hvað annar er með í buddunni sinni? Það ætti ekki að koma nokkrum manni við, líkt og einn þingmaður hafði á orði. Það kemur þó kannski þeim við sem spyrja sig daglega hvernig samfélagi þeir vilja búa í. Það kemur þeim við sem spyrja sig hvernig réttlæti þeir vilji búa við og hvernig þeir vilji meta verk karla og kvenna.


www.volkswagen.is




Umboðsmenn um land allt: Höldur hf., Akureyri, sími 461 6020 · HEKLA, Borgarnesi, sími 437 2100 · HEKLA, Ísafirði, sími 456 4666 · HEKLA, Reyðarfirði, sími 470 5100 · HEKLA, Reykjanesbæ, sími 420 5000 · HEKLA, Selfossi, sími 482 1416
HEKLA, Laugavegi 174, sími 590 5000
www.hekla.is, hekla@hekla.is

100% veðsetningarhlutfall

**Frjáls íbúðalán**

**4,15%**

4,15% verðtryggðir vextir

Engin skilyrði um önnur bankaviðskipti

Ráðgjafar okkar veita allar nánari upplýsingar.
Þú getur litið inn í Lágmúla 6, hringt í síma 540 5000 eða sent tölvupóst á frjalsi@frjalsi.is

FRJÁLSI
FJÁRFESTINGARBANKINN
www.frjalsi.is

Himinn og haf/SÍA